


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn







FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
6. október 2010
234. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000



## Sjúkir útrásarvíkingar

*Óskar Hrafn Þorvaldsson sendir í október frá sér bókina Martröð millanna.*

fólk 26



## Einstakt tækifæri

*Eyjólfur Sverrisson segir leikmenn U-21 landsliðsins tilbúna í Skotaleikina.*

sport 21




## veðrið í dag




**STREKKINGUR NV-TIL** og rigning en annars yfirleitt hægur vindur og úrkomulítið. Víða bjartviðri syðra. Hiti 7-15 stig.

VEÐUR 4

# Þverpólitísk vonbrigði

**Stjórn og stjórnarandstaða lýsa vonbrigðum hvor með aðra eftir fund um úrlausn skuldamála. Formaður Framsóknarflokksins kveðst hóflega bjartsýnn á framhaldið. Forsætisráðherra segir allt uppi á borðum.**

**STJÓRNMÁL** „Það olli mér vonbrigðum að heyra fulltrúa stjórnarandstöðunnar kalla þennan fund sýndarfund og það ber ekki vott um samstarfsvilja. Mér var full alvara og boðaði til samstarfsins af einlægni.“

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sem ásamt Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra fundaði með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna síðdegis í gær um samvinnu allra flokka um lausnir á skuldavanda fólks og heimila.

„Ég lagði upp með að stjórnarandstöðuflokkarnir ættu hver sinn fulltrúa í nefnd með fimm ráðherrum og það sýnir mikilvægið að fimm ráðherrar skuli sitja í henni. Stjórnarandstaðan átti að fá fulla aðild þar til málið væri til lykta leitt. Þau tóku ekki vel í þetta en ég vil ekki slá þetta út af borðinu.“

Fundur verður í nefndinni klukkan níu í dag og var stjórnarandstaðan boðuð til hans. „Ég veit ekki hvort þau mæta, það verður að koma í ljós,“ segir Jóhanna. Klukkan tíu eru Hagsmunasamtök heimilanna boðuð til fundar um málið í Stjórnarráðinu.

> Ég veit ekki hvort þau mæta, það verður að koma í ljós.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTTIR** FORSÆTISRÁÐHERRA

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir boð um samstarf nú í svipuðum dúr og hans flokkur lagði til síðasta vor. Ekkert hafi orðið af því þá. „Það er rætt um mikilvægi samráðs en svo verða engar breytingar. Ríkisstjórnin kemur með sín mál og ætlast til að við styðjum þau, sem við höfum gert í flestum tilfellum. Það sem hefur vantað er að tekið sé tillit til mála sem koma frá stjórnarandstöðunni.“

Jóhanna hafnar því að vilja aðeins ræða eigin hugmyndir að lausnum. „Ég sagði að ég vildi að allt yrði uppi á borðum. Þetta væri ekki bara okkar mál heldur líka þeirra. Uppboðsmálin eru númer eitt, tvö og þrjú, gengislánamálin koma líka til skoðunar, hugmyndir um niðurfellingu skulda, skattaleg meðferð slíkrar leiðar og margt fleira. Það veldur mér því vonbrigðum að stjórnarandstaðan hafi gengið út með þær yfirlýsingar að þetta hafi verið sýndarmennska af minni hálfu. Menn geta svo velt fyrir sér hvort þjóðstjórn sé skynsamleg lausn þegar þetta eru viðtökurnar þegar boðið er til samstarfs.“

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ríkisstjórnina ekki hafa kynnt neinar aðgerðir til að leysa vandamálin á þessum fundi. Sjálfstæðisflokkurinn hefði lagt fram sínar tillögur árið 2009 þar sem gert væri ráð fyrir að lækka greiðslubyrði um helming og lengja í lánum um þrjú ár. „Við munum aftur koma fram með tillögur í þessa veru í haust.“

Sigmundur Davíð kveðst, í ljósi reynslunnar, hóflega bjartsýnn á framhald samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu. „En eftir sem áður erum við til í að styðja öll góð mál sem frá ríkisstjórninni koma.“

- bþs, þj / sjá síðu 8




**LEIÐ Á BIÐINNI** Íbúar Norðlingaholts fjölmenntu í Ráðhúsið í gær til að mæla með því við borgaryfirvöld að ekki yrðu frekari tafir á byggingu Norðlingaskóla. Um 300 börn og fullorðnir úr hverfinu mættu á staðinn og fengu góðar móttökur hjá Jóni Gnarr borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framtakssjóður lífeyrissjóða:

## Hugsanlegt að selja erlendum fjárfestum hlut

**VIÐSKIPTI Erlendir aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa hlut í Framtakssjóði Íslands, sem sextán lífeyrissjóðir stofnuðu fyrir tæpu ári.**

**Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins, fagnar því ef erlendir aðilar fjárfesti í honum. Ekkert sé þó fast í hendi og málið í skoðun. „Það væri að mínu mati mjög jákvætt fyrir okkur að fá áhættufjármagn inn í landið með þeim hætti,“ segir hann.**

**Framtakssjóðurinn á 30 prósent í Icelandair Group og vinnur að áreiðanleikakönnun á kaupum á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum. Ekki liggur fyrir hversu stóran hlut kemur til greina að selja erlendum fjárfestum. Lífeyrissjóðirnir ætla að eiga meirihluta í honum og Landsbankinn hefur samið um kaup á þrjátíu prósentum.**

- jab / sjá Markaðinn

Nauðungaruppboð á heimilum tæplega 1.800 fjölskyldna auglýst á árinu:

## Engar tölur til um fjölda útborinna

**EFNAHAGSMÁL** Engar upplýsingar eru til yfir hversu margar fjölskyldur hafa verið bornar út af heimilum sínum á árinu, þrátt fyrir að mikið hafi verið rætt um mikinn fjölda útburðarkrafna. Sýslumenn hafa auglýst nauðungaruppboð á tæplega 1.800 heimilum það sem af er ári.

Á þeim heimilum sem auglýst hafa verið búa ríflega 3.000 einstaklingar, þar af um 1.200 börn, samkvæmt samantekt Creditinfo fyrir Fréttablaðið. Ekki er víst að allar þessar auglýsingar hafi leitt til þess að fólk hafi verið borið út. Hægt er að semja um skuldir eftir að uppboð hafa verið auglýst, auk þess sem fólk getur fengið að búa áfram í allt að tólf mánuði í húsnæði sem boðið hefur verið upp.

Dómsmálaráðuneytið vinnur nú að því að taka saman fjölda nauðungaruppboða sem sýslumenn landsins munu standa fyrir í október. Samkvæmt gögnum stefnir í að 420 uppboð verði í október.

Þrátt fyrir áform ráðuneytisins um að greina frá þær eignir sem eru í eigu einstaklinga er ekki hægt að lesa úr gögnunum nákvæmar upplýsingar um það. Eftir því sem næst verður komist eru um 260 uppboð á íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga fyrirhuguð í mánuðinum.

- bj / sjá síðu 4









**VEISTU SVARIÐ?**



*Margrét, var þjóðin húsmóðursjúk á þessum árum?*

„Já, í einu löngu, samfelldu húsmóðursýkiskasti. Það má segja að það hafi verið þema aldarinnar.“

Margrét Helgadóttir hélt í gær fyrirlestur um rannsókn sína á gullöld húsmæðra á Íslandi, frá 1945 til 1965.

Breytingar á nefndarskipan:

# Oddný stýrir fjárlaganefnd fyrst kvenna

**ALÞINGI** Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingunni, verður kosin nýr formaður fjárlaganefndar á fundi hennar á föstudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eftir því sem blaðið kemst næst hefur kona aldrei fyrr gegnt formennsku í nefndinni.



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**

Fyrri formaður, Guðbjartur Hannesson, hefur tekið við embætti heilbrigðis-, félags- og tryggingamálaráðherra og á því ekki sæti í þingnefndum.

Sæti Guðbjarts í nefndinni tekur Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Hann hefur tekið sæti á þingi á ný eftir leyfi sem hann tók sér í kjölfar útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. **- sh**



**SEÐLABANKASTJÓRI** Seðlabankinn gæti fengið tuttugu milljarða vegna skráningar skartgripafyrirtækis á markað í Danmörku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fá aukagreiðslu vegna FIH:

# Skráning skilar milljörðum

**VIÐSKIPTI** **Skráning danska skartgripaframleiðandans Pandora á hlutabréfamarkað í kauphöllinni í Kaupmannahöfn gekk vonum framar í gær og hækkaði gengi bréfa félagsins um 25 prósent, að sögn danska dagblaðsins Börsen.**

**Danski bankinn FIH átti tíu prósenta hlut í fjárfestingarsjóðnum Acel III, sem átti sextíu prósenta hlut í Pandora. Ákvæði í sölusamningi skilanefndar Kaupþings á FIH á dögunum felur í sér að hlutur bankans færist til skilanefndar og Seðlabanka Íslands. Útlit er fyrir að verðmæti hlutarins nemi hátt í einum milljarði danskra króna, jafnvirði tuttugu milljörðum íslenskra.** **- jab, fri**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Með snáka innan klæða

Tollgæslan lagði nýverið hald á þrjár lifandi köngulær af tarantúluætt og tvo keisarasporðdreka sem voru í farangri hjá farþega sem átti leið um Keflavíkurflugvöll. Í framhaldinu var gerð líkamsleit á viðkomandi og fundust þá fjórir snákar innan klæða hjá honum. Lagt var hald á dýrin og farið með þau samdægurs til förgunar að Keldum. Innflutningur á skriðdýrum er bannaður.

Eiturmengun úr álveri í Ungverjalandi kostar fjóra lífið og ógnar stóru svæði:

# Leðjan flæddi yfir þrjú þorp

**UNGVERJALAND, AP** Neyðarástandi var lýst yfir í þremur sveitarfélögum í Ungverjalandi í gær eftir að rauð og þunnfljótandi báxítmenguð eiturleðja flæddi um stórt svæði úr álverksmiðju.

Leðjan, sem er úrgangsafurð álverksmiðjunnar Ajkai Timfoldgyar, varð að minnsta kosti fjórum mönnum að bana, en sex að auki var saknað síðdegis í gær. Á annað hundrað manns þurftu á læknismeðferð að halda. Hundruð manna þurftu að forða sér að heiman og bjarga þurfti um hundrað manns undan eiturleðjunni, sem flæddi um allt. Í leðjunni eru efni sem brenna sig í gegnum föt og veldur alvarlegum brunasárum.

Síðdegis í gær höfðu um milljón rúmmetrar af leðjunni flætt út úr verksmiðjunni, sem er í bænum Ajkai suðvestur af höfuðborginni Búdapest, og breiðst út um fjörutíu ferkílómetra svæði. Á því svæði eru þrjú þorp, en hætta er á að leðjan fari víðar og jafnvel út í fljótin Dóná og Raba.

Unnið var að því í gær að dæla fleiri hundruð tonnum af gifsi út í ána Marcal til að stöðva flæði leðjunnar. **- gb**



**ÍBÚI KANNAR ÁSTANDIÐ** Þunnfljótandi leðjan brennir sig í gegnum föt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bætt lífskjör en minna frelsi:

# Pólitísk réttindi minni en áður

**AFRÍKA** Hagvöxtur í Afríku er meiri en í fyrra en pólitísk réttindi Afríkubúa eru minni.

Þetta er niðurstaða Mo Ibrahim vísitölunnar sem birt er árlega. Vísitalan greinir ríki Afríku eftir 88 mælikvörðum sem ná allt frá mælikvarða á spillingu til mælikvarða á menntun íbúa.

Máritíus trónir á toppi vísitölunnar en Sómalía er neðst. Þróun vísitölunnar bendir til þess að framfarir hafi orðið í efnahags- og heilbrigðismálum í álfunni en að pólitísk réttindi séu skert. **- mþl**



**CARS IN RIVERS** Sigurður Ó. Sigurðsson segist hafa tekið ljósmyndina sem hér er sýnd útdregin og stækkuð úr verkinu sem Ólafur Elíasson gaf þjóðinni og sýnir hrakninga ökumanna í ýmsum íslenskum vatnsföllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýnir og gefur myndir án leyfis höfundanna

**Sumar ljósmyndanna í verki Ólafs Elíassonar, Cars in Rivers, sem nú er til sýnis á Listasafni Íslands og Ólafur færði íslensku þjóðinni að gjöf, eru notaðar án leyfis. Ferðafélag Íslands heimilaði notkun mynda án samráðs við ljósmyndarana.**

**MENNING** Ljósmyndir eftir tvo myndasmiði sem eru í verki Ólafs Elíassonar, Cars in Rivers, eru notaðar án heimildar höfundanna. Þær myndir eru úr albúmi sem skálaverðir Ferðafélags Íslands í Langadal í Þórsmörk settu saman.

„Ég gaf Ferðafélaginu eintök af myndunum mínum í albúmi en það er ekki þar með sagt að ég hafi gefið þeim leyfi til að framselja þær hverjum sem er. Það hlýtur að vera sá sem fær verkið á endanum sem hlýtur að bera ábyrgð á því að fá leyfin. Aldrei dytti mér í hug að taka mynd eftir annan mann og búa til annað verk úr henni og gefa án þess að spyrja um leyfi,“ segir Sigurður Ó. Sigurðsson, áhugaljósmyndari og fyrrverandi skálavörður, sem tók eina myndanna fyrir um tíu árum.

„Við erum með þessar myndir á heimasíðunni okkar. Ólafur sá þær þar og fékk þær hjá okkur,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Páll segist ekki vita hver hafi tekið umræddar myndir eða eigi höfundarréttinn að þeim. Ekki hafi verið reynt að kanna hverjir myndasmiðirnir væru. „Það hefði verið langsótt að finna út úr því hver tók þær,“ segir hann.

Sigurður segir hins vegar að ekkert mál hafi verið að finna myndasmiðina. „Ég til dæmis veit hver tók nánast allar myndirnar í þessari möppu. Mér finnst þetta bara léleg vinnubrögð,“ segir Sigurður.

Auk myndar Sigurðar er Fréttablaðinu kunnugt um að minnsta kosti fjórar myndir úr Ferðafélagsalbúminu sem eru í verki Ólafs án þess að leyfi hafi verið gefið. Ekki náðist í höfund þeirra mynda.

Cars in Rivers byggir á 35 ljósmyndum af bílum í hrakningum í íslenskum ám. Oftast sendu ljósmyndararnir myndirnar inn sjálfir að áeggjan Ólafs, að sögn Barkar Arnarsonar hjá I8 galleríi sem vann að verkefninu með Ólafi. Börkur segir einkennilegt að einhverjir telji að myndir þeirra séu notaðar í óleyfi.

„Það er náttúrlega mjög óheppilegt ef félög hafa sent okkur myndir sem þau hafa ekki rétt á að láta okkur hafa. Það var öllum gert mjög skýrt til hvers myndirnar voru ætlaðar og að Ólafur hygðist gefa Listasafni Íslands verkið,“ segir Börkur og hvetur viðkomandi ljósmyndara til að hafa samband.

„Allir þeir sem eiga mynd í verkinu fá signerað verk frá Ólafi eins og um var talað þannig að ég hvet þetta fólk til að leita til okkar,“ segir Börkur, sem kveður Ólaf vilja taka það fram að ef viðkomandi ljósmyndari sé óáægður með að hafa mynd sína í verkinu sé ekkert mál að fjarlægja hana.

„Ef Ólafur er að biðja mig um leyfi fyrir að nota myndina þá gef ég það – eins og ég hefði alltaf gert ef ég hefði bara verið beðinn,“ svarar Sigurður Ó. Sigurðsson.

**gar@frettabladid.is**

Fyrirbyggjandi aðgerðir í Reykjavíkurborg vegna yfirvofandi mótmæla:

# Bekkjum forðað tímabundið

**REYKJAVÍK** Starfsmenn Umhverfis sviðs Reykjavíkurborgar fjarlægðu í gær nokkra garðbekki af Austurvelli. Sjö bekkir voru bornir á bálið á mótmælunum síðastliðið mánudagskvöld og því var ákveðið að fjarlægja þá sem eftir voru tímabundið, til að fyrirbyggja frekari skemmdir.

Í samtali við Fréttablaðið sagði talsmaður umhverfissviðs að kostnaður við hvern bekk, með uppsetningu, væri 130.000 krónur. Þá námu skemmdir á grasi um 200.000 krónum. **- þj**



**FLÓTTABEKKIR** Starfsmenn borgarinnar fjarlægðu garðbekki af Austurvelli til að þeir yrðu ekki skemmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Andlát Andrésar Tómassonar:

# Þakka björgunarsveitarfólki

**ANDLÁT** **Ættingjar Andrésar Tómassonar, sem fannst látinn í Kleifarvatni í fyrradag, vilja koma á framfæri innilegum þökkum til lögreglu, björgunarsveita og allra þeirra sem tóku þátt í leitinni með einum eða öðrum hætti.**

**Í þakkarskeyti segja ættingjarnir að þeir hafi gengið í gegnum erfiðan tíma, sérstaklega vegna óvissunnar um afdrif Andrésar. Það hafi því verið mjög styrkjandi og gott að vita af svo mörgu góðu fólki sem lagði sig fram af einlægni og fórnfýsi til að hann mætti finnast og óvissunni yrði létt af.**

Umboðsmaður barna ályktar:

# Hlífa á börnum við mótmælum

**FÉLAGSMÁL** Almennt er ekki rétt að börn séu höfð með á mótmæli, að mati umboðsmanns barna. „Þó að það sé brýnt að þjálfa börn í lýðræðislegri þátttöku voru aðstæður þetta kvöld ekki við hæfi barna,“ segir í tilkynningu frá embættinu.



**MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR**

Í því sambandi bendir umboðsmaður á að aldrei beri að nota börn til að koma skoðunum annarra á framfæri. Þá sé mikilvægt að valda börnum ekki óþarfa áhyggjum, eyru þeirra séu viðkvæm fyrir hávaða og ómögulegt sé að vita hvenær friðsamleg mótmæli breytist í hættulegar aðstæður. Börn læri sömuleiðis það sem fyrir þeim sé haft og skemmdarverk og ofbeldi séu ekki vænleg leið til að kenna börnum góð samskpti. **- sh**

Framleiða vistvænt eldsneyti:

# Búa til eldsneyti úr steikingarolíu

**IÐNAÐUR** **Nýsköpunarfyrirtækið Orkey á Akureyri mun nú í október hefja framleiðslu á vistvænu eldsneyti, lífdísil, sem er að mestu unnið úr úrgangssteikingarolíu og dýrafitu, en einnig úr öðrum úrgangi.**

**Stefnt er að framleiðslu á 300 tonnum af lífdísil á fyrsta starfsárinu og er áætlað að fyrst um sinn muni starfsemi Orkeyjar skapa 2-3 ársverk auk nokkurra afleiddra starfa.**

**Fyrirtækið Orkey ehf. var stofnað í febrúar árið 2007 og hefur síðan þá kannað ýmsa möguleika á framleiðslu lífdísils.**

**Tilgangur Orkeyjar er að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og notkun endurnýjanlegra orkugjafa.** **- shá**

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

# Að smyrja eða ekki smyrja.

## Það er smurningin.




## Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | Kópavogi | Sími: 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | Sími: 460-4300 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | Sími: 420-6600 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | Sími: 480-8000 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | Sími: 455-4570 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | Sími: 577-7080 |
| Bílatangi Ísafirði | Suðurgata 9 | Ísafirði | Sími: 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | Akranesi | Sími: 431-5050 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | Sími: 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstaðir | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

## GENGIÐ 05.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,90 | 112,44 |
| Sterlingspund | 177,66 | 178,52 |
| Evra | 154,13 | 154,99 |
| Dönsk króna | 20,673 | 20,793 |
| Norsk króna | 19,151 | 19,263 |
| Sænsk króna | 16,621 | 16,719 |
| Japanskt jen | 1,3412 | 1,3490 |
| SDR | 174,57 | 175,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 205,8609

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjölmargir binda enda á líf sitt á opinberum stöðum í Bandaríkjunum:

# Vilja koma í veg fyrir sjálfsvíg

**BANDARÍKIN, AP** Yfirvöld í nokkrum bandarískum borgum leita nú leiða til að koma í veg fyrir sjálfsvíg á opinberum stöðum.

Í San Fransisco hafa að minnsta kosti átta manns stokkið fram af Golden Gate brúnni í ár, en um 1.300 frá upphafi. Samþykkt hefur verið að strengja stálnet fyrir neðan brúna til að koma í veg fyrir sjálfsvíg. Svipað er uppi á teningnum í New York, þar sem skoðuð eru öryggisnet og aðrar hindranir.

Lögreglan í New York fékk yfir 640 tilkynningar um fólk sem stökk eða hótaði að stökkva fram af húsum og brúm í borginni fyrstu átta mánuði ársins. Það er 27 prósentum meira en í fyrra.

Tveir menn hafa stokkið af George Washington brúnni í New York á síðustu tveimur vikum. Þá hafa nokkrir stokkið fram af Empire State byggingunni og Brooklynbrúnni á þessu ári. Í Empire State er há öryggisgirðing og mikill fjöldi öryggisvarða, en þrátt fyrir það hefur yfir þrjátíu manns tekist að stökkva fram af útsýnispallinum á 86. hæð. Geðlæknar sem rannsaka sjálfsmorð segja að þeir sem vilji binda enda á líf sitt á opinberan hátt velji fræg mannvirki þar sem það sé líklegra til að vekja athygli fjölmiðla. - þeb



**GOLDEN GATE** Að minnsta kosti 1.300 manns hafa stokkið fram af Golden Gate brúnni í San Francisco. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra í Singapúr:

# Ræddi við Yeo um samstarf

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra átti í gær fund með utanríkisráðherra Singapúr, George Yeo, sem kom í opinbera heimsókn til Íslands.**

**Þeir ræddu samskipti og viðskipti ríkjanna, sem hafa gert með sér loftferða- og fríverslunarsamning, þann síðarnefnda með öðrum EFTA-ríkjum.**

**Þá ræddu þeir mögulegt samstarf í orkumálum og málefni norðurslóða, en Singapúr er leiðandi í sjóflutningum.** - gb



**UMBOÐSMAÐUR SKULDARA** Eftirlitsnefnd vill tryggja umboðsmanni skuldara nægt starfsfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Endurreisnin gengur hægt:

# Fáir fá sértæka skuldaaðlögun

**EFNAHAGSMÁL** Eingöngu 128 einstaklingar hafa gengið frá endanlegum samningum um sértæka skuldaaðlögun og 51 fyrirtæki í farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í skýrslu eftirlitsnefndar um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Skýrslan var kynnt ríkisstjórn og formönnum stjórnarandstöðuflokkanna í gær. Í skýrslunni er hægagangurinn gagnrýndur og mælt með aðgerðum til að flýta fyrir skuldaaðlögun jafnt einstaklinga sem fyrirtækja. - jab

Bandarísk loftárás í Pakistan:

# Talin tengjast hryðjuverkaógn

**ÞÝSKALAND, AP Þýskir embættismenn láta fátt uppi um bandaríska flugskeytaárás í fjallahéruðum Pakistans. Embættismenn í Pakistan segja að fimm Þjóðverjar hafi látið lífið.**

**Talið er að hópur Breta og Þjóðverja, sem hafi tekið þátt í skipulagningu hryðjuverka í Evrópu, sé á þessum slóðum. Ekki hefur verið látið uppi hvort þeir látnu séu úr þeim hópi. Breskir og bandarískir ferðamenn hafa verið varaðir við hættu í nokkrum Evrópulöndum.** - gb

# Um 400 uppboð í september

**Sýslumenn auglýstu uppboð á heimilum ríflega 400 fjölskyldna í september. Þeir hafa auglýst uppboð á tæplega 1.800 heimilum á árinu. Um 260 uppboð á íbúðarhúsnæði einstaklinga eru fyrirhuguð í október.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hversu margir hafa misst heimili sín á nauðungaruppboðum á árinu?

Sýslumenn á landinu auglýstu nauðungaruppboð á heimilum 409 fjölskyldna í september samkvæmt samantekt Creditinfo. Það sem af er ári hafa sýslumenn auglýst uppboð á heimilum samtals 1.784 fjölskyldna.

Þetta þýðir þó ekki að allar þessar fjölskyldur hafi verið bornar út af heimilum sínum. Mögulegt er að semja um skuldirnar fram að uppboði, auk þess sem fólk á rétt á því að búa áfram á heimilinu í allt að tólf mánuði. Fólk þarf að borga leigu, og yfirleitt tryggingu, sem getur reynst erfitt fyrir fólk sem er að missa húsnæðið sitt.

Í september voru að auki boðnar upp 147 eignir í eigu fyrirtækja. Samtals hafa verið boðnar upp 836 eignir í eigu lögaðila á árinu, samkvæmt samantekt Creditinfo.

Alls eru í það minnsta 403 nauðungaruppboð fyrirhuguð hjá sýslumönnum í landinu í október, samkvæmt samantekt sem unnin var í dómsmálaráðuneytinu. Sýslumennirnir flokka uppboðin á misjafnan máta, en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst gætu um 260 af þessum uppboðum verið vegna íbúðarhúsnæðis einstaklinga.

Enginn virðist vita hversu margir hafa misst heimili sín á nauðungaruppboðum á árinu. Fjöldi uppboða er þekktur, og sýslumenn hafa upplýsingar um hversu margar eignir voru seldar, en þeim upplýsingum er ekki miðlað áfram til dómsmálaráðuneytisins í neinum smáatriðum.

Til dæmis reyndist það þrautin þyngri að fá upplýsingar um nauðungaruppboð á árinu sundurliðuð eftir því hvort um íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði var að ræða.

Fréttablaðið óskaði í gær eftir upplýsingum frá öllum sýslumannsembættum landsins um nauðungaruppboð á síðustu tólf mánuðum. Óskað var eftir því að tölur yfir íbúðarhúsnæði sem boðið hefur verið upp yrðu sundurliðaðar eftir því hvort það var í eigu fyrirtækja eða einstaklinga. Þá var óskað eftir sundurliðun á því hvort einstaklingarnir bjuggu sjálfir í húsnæðinu eða hvort þeir leigðu það út.

Ekki bárust svör frá öllum embættum, og í mörgum tilvikum gátu þau embætti sem svöruðu ekki sundurgreint uppboðin á þennan hátt. Hjá þeim embættum sem gátu sundurgreint tölurnar var nokkuð oft um að ræða húsnæði sem aðrir en eigendurnir bjuggu í, hvort sem íbúarnir leigðu af einstaklingi eða fyrirtæki. Þá stóðu íbúðirnar í sumum tilvikum auðar.

Sem dæmi má nefna að Sýslumaðurinn á Seyðisfirði hefur á síðustu tólf mánuðum boðið upp 76 húseignir, þar af 69 íbúðir.

Í 56 tilvikum var um að ræða leiguhúsnæði þar sem eignarhaldsfélög áttu íbúðirnar þannig að eigendur fluttu ekki úr þeim íbúðum. Í sex tilvikum var um að ræða húsnæði sem ekki var fullbyggt. Í fjórum tilvikum bjuggu leigjendur í húsnæði í eigu einkaaðila. Í þremur tilvikum bjuggu íbúar í eigin húsnæði.

brjann@frettabladid.is

### Alls 436 í Keflavík

Athygli vekur að Sýslumaðurinn í Keflavík hefur boðið upp 436 eignir það sem af er árinu, íbúðarhúsnæði í 393 tilvikum. Það gerir ríflega 20 uppboð á hverja 1.000 íbúa á Suðurnesjum.

Í Reykjavík hafa á síðustu tólf mánuðum verið boðnar upp 320 eignir, umtalsvert færri en á Suðurnesjum þrátt fyrir að tímabilið sé tólf mánuðir, en ekki níu eins og í tölunum frá Sýslumanninum í Keflavík, og íbúar séu margfalt fleiri. Það gerir tæplega þrjú uppboð á hverja 1.000 íbúa.

### Tíðni nauðungaruppboða




### Færri ná að semja eftir fyrsta uppboð

Í nauðungarsölu felst að eign er seld á uppboði til greiðslu á skuldum sem á henni hvíla. Sýslumenn sjá um nauðungarsölur að beiðni þeirra sem eiga veð í eigninni. Eignin er þó ekki seld strax. Fyrst fer fram byrjunaruppboð á skrifstofu sýslumanns. Óskað er eftir tilboðum í eignina, en hún þó ekki slegin hæstbjóðanda. Eftir þetta skref getur eigandi áfram reynt að semja við lánardrottna og í mörgum tilvikum tekst það.

Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo hefur undanfarin ár tekist að semja um skuldina í tveimur af hverjum þremur tilvikum eftir að fyrsta uppboð fer fram. Í ár hefur hlutfallið breyst og aðeins hefur tekist að semja í um 44 prósentum tilvika.

Takist ekki að semja fer fram svokallað framhaldsuppboð. Það fer fram á eigninni sjálfri. Það er hin eiginlega nauðungarsala, þar sem eignin er slegin hæstbjóðanda.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FÍNT VEÐUR Á LANDINU** í dag en norðvestanlands verður strekkingur og væta fram eftir degi. Það gengur í hæga suðlæga átt á morgun og þá hlýnar eilítið fyrir norðan. Svipað veður á föstudag en þá eru horfur á björtu veðri fyrir norðan en smá vætu suðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 19° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 12° |
| París | 21° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Næsta skref varðandi bílalánið þitt

**Við höfum nú endurreiknað hluta af bílalánum, bílasamningum og kaupleigu-samningum í erlendri mynt í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010. Lánasamningur verður útbúinn um þá fjárhæð sem stendur eftir ógreidd að endurútreikningi loknum.**

Framkvæmd endurútreiknings verður í nokkrum áföngum, eftir stöðu lána:

## 1 Lán með sama greiðanda frá upphafi

Viðskiptavinir sem hafa verið greiðendur á láni frá útgáfudegi geta nú skoðað endurútreikning á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar. Þú skráir þig inn á slóðinni www.islandsbanki.is/fjarmognun með kennitölu og lykilorði sem sent hefur verið í netbankann þinn og er að finna undir „Netyfirlit“ eða „Rafræn skjöl“. Ef þú lendir í vandræðum með að finna lykilorðið þá getur þú haft samband við viðskiptabanka þinn.

Ef þú átt inneign hjá Íslandsbanka Fjármögnun getur þú lækkað lánið þitt um þá fjárhæð með inn-borgun á höfuðstól þess, eða kosið að fá inneign þína greidda inn á bankareikning. Hafir þú van-greitt verður þeirri upphæð bætt við lánið.

Endurútreikningar vegna lána í fyrsta áfanga verða aðgengilegir á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar til 5. nóvember nk.

## 2 Uppgreidd lán

Þeir sem hafa greitt upp lán sín hjá Íslandsbanka Fjármögnun munu geta skoðað endurútreikninga þegar vinnu við fyrsta áfanga lýkur, en reiknað er með að það verði í nóvember næstkomandi.

## 3 Yfirtekin lán

Enn er óvissa um meðhöndlun uppgjörs á yfirteknum lánum. Um leið og þeirri óvissu hefur verið eytt mun Íslandsbanki Fjármögnun tilkynna viðskiptavinum sínum hvernig haga skuli uppgjöri.

Nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/fjarmognun. Þér er velkomið að hafa samband við ráðgjafa Íslandsbanka Fjármögnunar og ráðgjafa Íslandsbanka um land allt.

Íslandsbanki gerir þann fyrirvara við ofangreint að verði boðað frumvarp viðskiptaráðherra að lögum getur það haft áhrif á útreikning og uppgjör lána.



### Ferli í fyrsta áfanga

- **A** Endurútreikningur lána með sama greiðanda frá upphafi er nú aðgengilegur á vef okkar
- **B** Þú undirritar ný lánaskjöl og skilar til Íslandsbanka
- **C** Uppgjör fer fram

Íslandsbanki Fjármögnun
islandsbanki.is/fjarmognun
fjarmognun@islandsbanki.is
Kirkjusandi – 155 Reykjavík
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# FRÉTTASKÝRING: Yfirlit úrræða fyrir einstaklinga og fjölskyldur í greiðsluvanda

### 1 Umboðsmaður skuldara
Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, sett á fót 1. ágúst 2010 samkvæmt lögum nr. 100/2010 um embættið. Umboðsmaðurinn gætir hagsmuna og réttinda skuldara.

### 2 Úttekt séreignarlífeyrissparnaðar fyrir 60 ára aldur
Allir sem eiga séreignarlífeyrissparnað geta leyst hann út að hluta, að hámarki 2,5 milljónir króna, óski þeir eftir því. Fjárhæðin er greidd út í áföngum. Heimild til þess að leysa út séreignarlífeyrissparnað er tímabundin og nær til tímabilsins 1. mars 2009 – 1. apríl 2011.

### 3 Úttekt séreignarlífeyrissparnaðar einstaklinga, 60 ára og eldri
Allir sem hafa lagt fyrir séreignarlífeyrissparnað geta leyst hann út við 60 ára aldur. Heimilt er að taka hann út í einu lagi eða dreifa úttektinni með reglulegum greiðslum til lengri tíma.

### 4 Bílalán – Greiðslujöfnun bílalána og bílasamninga
Hinn 16. júní 2010 kvað Hæstiréttur upp tvo dóma er vörðuðu lögmæti gengistryggðra lána. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að í þeim samningum aðila sem um var fjallað væri ótvírætt um að ræða skuldbindingar í íslenskum krónum. Samningarnir féllu því undir lög nr. 38/2001 sem heimiluðu ekki að lán í íslenskum krónum væri verðtryggt með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla.

Greiðslujöfnunin miðaði að því að færa greiðslubyrði af gengis- og verðtryggðum bílalánum/bílasamningum í svipað horf og hún var í maí 2008.

- Dómar Hæstaréttar hafa þau áhrif að öll myntkörfulán einstaklinga, hvort sem það er til bíla- eða fasteignakaupa, verða reiknuð upp. Sú vinna stendur yfir en lánafyrirtæki sendu út fyrstu greiðsluseðlana um mánaðamótin. Hæstiréttur hefur úrskurðað að samningsvextir standi ekki. Við endurútreikning lánanna eru hagstæðustu Seðlabankavextir notaðir við að ákvarða stöðu hvers láns fyrir sig.



### 5 Fasteignaveðlán – Vanskilum skuldbreytt í nýtt lán
Skuldbreyting vanskila með skuldbreytingarláni er eingungis ætluð þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna fasteignaveðlána.

Heimild: Island.is

### 6 Fasteignaveðlán – Greiðslujöfnun gengistryggðra húsnæðislána
Sjá 4 um dóma Hæstaréttar um bílalán.

### 7 Fasteignaveðlán – Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána
Greiðslujöfnun er leið til að létta tímabundið greiðslubyrði af reglulegum afborgunum lánsins með því að tengja þær greiðslujöfnunarvísitölu í stað vísitölu neysluverðs. Í greiðslujöfnunarvísitölunni er vegin saman launaþróun og þróun atvinnustigs. Lánið er eftir sem áður bundið vísitölu neysluverðs og breytist höfuðstóll lánsins í samræmi við hana. Meðan greiðslujöfnunarvísitalan er lægri en vísitala neysluverðs eru afborganir lægri sem því svarar. Mismunurinn leggst á sérstakan jöfnunarreikning sem greiðist í lok lánstímans þannig að lánstíminn lengist og afborgunum fjölgar. Lánstíminn verður þó aldrei lengri en þrjú ár umfram.



### 8 Fasteignaveðlán – Samningur um uppgjör vanskila með greiðsludreifingu í 18 mánuði
Samningar um uppgjör vanskila með greiðsludreifingu eru ætlaðir þeim sem komnir eru í vanskil með afborganir af fasteignaveðlánum. Gerður er samningur um að dreifa vanskilunum á tiltekinn tíma.

### 9 Fasteignaveðlán – Afborgunum frestað í 1-3 ár (frysting láns)
Þeir sem eiga í greiðsluerfiðleikum geta átt þess kost að fá afborgunum af fasteignaveðlánum frestað í eitt ár í senn, samtals í allt að þrjú ár. Þetta á við hvort sem lánveitandinn er Íbúðalánasjóður, banki, sparisjóður eða lífeyrissjóður. Unnt er að sækja um frestun afborgana af höfuðstóli lánsins en greiða af því vexti og verðbætur meðan á frestunartímanum stendur eða sækja um frestun afborgana að fullu.

### 10 Fasteignaveðlán – Skuldbreyting vanskila og frestun afborgana
Eigi fólk í greiðsluvanda og er komið í vanskil með fasteignaveðlán getur það átt kost á því að fá vanskilunum skuldbreytt jafnframt því sem afborgunum af láninu er frestað í allt að þrjú ár.



### 11 Fasteignaveðlán – Lenging lánstíma
Þeir sem eiga í greiðsluerfiðleikum geta átt þess kost að fá upphaflegan lánstíma fasteignaveðláns lengdan. Með því að lengja lánstíma fasteignaveðláns lækkar mánaðarleg greiðslubyrði lánsins en til lengri tíma litið verða heildargreiðslur af láninu hærri en annars hefði orðið.

### 12 Fasteignaveðlán – Afborgunum frestað vegna sölutregðu (frysting láns)
Þeir sem keypt hafa fasteign en hefur ekki tekist að selja eign sem þeir eiga fyrir, geta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fengið frestun á afborgunum fasteignaveðlána sem hvíla á eignunum, annarri þeirra eða báðum. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja og eru með lán sem hvílir á nýbyggingunni og/eða þeirri eign sem ekki hefur tekist að selja.

### 13 Sértæk skuldaaðlögun fyrir einstaklinga (framkvæmd af aðalviðskiptabanka)
Sértæk skuldaaðlögun er ætluð einstaklingum og felur í sér samning milli kröfuhafa og lántaka um leið til að laga skulda- og eignastöðu lántakans að greiðslugetu hans. Lántakinn greiðir af skuldum sínum eftir greiðslugetu en kröfuhafar geta fallist á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim kröfum sem eru umfram.

Gert er ráð fyrir sölu eigna umfram það sem nauðsynlegt er til venjulegs heimilishalds en miðað við að í lok skuldaaðlögunartímabilsins haldi lántakinn hóflegu íbúðarhúsnæði og einum bíl með viðráðanlegri greiðslubyrði.

Sértæk skuldaaðlögun er ætluð einstaklingum í verulegum greiðsluvanda sem sýnt er að geti ekki staðið að fullu undir skuldbindingum sínum um fyrirsjáanlega framtíð.

Sértæk skuldaaðlögun kemur ekki til greina ef önnur og vægari úrræði duga til að leysa vandann.



### 14 Eignaráðstöfun - Tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota
Einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili í getur óskað eftir því við umboðsmann skuldara að annarri eigninni verði ráðstafað til veðhafa. Þannig er úrræðinu ætlað að leysa vanda þeirra einstaklinga sem hafa tvær eignir til umráða en geta ekki selt aðra þeirra. Úræðið fellur úr gildi 31. desember 2011.

### 15 Greiðsluaðlögun
Markmið greiðsluaðlögunar er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar.



### 16 Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna (úrskurður fyrir dómi)
Þeir einstaklingar sem þurfa ekki á heildarskipulagningu fjármála sinna að halda, en eiga í greiðsluerfiðleikum vegna skulda sem hvíla á íbúðarhúsnæði sínu geta leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra skulda sem hvíla á húsnæðinu og getur hún staðið í allt að fimm ár.

Skilyrði greiðsluaðlögunar er að viðkomandi sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu veðskulda sinna.

### 17 Frestun á beiðni um gjaldþrotaskipti og frestun nauðungarsölu
Þann 31. mars 2009 tóku gildi breytingar á lögum um aðför, nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti og vexti og verðtryggingu. Markmið lagasetningarinnar er að tryggja að þeir sem eiga í erfiðleikum með að standa skil á fasteignaveðlánum fái rýmri frest til að endurskipuleggja fjármál sín.

Einstaklingur sem stendur frammi fyrir því að húsnæði í hans eigu, og þar sem hann heldur heimili, verði selt á nauðungarsölu getur óskað eftir því við sýslumann að nauðungarsölu þ.e. framhaldsuppboði verði frestað í allt að þrjá mánuði. Heimilt er að óska eftir þessum fresti fram til 31. október 2010.

### 18 Staða skuldara við gjaldþrotaskipti og nauðungarsölu
Alþingi samþykkti 10. júní 2010 lög um bætta réttarstöðu skuldara. Með þeim var m.a. lögfest til frambúðar ákvæði sem áður var sett til bráðabirgða með lögum nr. 23/2009 um heimild skiptastjóra til að heimila einstaklingi sem tekinn er til gjaldþrotaskipta að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu þrotabúsins í allt að tólf mánuði. Sama á við þegar íbúðarhúsnæði er selt nauðungarsölu en þá getur eigandi húsnæðis fengið að vera þar áfram í tiltekinn tíma sem að öllu jöfnu yrði ekki lengri en sex mánuðir og aldrei lengri en tólf mánuðir.

## Mál til vinnslu hjá umboðsmanni skuldara 1. október 2010




Miðborgin okkar

Félagsfundur í kvöld kl. 18:15
í Ráðhúsinu

Starfið framundan
Allir velkomnir.

Stjórnin

# Kallað eftir nýrri hugsun

**Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á mánudagskvöld að húsnæðis- og skuldamál væru forgangsverkefni. Til þess yrðu allir sem vettlingi geta valdið kallaðir til samráðs og þeirra á meðal aðilar vinnumarkaðarins og Hagsmunasamtök heimilanna. En hvaða hugmyndir koma þessi samtök með að borðinu?**


GYLFI ARNBJÖRNSSON


MARINÓ G. NJÁLSSON

> Það liggur jafnframt fyrir að það verður að færa þessar skuldir niður. En við höfum lagt áherslu á að það verði gert á grundvelli eignarstöðu og greiðslugetu.
>
> GYLFI ARNBJÖRNSSON
> FORSETI ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, segir augljóst að illa hafi gengið að ráða fram úr skuldamálum heimilanna. Hann tekur undir með forsætisráðherra að þar eigi bankarnir ríka sök. „Við teljum að réttarstaða okkar umbjóðenda og heimilanna í landinu verði treyst. Það tókst að nokkru leyti í vor og samningsstaðan gagnvart bönkunum er traustari til dæmis með embætti Umboðsmanns skuldara. Það liggur jafnframt fyrir að það verður að færa þessar skuldir niður. En við höfum lagt áherslu á að það verði gert á grundvelli eignarstöðu og greiðslugetu.“

Gylfi segir að verkalýðshreyfingin leggi mikla áherslu á að félagslegt íbúðarhúsnæði verði aukið. „Það er ljóst að sífellt fleiri þurfa að fá aðstoð við að búa í húsnæði sem þeir ráða við. Það verður einfaldlega að leggja fjármuni fram sem gerir slíkt mögulegt. Það verður heldur ekki gert á markaðslegum forsendum. Ríkið verður að taka það að sér að greiða niður slíkt húsnæði.“

Samráð hefur mikið verið til umfjöllunar, ekki síst í tengslum við stöðugleikasáttmálann. Gylfi segir það vonbrigði hversu lítil innistæða hefur verið fyrir mörgu sem komið hefur frá stjórnvöldum. „Við sendum öllum þingflokkum og aðilum vinnumarkaðarins tillögur um það í apríl að samráðið yrði breikkað og stjórnarandstaðan kæmi beint að málum. Það er mikilvægt að koma slíku samstarfi á flot og að stjórnarandstaðan axli ábyrgðina á þessu með okkur.“

Marinó G. Njálsson, talsmaður Hagsmunasamtaka heimilanna, er boðaður á fund með forsætisráðherra klukkan tíu. Hann segir að fundarefnið sé einfaldlega hvað hægt sé að gera og hvernig. „Hugmyndir okkar liggja fyrir. Við höfum lagt áherslu á fjögur prósent þak á verðbætur og að gengistryggð lán verði gerð jafngild verðtryggðum lánum frá 1. janúar 2008. Við viljum forsendubrestinn, sem reið yfir þjóðina vegna gjörninga fjármálafyrirtækjanna, leiðréttan.“

Hagsmunasamtökin leggja til að íslensku húsnæðislánakerfi verði breytt. Markmiðið með hinu nýja kerfi er að lán og lánskjör í íslenskum krónum verði samkeppnishæf við þau lönd sem Íslendingar hafa gjarnan borið sig saman við. „Tillagan krefst víðtækrar samvinnu stjórnvalda, fjármálafyrirtækja, fulltrúa neytenda, samtaka atvinnulífs og launþega. Þar sér fólk eignamyndun á sínu húsnæði. Þar geta lánafyrirtæki ekki stuðlað að óstöðugleika til að koma í veg fyrir að fólk eignist húsnæði sitt. Eins og þetta er núna er fólk alltaf að byrja upp á nýtt með hverju nýju verðbólguskoti,“ segir Marinó.

svavar@frettabladid.is

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



# VERTU TILBÚINN!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að klæða sig vel. Þess vegna höfum við valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin.



13.990

**MCKINLEY RASK OVERALL**
Kuldagalli með 5.000 mm vatnsheldni og öndun. Styrkingar á hnjám og rassi. Litir: Svartur, blár, bleikur. Stærðir: 80-120.



6.990

**MCKINLEY ROCK V JR**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu og varmainnleggjum. Litir: Svartur m/bláu, svartur m/fjólubláu. Stærðir: 22-33.



2.490

**MCKINLEY MINIOR WINTER HAT**
Barnahúfa. Litir: Bleik, svört. Stærðir: 1-6 ára.





3.990

**HUMMEL ADI / OLE JACKET**
Rennd peysa úr 100% bómull. Litir: Blá, bleik, fjólublá. Stærðir: 68-98.



2.990

**HUMMEL ADI / OLE PANT**
Buxur úr 100% bómull. Litir: Bláar, bleikar, fjólubláar. Stærðir: 69-98.



1.990

**MCKINLEY MINIOR WINTER MITTEN**
Vatnsheldir barnahanskar með flísfóðri. Litir: Svartir, bláir, bleikir. Stærðir: 1-6 ára.



3.990

**MCKINLEY BASIC FLEECE**
Rennd flíspeysa. Litir: Svört, blá, bleik. Barnastærðir.



2.990

**MCKINLEY FLEECE PANT**
Flísbuxur. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.



6.990

**MCKINLEY BLISS V JR**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu. Litir: Svartir m/bláu, svartir m/bleiku. Stærðir: 27-35.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

SKULDAVANDI HEIMILANNA

# Treystir á víðtækt samstarf um úrlausnir

**Ríkisstjórnin treystir á samvinnu við stjórnarandstöðuna, hagsmunasamtök heimilanna, aðila vinnumarkaðarins og bankana um lausnir á skuldamálum heimila og fyrirtækja.**

„Við höfum farið í mjög miklar aðgerðir fyrir heimilin í landinu en það virðist ekki duga og við verðum bara að halda áfram því verki," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á fundi með blaðamönnum eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun.

Hún, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, ræddu stöðu mála eftir mótmæli þúsunda á Austurvelli á mánudagskvöld.

Jóhanna lagði ríka áherslu á breiða samvinnu um skuldamálin. Sagði hún tímabært að athuga hvort hægt væri að ná sátt um þau brýnu úrlausnarefni. „En ég held að þetta verði að ske fljótt, það er reiði í samfélaginu og mikil óánægja og við verðum að taka þessi skilaboð til okkar, ekki bara við við ríkisstjórnarborðið heldur stjórnmálamenn í heild sinni."

### Nauðungarsölum verði frestað

Jóhanna sagðist aðspurð ekki telja að þjóðstjórn leysti vandann. Spurð hvort von væri um samvinnu við sjálfstæðismenn eftir landsdómsatkvæðagreiðslurnar sagði hún að menn gætu ekki látið það mál þvælast fyrir sér. „Við getum ekki látið gremjuna krauma út af því máli. Við verðum að setja það til hliðar og reyna að leysa þessi brýnu hagsmunamál sem fólkið er að kalla eftir."

Jóhanna sagði forgangsmál að forða fólki frá nauðungarsölum. Forsenda þess væri þó að fólk væri með sín mál í réttum farvegi. „Það er mjög mikilvægt að allir sem eru með sín mál í vinnslu í kerfinu, hjá bönkunum og umboðsmanni [skuldara] fái frest á að þeirra íbúðir fari á uppboð þar til fyrirséð er hvaða lausnir er hægt að finna á þeim málum." Staðan væri samt sú að frestun á uppboðum hefði varað í langan tíma og þann tíma hefði fólk átt að nýta til að vinna í sínum málum. „Staðan hjá sumum er þannig að það verður hugsanlega ekki hægt að bjarga þeim." Tryggja þyrfti félagsleg úrræði fyrir fólk sem ekki hefði ráð á að búa í eigin húsnæði.

### Gjaldþrot leysa ekki efnahagsvandann

Árni Páll sagði að greiðsluaðlögunarúrræði stjórnvalda hefðu ekki nýst sem skyldi. Sú vanahugsun væri sterk að óeðlilegt væri að afskrifa skuldir fólks sem gæti ekki staðið undir skuldum sínum. „Þetta hugarfar hefur mengað og gegnsýrt jafnt dómstóla landsins og bankakerfið ... Við verðum að horfast í augu við að það að setja fólk í þrot leysir engan efnahagsvanda heldur þvert á móti." Spurður hvort til greina kæmi að samþykkja svokallað lyklafrumvarp Lilju Mósesdóttur sagðist Árni Páll ekki vera viss um að sú leið leysti nokkurn vanda. Ávinningurinn væri mjög ofmetinn og reynslan frá Bandaríkjunum væri slæm. Ísland þyrfti að sækja sér fyrirmyndir í húsnæðismálum til Norðurlandanna. „Við eigum að byggja upp velferðarkerfi, íbúðalánakerfi og húsnæðiskerfi að norrænni fyrirmynd."

### Bankarnir hafa klikkað

Ríkisstjórnin hefur beint spjótunum að bönkunum. Í stefnuræðunni sagði Jóhanna Sigurðardóttir þá hafa valdið sér vonbrigðum við skuldameðferð heimila og fyrirtækja. Árni Páll sagði bankana eiga um tvo kosti að velja. Annars vegar að reyna að innheimta skuldir í vanskilum og valda sjálfum sér miklu tjóni, búa við ónýta efnahagsreikninga og almennt vekja vantrú á sjálfum sér sem stofnunum. „Eða þeir geta kosið að nýta það svigrúm sem þeir hafa til að mæta fólki og fyrirtækjum sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda, koma lánum í skil og sýna þar með traustan grunn fyrir framtíðina."

Steingrímur kvaðst þeirrar skoðunar að allt of hægt hefði gengið að vinna úr skuldum lífvænlegra fyrirtækja. Fyrir vikið hefði efnahagsbatinn tafist mjög. Bankarnir hefðu ekki staðið sig. Steingrímur sagði að þáttaka bankanna í endurreisn efnahagslífsins hefði verið ein meginástæða þess að þeir hefðu verið settir á fót, með verulegum ríkisframlögum. „Og við ætlumst til þess að þeir setji þau mál í aukinn forgang." Allir hefðu hag af því, líka eigendur bankanna.

Hann sagði að vissulega væru til skýringar á því hversu mál hefðu dregist. Óvissan um gjaldeyris- og myntkörfulánin hefði til dæmis tafið fyrir. Nú gætu þau mál komist á hreint. „Þar er þá eytt óvissu á stóru sviði. Við vitum að þau lán hafa verið stór hluti vandans hjá mjög mörgum, til dæmis bílalánin."

bjorn@frettabladid.is



**SAMVINNA** Ráðherrarnir leggja ríka áherslu á að samvinna takist milli stjórnar og stjórnarandstöðu um lausnir á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun fundaði nýskipaður hópur fimm ráðherra og síðdegis hittu leiðtogar ríkisstjórnarinnar stjórnarandstöðuna í þinghúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skýr skilaboð til stjórnmálanna

„Ég held að það séu fólgin sterk skilaboð í þessum mótmælum, og þessari stemningu í samfélaginu, til okkar allra," sagði Steingrímur J. Sigfússon. Þau beindust að þinginu, ríkisstjórn og stjórnmálahefðinni í landinu. Stjórnmálamenn þyrftu að nálgast þau skilaboð af auðmýkt.

Steingrímur sagðist hafa áhyggjur af ástandinu og það ættu allir að gera. „Það er brothætt og viðkvæmt ástand í samfélaginu og eitt vitum við að það mun ekki leiða til neins sérstaks farnaðar ef við missum algjörlega á því tökin og það skapast hér nýtt upplausnarástand." Mikilvægt væri að allir héldu ró sinni, fjölluðu af yfirvegun um málin og reyndu að hafa umræðuna uppbyggilega.

Spurður hvaða skilaboð væru fólgin í því að fleiri hefðu mótmælt á Austurvelli á mánudag en í Búsáhaldabyltingunni í janúar 2009 sagðist Steingrímur telja að það væri til merkis um að fólk væri orðið mjög óþreyjufullt eftir að sjá von um betri tíð teiknast upp við sjóndeildarhringinn.

„Og það er hún að mínu mati að gera en biðin er erfið og þegar svona ástand dregst á langinn þá bítur það enn meira." Þolinmæðin væri skiljanlega takmörkuð.

Jóhanna Sigurðardóttir vonast til að samvinna stjórnmálaflokkanna og fleiri aðila verði til að sefa almenning. „Ég held að fókið á Austurvelli hafi verið að kalla eftir slíkri samstöðu. Það var ekki bara verið að mótmæla ríkisstjórninni heldur þinginu líka fyrir vinnubrögðin þar og ef við náum samstöðu með stjórnarandstöðunni, náum góðu samráði með hagsmunasamtökunum og aðilum vinnumarkaðarins þá ættum við að geta unnið okkur út úr þessu."



# 30-40% AFSLÁTTUR

# NÝTT BAÐ

## Eitt flottasta úrval landsins

**EININGARKERFI Í STÆRÐUM 30,40,60 og 80 sm**



Hvítt háglans 162 x 48 sm



HVÍTTUÐ EIK 142 x 48 sm



HLYNUR 120 x 48 sm



til afgreiðslu af lager

122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm



TONA HNOTA, TEKK og SVART LAKK



104 Epli 120 x 48 sm



104 Hvítt 122 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Starfsmenn og gestir Sundhallar Reykjavíkur brugðust skjótt við:

# Blésu lífi í flogaveikan mann

**SLYS** „Maðurinn var orðinn alveg blár þegar þeir komu með hann upp úr. Svo blésu þeir lífi í hann. Það var algjör unaður að sjá fólkið að störfum, það gerði allt rétt,“ segir Birkir Guðjónsson sundlaugargestur.

Maður á þrítugsaldri var hætt kominn í Sundhöll Reykjavíkur á mánudagskvöld. Maðurinn, sem er flogaveikur, hafði stokkið af stóra brettinu ofan í laugina. Þar fékk hann kast og komst ekki upp af sjálfsdáðum. Sundlaugargestir og starfsmenn sundlaugarinnar brugðust skjótt við og náðu manninum upp á bakkann.

Maðurinn hafði stífnað og því reyndist það þrautin þyngri að ná honum upp.

„Við byrjuðum að hnoða hann og þegar hann byrjaði að æla gáfum við honum súrefni. Það var læknir á staðnum sem sagði að hann hefði í raun verið farinn. Það var heppni að við skyldum ná honum svona fljótt upp úr og geta byrjað í hvelli,“ segir Bjarni Valtýsson sundlaugarvörður, sem blés lífi í manninn.

Birkir sundlaugargestur segir að þegar sjúkraliðar hafi komið á vettvang hafi starfsfólk sundlaugarinnar spurt hvort þeir vildu taka við að hnoða manninn. „En sjúkraflutningamennirnir sögðu þeim bara að halda áfram því þeir voru að gera allt rétt,“ segir Birkir.

Jón Gnarr borgarstjóri kom í Sundhöllina í gær til að sýna Bjarna og öðrum bjargvættum þakklæti sitt.

„Mér finnst þetta skýrt dæmi um kosti og mikilvægi þess að vera vakandi fyrir umhverfinu og öðru fólki í kringum mann,“ segir Jón.

Samkvæmt vakthafandi lækni á gjörgæsludeild Landspítalans er líðan mannsins eftir atvikum góð. Hann er á batavegi. -kh



**BJARNI VALTÝSSON** Bjarni sundlaugarvörður og gestir Sundhallarinnar björguðu manni frá drukknun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Milljónatjón á þinghúsinu

Mótmælendur slettu mjólkurmat á nokkra þingmenn sem voru að ná sér í leigubíla í Vonarstræti í fyrrakvöld. Þetta staðfestir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis við Fréttablaðið. Hann segir að enginn hafi meiðst og enginn hafi átt fótum fjör að launa.

Milljónatjón var unnið á Alþingishúsinu í mótmælunum. Þrjátíu og tvær rúður voru brotnar með grjótkasti í húsinu, þar á meðal bogagluggar sem dýrt er að skera gler í og vinna. Helgi telur kostnað við nýjar rúður tvær til þrjár milljónir króna. Að auki var gler brotið við dyr í skála Alþingishússins. Húsið sjálft, og umhverfi þess, var útbíað í rauðu litarefni, eggjum og öðrum



matvælum. Helgi segir að heildarkostnaður við að koma húsinu og umhverfi þess í samt lag nemi hátt á fimmtu milljón króna, samkvæmt bráðabirgðatölum. Þá sé þinghúsið viðkvæmt fyrir háþrýstiþvotti sem hafi valdið rakaskemmdum.

Ráðherrabílar voru líka stórskemmdir með grjótkasti og höggum, einkum bíll fjármálaráðherra.



**MILLJÓNAKOSTNAÐUR** Fjölgun lögreglumanna á vakt, fleiri lögreglubílar í notkun og ýmislegt fleira hefur í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir lögregluna, þegar mótmæli eiga sér stað.

# Girtu fyrir bein átök við Alþingishúsið

**Mótmælin í fyrrakvöld kosta lögregluna þrjár til fjórar milljónir aukalega. Lögreglustjóri segir verkefnið hafa verið stórt en býsna vel hafi tekist til.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var eitt af stærstu verkefnunum sem við höfum tekist á við og það gekk bara býsna vel.“

Þetta segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um aðgerðir lögreglu vegna hinna fjölmennu mótmæla við Alþingishúsið í fyrrakvöld.

„Ég get ekki nákvæmlega skotið á þann aukakostnað lögreglu sem slík mótmæli hafa í för með sér, en kostnaðurinn við mótmælin í fyrrakvöld er að minnsta kosti þrjár til fjórar milljónir,“ segir Stefán. Hann segir hægt að miða við heildarkostnað búsáhaldabyltingarinnar í janúar 2009. Heildarkostnaður við hana hafi numið vel yfir 50 milljónum króna.

„Dýrustu kvöldin voru jafnvel að hlaupa á milljónum,“ útskýrir Stefán. Hann segir að aukið sé við fjölda lögreglumanna á vakt og menn í rannsóknar- og tæknideildum séu lengur á vakt þannig að þeir séu tiltækir þurfi á að halda. Þetta fái menn greitt í aukavinnu. Í gær hafði á annað hundrað lögreglumanna komið að mótmælunum, þar af um tuttugu úr sérsveit ríkislögreglustjóra.

„Girðingin sem sett var í kringum Alþingishúsið sannaði gildi sitt við þessar aðstæður og hreinlega kom í veg fyrir bein átök við mótmælendur. Þau atvik þar sem lögregla var í beinum tengslum við ólátabelgina í hópnum voru mjög fá og enduðu farsællega. Það er þessari girðingu að þakka.“

> Girðingin sem sett var í kringum Alþingishúsið sannaði gildi sitt við þessar aðstæður.
>
> **STEFÁN EIRÍKSSON** LÖGREGLUSTJÓRI

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóri lögðu fram fjármuni til smíði girðingarinnar í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar. Stefán segir hana ekki einungis til að auka öryggi lögreglumanna heldur annarra á svæðinu.

„Auk hennar var bætt við öryggisbúnað lögreglumanna,“ bætir hann við. Spurður um notkun lögreglumanna á gasgrímum frá 1950 segir Stefán að slík eintök sé vissulega enn að finna í búnaði lögreglumanna, sem og gamla hjálma.

Þrír lögreglumenn meiddust í mótmælunum í fyrrakvöld, að sögn Stefáns. Í öllum tilvikum var einhverju kastað í þá, þar með talið grjóti og flöskum.

Spurður hvort lögreglan hafi mannafla, fjármuni og þanþol í aðra búsáhaldabyltingu segir Stefán sína menn tilbúna í það sem koma kunni.

„Við tökumst á við þetta verkefni, undirbúum það vel og tökum á því af þeirri alvöru sem því sæmir,“ segir Stefán. „Það ber árangur.“ jss@frettabladid.is

ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ



Eldhústæki
kr. 10.000



Eldhústæki útdraganlegt
kr. 24.900

LAGERSALAN
dalvegi 16b, Kópavogi
Opið virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275

VÍSINDAGARÐURINN Á EGILSSTÖÐUM
Þekkingarnet Austurlands
Náttúrustofa Norðausturlands

Þjóðgarðastjórnun
- gildi þekkingar og menntunar




Málþing á Egilsstöðum
11. október 2010, Icelandair Hótel Hérað

Dagskrá:

13:00 – 13:15 Setning
13:15 – 14:25 Building Protected Area Stewardship in an Era of Complexity and Messiness, *Stephen McCool*, Professor Emeritus, Department of Society and Conservation. The University of Montana.
14:25 – 14:50 Náttúruverðmæti, á friðlýstum svæðum, *Snorri Baldursson*, þjóðgarðsvörður á Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.
14:50 – 15:15 Þróun þjóðgarða Íslands – Störf og starfsemi, *Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir*, sérfræðingur á Náttúrustofu Norðausturlands og fyrrverandi þjóðgarðsvörður.
15:15 – 15:40 Kaffi
15:40 – 16:05 Ferðamennska á friðlýstum svæðum, *Rannveig Ólafsdóttir*, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ og sérfr. við Rannsóknamiðstöð ferðamála.
16:05 – 16:30 Stefnumótun og þróun á ferðavörum á friðlýstum svæðum, *Edward H Huijbens*, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.
16:30 – 16:55 Menntun í þjóðgarðafræðum – mismunandi nálganir og þarfir, *Anna Guðrún Þórhallsdóttir*, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.
16:55 – 17:45 Umræður / Samantekt

Ath! Málþingið fer fram á ensku

Í tengslum við málþingið verður farin vettvangsferð inn á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem umræður halda áfram í hópum (12.okt), vinnustofa í LAC aðferðafræðinni og málstofa um alþjóðlega ábyrgð okkar varðandi friðlýst svæði (13-14.okt).

Skráning á www.rannsoknatorg.is

Verkefnið er styrkt af Samfélagssjóði Alcoa
















# Vér mótmælum öll

GARMIN
ÍS HESTAR
GÍSLASON VIÐGERÐIR E.H.F.
FJALLABÍLAR Stál og stansar hf.
HLAÐ
STORMUR POLARIS Á ÍSLANDI
BECO
EÐALBÍLAR
SKOTREYN
SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
4x4
L.Í.V.
LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
Jeppavinir
Óbyggðaferðir ehf

# LÆGRA VERÐ

## Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM

## Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

**Það köllum við lægsta lága verðið!**







Húsasmiðjublaðið er komið út!



Plastparket
Eik 3ja stafa 6mm,
líka til í Hnotu
146956
999kr/m²
1.690kr/m²
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Líka til í Hnotu
2.699,-
3.499,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Höggborvél
Power plus höggborvél 580W
13mm patróna
5245308
10 ltr.
4.895,-
6.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
HÚSASMIÐJAN
INNI
MÁLNING
1.990,-
4.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Útiljós Julia
Svart.
6000775
Innimálning
Góð veggmálning innanhúss
Gljástig 10.
7119961
Frystiskápur
57.900,-
85.900,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Sturtuhorn
25.900,-
29.900,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Furupanill
1.490kr/m²
2.135kr/m²
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Orkunýting A
Frigor
5 ára ábyrgð
Furupanill
12 x 87 mm
55500
Frystiskápur
Orkunýting A,
142x58x55 sm
1805493
Sturtuhorn
Hamrað gler, 80 cm botn.
8028600
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Stjórnmálamenn heyrðu í mótmælendunum – en hlusta þeir á hvað þeir hafa að segja?

## Síðasta tækifæri pólitíkusanna

Mótmælin við Alþingishúsið í fyrrakvöld eru til merkis um mikla og djúpstæða óánægju í þjóðfélaginu. Stjórnmálamennirnir sem sátu innan dyra á meðan mótmælin fóru fram komust ekki hjá því að heyra til mótmælendanna, sem framkölluðu ærandi hávaða. Hitt er öllu mikilvægara, að þeir nái að hlusta eftir innihaldi óánægjuhrópanna og bregðast við gagnrýninni.

Það er ekki alveg einfalt að skilgreina í hverju óánægjan felst nákvæmlega. Mótmælendur virðast óhressir með mismunandi hluti og að sumu leyti virðast kröfurnar líka mótsagnakenndar.

Óhætt virðist að kippa út úr dæminu nýnazistunum, þjóðernissinnunum, anarkistunum, kommúnistunum og öllum hinum sértrúarsöfnuðunum sem eru alltaf óánægðir hvort sem er, burtséð frá því hvort kreppa er í þjóðfélaginu eða ekki. Þeir sáu vafalaust bara góðan mótmælafund og vildu vera með.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Stjórnmálamennirnir þurfa hins vegar að komast að því hvað hinn breiði fjöldi hefur að segja. Í ummælum fólks sem tekið var tali á Austurvelli var áberandi óánægja með stjórnmálamennina upp til hópa og óþol gagnvart pólitíkinni eins og hún leggur sig. Sjálfsagt hefur umræðan um landsdómsmálið verið kornið sem fyllti mælinn hjá mörgum, af mismunandi ástæðum. Krafan um kosningar er komin upp enn á ný.

Um leið heyrist skýrt sú krafa að gripið verði til aðgerða strax til að bjarga heimilum í skuldavanda og koma í veg fyrir að fjölskyldur missi heimili sín. Reyndar virðist óljóst hve stór sá hópur er, eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag, og það verður að teljast með nokkrum ólíkindum að enginn skuli vita almennilega umfang vandans sem við er að etja. Vilji menn hins vegar að gripið verði til aðgerða í snatri er sennilega misráðið að krefjast kosninga strax. Stjórnmálamennirnir fara þá enn og aftur að eltast við skottið á sjálfum sér næstu vikur og mánuði í stað þess að vinna skipulega að þeim úrlausnarefnum sem fyrir liggja. Það er engan veginn víst að nýtt fólk sem veldist til þingsetu í kosningum yrði fremur vandanum vaxið en það sem nú situr á þingi.

Til þess að almenningur fái á tilfinninguna að stjórnmálamennirnir séu að hlusta á hann er ráð að þeir hætti að æpa hver á annan. Þjóðin er komin með upp í kok af innbyrðis átökum, skætingi og yfirborðsmennsku á Alþingi. Nú eiga stjórn og stjórnarandstaða að ganga til samstarfs af fullum heilindum um að taka á vanda þeirra verst settu og gera það hratt. Menn eiga að koma sér saman um að gera ekki nein gylliboð eða fara út í lausnir sem koma í bakið á skattgreiðendum, heldur gera það sem raunhæft er og skynsamlegt.

Ummæli manna eftir fund stjórnar og stjórnarandstöðu í gær benda til að enn séu menn að reyna að krækja sér í pólitísk prik með því að berja á hinu liðinu. Það er misráðið, því að nú hafa pólitíkusarnir einmitt fengið sitt síðasta tækifæri í bili.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Viðskipti við Kína - Frumkvöðull deilir reynslu sinni**

冰島中国貿易促进会
Íslensk kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council

Íslensk - kínverska viðskiptaráðið boðar til opins fundar um viðskipti við Kína kl 16:00 þann 7. október n.k. á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

**Fyrirlesari á fundinum verður Jóhannes Þórðarson, Framkvæmdastjóri Mind.**

Undanfarin 10 ár hefur Jóhannes starfað náið með fyrirtækum í Asíu á sviði vöruþróunar og framleiðslu á tæknivörum og leikföngum sem náð hafa fótfestu í Bandaríkjunum og Evrópu. Meðal dreifiaðila má nefna Carrefour, Toys´r´us og Hamleys en vel hefur tekist til í uppbyggingu á tengslaneti í vöruþróun, framleiðslu, sölu og dreifingu. Á þessu tímabili hefur Jóhannes starfað á Íslandi en rekið félag í Hong Kong með allt að 6 starfsmönnum. Vörur á hans vegum hafa selst í yfir 3 milljónum eintaka bæði undir eigin vörumerkjum sem og annarra.

Fundargestir eru beðnir um að skrá sig á netfangið elin@atvinnurekendur.is **fyrir hádegi 7. október.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þverskurður þjóðarinnar?**
Helga Vala Helgadóttir laganemi bloggaði í gær um þá staðreynd að einungis einn af ellefu þingmönnum í fjárlaganefnd Alþingis er kosinn til þings af íbúum Reykjavíkur. Þessi fulltrúi höfuðborgarbúa við meðferð fjárlagafrumvarpsins næstu vikur er stjórnarandstæðingurinn Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Afgangurinn af höfuðborgarsvæðinu á svo einn fulltrúa til viðbótar. Það er líka stjórnarandstæðingur, Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar.



**Þingmenn allra Íslendinga?**
Af ellefu þingmönnum sem vinna úr fjárlagafrumvarpinu eru því níu landsbyggðarþingmenn, þar af fimm úr Norðausturkjördæmi. Gagnrýni af þessu tagi er jafnan svarað með því að þingmenn eigi að gæta hagsmuna allra landsmanna, óháð búsetu. Miðað við ástandið í þjóðfélaginu og kröfur um samstöðu og þjóðarsátt má segja að nú reyni sem aldrei fyrr á það hve stóru hlutverki kjördæmapot gegnir í fjárlagavinnu alþingismanna.

**Kynleg hagstjórn?**
Fjármálaráðuneytið segir fjárlagafrumvarpið unnið í anda kynjaðrar hagstjórnar, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Í fjárlaganefnd Alþingis eru tveir af sex fulltrúum stjórnarflokkanna hins vegar konur, báðar úr landsbyggðarkjördæmum. Er það ekki svolítið kynlegt?

**peturg@frettabladid.is**



## HALLDÓR




# Hreinsunardeild réttlætisins

Mótmælin





**Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir**

prestar

Í níufréttum útvarps að morgni þriðjudags var fjallað um mánudagsmótmælin á Austurvelli. Þar voru um átta þúsund manns. Boðskapurinn var einn: Við mótmælum ástandinu í samfélaginu. Ástæðurnar voru fleiri, kannski allt að átta þúsund.

Eggjum var kastað. Líka grjóti. Málningu slett. Það var mikið drasl eftir á Austurvelli og við Alþingishúsið. Rúður voru brotnar í húsinu, málning á veggjum. Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar hóf störf strax um nóttina og var enn að störfum morguninn eftir. Deildin á skýra verkferla fyrir svona verkefni, fara í gallana og ganga hreint til verks.

Lögreglan var við störf á mótmælakvöldi. Hún hafði góð tök á stöðunni, sagði lögreglustjórinn Stefán Eiríksson. Hún stóð vörð um þinghúsið. Lögreglan nýtur mikils trausts í samfélaginu. Líklega nýtur hreinsunardeildin líka mikils trausts. Þau vita hvað þau ætla að gera, stíga örugg skref og vinna vinnuna sína. Þetta eru starfsmenn á plani.

Í síðustu viku fór atkvæðagreiðsla á Alþingi 63-0. Sextíu og þrír þingmenn greiddu því atkvæði að vinna nauðsynlegar umbætur á stjórnkerfinu í kjölfar Hrunsins. Þeirra er þörf. Í stefnuræðu sinni á mánudaginn sagði Jóhanna Sigurðardóttir frá því að bankarnir drægju lappirnar þegar kæmi að sértækum úrræðum fyrir fólk í vanda. Það gengur ekki.

Við spyrjum: Þurfum við ekki sérsveit sem stendur vörð um hagsmuni almennings í landinu, hagsmuni fólksins andspænis hagsmunum banka og auðræðiskerfis sem

> Þurfum við ekki hreinsunardeild sem tekur til í bönkum og stjórnkerfi eftir Hrunið?

kallaði Hrunið yfir þjóðina? Þurfum við ekki hreinsunardeild sem tekur til í bönkum og stjórnkerfi eftir Hrunið? Sem víkur þeim frá sem hirða ekki um málefni ekkna og munaðarleysingja, sem gæta ekki réttar þeirra sem minnst mega sín?

Hvers vegna eru engir verkferlar til í landinu fyrir slík verkefni? Hvar eru starfsmennirnir sem eiga heima á því plani? Við köllum eftir sérsveit mennskunnar. Við köllum eftir hreinsunardeild réttlætisins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Áratuga forskot með Svaninn!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 6. október 2010 – 10. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir




Skýrsla um garðyrkju
Íslensk blómarækt í hættu 4

Framtakssjóður
Erlendir aðilar sýna áhuga


8 - 9


Bílaleigan Cheap Jeep
Hefur aldrei tekið lán 2




**BREYTT NEYSLA** Fólk vegur upp tekjumissi með kaupum á notuðum hlutum, segir prófessor í frumkvöðlafræðum.
MARKAÐURINN/GVA

## Breytt neysla

„Fram að núverandi kreppu gat fólk mætt launalækkun með aukinni vinnu. Nú er það ekki hægt. Það veldur því að fólk er innikróað í samdrættinum,“ segir Örn D. Jónsson, prófessor í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum við Háskóla Íslands.

Hann hélt erindi í gær sem fjallaði um frumkvæði og nýsköpun sem lausn á samdrætti. Örn benti á að hagræðing nú gangi víða út á að banna yfirvinnu og spurði hvort ekki væri hægt að meta stöðuna fremur með hliðsjón af þörfum en framleiðslu. Hægt væri að þróa leiðir til að lækka útgjöld án þess að það dragi úr lífsgæðum.

Í fyrirlestrinum sagði Örn frá því að nærtækasta leiðin til að bæta almenn kjör væri að þróa hugvitssamlegar og ódýrar aðferðir til að þjóna þörfum fólks. Hann tók sem dæmi einfalda kúlu í stað þvottaefnis. Hún kostar um fimm þúsund krónur en dugar í mörg hundruð þvotta. Nú séu til fjölmargar slíkar leiðir og eru þær megináherslur í vöruþróun í nágrannalöndum okkar um þessar mundir. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Núll prósent vextir** Japanski seðlabankinn lækkaði í gær stýrivexti sína niður í nánast núll prósent. Svo lágir hafa þeir ekki verið í meira en fjögur ár, en þá höfðu þeir verið í núllinu í fimm ár.

Bankinn vonast til að efla efnahagslífið í landinu, sem hefur verið í lægð undanfarið.



**Sól í Hvíta húsið** Barack Obama Bandaríkjaforseti og fjölskylda hans verða töluvert umhverfisvænni þegar sólarrafhlöðum verður komið fyrir á þaki Hvíta hússins næsta vor. Meiningin er að sólarorkan verði notuð til að hita neysluvatn og sjá fjölskyldunni að hluta fyrir því rafmagni, sem hún notar. Tveir fyrrverandi Bandaríkjaforsetar, þeir Jimmy Carter og George W. Bush, létu gera tilraunir með að nýta sólarorku þegar þeir bjuggu í Hvíta húsinu.

**Bernanke kaupir** Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, gaf til kynna í gær að bankinn myndi líklega kaupa á ný eitthvað af ríkisskuldum til að hjálpa efnahagslífinu að komast á skrið. Með þessu hyggst bankinn hafa þau áhrif að vextir á húsnæðisskuldum, skuldum fyrirtækja og ýmsum öðrum skuldum lækki.

# Almenningi hleypt inn á skuldabréfamarkað

## Kauphöllin vinnur að því að gera almenningi kleift að kaupa skuldabréf fyrirtækja. Fagfjárfestar hafa verið einir um kaupin.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Kauphöllin á Íslandi (Nasdaq OMX) vinnur að mótun markaðar þar sem almennir fjárfestar geta átt viðskipti með skuldabréf fyrirtækja. Fram til þessa hafa fyrirtæki eingöngu selt fagfjárfestum skuldabréf sín.

Viðskipti með skuldabréf með þessum hætti hafa verið að ryðja sér til rúms í erlendum kauphöllum, svo sem í Svíþjóð, Bretlandi og í Singapúr. Áhugi á þeim enda ákjósanlegur kostur vegna sveiflna á hlutabréfamarkaði og áhættufælni í kjölfar fjármálakreppunnar. Hér yrði sala á skuldabréfum fyrirtækja til einstaklinga nýlunda. Skuldabréfaútgáfa með þessum hætti er talin geta brúað bilið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á meðan tiltrú er enn lítil á hlutabréfamarkað og þannig fjölgað fjárfestingartækifærum.



Skuldabréfaútgáfur sem þessar gætu verið talsvert minni en þær sem seldar eru fagfjárfestum, nokkuð hundruð milljónir króna í stað milljarða. Þá geta almennir fjárfestar keypt bréfin með sambærilegum hætti og hlutabréf, eða frá fáum tugum þúsundum.

„Við erum að skoða þessa hugmynd,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar. „Við höfum verið að móta hugmynd um uppbygginguverðbréfamarkaðarins í víðara samhengi. Þetta er angi af því sem við munum fara yfir með fyrirtækjum á næstunni. Við höfum talað fyrir því að auka tækifæri almennings til fjárfestinga í hlutabréfum og teljum að hann ætti að njóta góðs af fjölbreyttari fjárfestingarkostum, ekki síður en fagfjárfestar. Skuldabréfamarkaður af þessu tagi passar vel inn í þá hugmyndafræði. Að sama skapi teljum við að þetta óplægðan akur fyrir fyrirtækin, tækifæri sem þau ættu að skoða alvarlega,“ segir hann og mælir með því að fyrirtæki skoði þennan fjármögnunarmöguleika vandlega. „Við erum þess fullviss að skuldabréf af þessu tagi muni líta dagsins ljós.“



**MAGNÚS HARÐARSON**

Hann bendir á að útgáfa skuldabréfa geti verið góð og tiltölulega kostnaðarlítil leið fyrir fyrirtæki til að afla fjár þar sem mikill munur er á útlánsog innlánsvöxtum. „Skuldabréf sem sniðin eru sérstaklega fyrir almenna fjárfesta veita fyrirtækjum aðgang að miklum fjölda fjárfesta sem þeir hefðu annars ekki aðgang að, hópi sem öllu jafna vill lágmarka áhættu sína við fjárfestingar. Fjármögnun af þessu tagi getur hentað fyrirtækjum af ýmsum stærðum og raunar verið áfangi fyrir fyrirtæki sem hafa síðar hug á að skrá hlutabréf sín,“ segir Magnús.


Posar fyrir öll tækifæri

Vantar þig posa fyrir einstakan atburð eða til langs tíma? Hjá Borgun færðu posa fyrir öll tækifæri, hvort sem þú ert á ferðinni eða ekki. Þú getur einnig aukið þjónustu við erlenda ferðamenn með því að taka við greiðslu í evrum og dollurum.

Ókeypis uppsetning og sending fylgir öllum posum. Þjónustuverið er opið alla daga, allan sólarhringinn.

Hafðu samband í 560 1600 eða fyrirtaeki@borgun.is og kynntu þér málið.







BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

VISA · VISA ELECTRON · JCB · Diners Club International · DISCOVER

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 2,35%A | 12,35% | 13,00% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 4,05% | 13,00% | 13,00% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 3,90%B | 13,50% | 13,50% |
| MP BANKI | MP-1 4,30%C | 13,00% | 13,35 til 14,70% |
| BYR | PM-reikningur 4,35% | 13,95% | 13,35 til 14,70% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 4,60% D | 13,65% | 13,85% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 3,70% | 11,60% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Bundinn í einn mánuð. D Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25% Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.



**ÁRNI TÓMASSON** Formaður skilanefndar Glitnis segir mikilvægt að byggja á ný upp samband við erlenda fjárfesta. Traust sem byggt hafi verið upp á hálfri öld hafi gufað upp á einni viku í bankahruninu. MARKAÐURINN/GVA

# Landsvirkjun skuldlaus á tíu árum

Hætti Landsvirkjun öllum fjárfestingum getur fyrirtækið greitt upp allar sínar erlendu skuldir á tíu árum. Grípi Orkuveita Reykjavíkur (OR) til sömu ráða tekur það fyrirtækið fimmtán ár að komast á núllið. Þetta er mat Árna Tómassonar, endurskoðanda og formanns skilanefndar Glitnis.

Árni hélt erindi á haustráðstefnu Stjórnvísi á föstudag um viðhorf til erlendra lánardrottna.

Forsendur Árna voru ársreikningar orkufyrirtækjanna beggja og miðaði hann bæði við árlegar tekjur og afborganir af lánum. Hann benti á að tekjur Landsvirkjunar eru um 25 milljarðar króna á ári en afborganir af lánum 35 milljarðar. Á sama tíma greiðir OR 25 til 30 milljarða í afborganir á ári á meðan tekjur eru um þrettán milljarðar.

Árni sagði fyrirtækin ekki geta greitt upp lán sín án endurfjármögnunar. Slíkt byggist á trausti gagnvart erlendum fjárfestum. „Við misstum það á einni viku," sagði Árni og gagnrýndi bæði þá sem vilja hætta samningum við erlenda lánardrottna, tefja fyrir fjárfestingu erlendra aðila hér og stjórnvöld sem hafi mismunað innlendum og erlendum fjárfestum í kringum hrun bankanna fyrir tveimur árum. - jab



**VIÐ BÍLAFLOTANN** Anton og félagar hans hafa slegið í gegn með bílaleigunni CheapJeep. MARKAÐURINN/VILHELM

# Fara ótroðnar slóðir

**Bílaleigan CheapJeep leigir út gamla bíla. Hefur vaxið úr fimm bílum í 130 á einu ári og eyðir næstum engu í auglýsingar. Fyrirtækið hefur aldrei tekið lán.**

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Ein af athyglisverðustu nýjungunum í íslenskum ferðamannaiðnaði er bílaleigan CheapJeep, sem hefur vaxið ævintýralega á því rúma ári sem hún hefur starfað. Sérstaða hennar liggur í bílakostinum, þar sem aðstandendur fyrirtækisins fóru frekar ótroðnar slóðir.

Anton Traustason, framkvæmdastjóri og einn eigenda, sagði allt hafa byrjað með skyndiákvörðun í fyrra.

„Ég var með lítið bílaþjónustufyrirtæki og keypti gamlan bíl af vinkonu meðeiganda míns, Christian Uttrup. Svo datt mér í hug að það væri kannski sniðugt að setja bílinn bara í útleigu. Svo fengum við góða aðila með okkur í þetta og slógum til."

Anton og Christian fengu ferðaþjónustufyrirtækið Reykjavik Backpackers með sér og ákveðið var að kaupa fimm eldri bíla, tæplega tíu ára gamla, til að gera út. Þeirra bjartsýnustu áætlanir gerðu ráð fyrir að halda þessum fjölda fyrsta sumarið og bæta svo við 14-15 bílum árið eftir.

„Við enduðum hins vegar í 25 bílum síðasta sumar og í sumar vorum við með 130 bíla."

CheapJeep menn fóru líka óhefðbundnar leiðir í fjármögnun sinni og hafa að sögn Antons aldrei tekið lán fyrir neinu. „Við höfum ekki einu sinni tekið yfirdráttarheimild. Þegar er til peningur er hann notaður, en ef ekkert er til er ekkert keypt."

Anton segist hafa reynslu af rekstri, en þetta sé það skemmtilegasta sem hann hafi gert.

„Þetta er búið að vera geðveikisleg vinna og maður gengur í öll störf. Ég var eiginlega eini viðgerðarmaðurinn hjá fyrirtækinu í sumar, með alla þessa gömlu bíla. Það tók svolítið á, en það gekk upp."

Viðtökurnar hafa verið með miklum ólíkindum og vefsíða bílaleigunnar, cheapjeep.is er einn lykillinn að því. Styrkur hennar sést best á því að frá upphafi hafa þeir eytt um 250.000 krónum í markaðssetningu, og þá eru taldar með allar auglýsingar, veggspjöld og dreifibréf.

„Viðtökurnar hjá okkur hafa einfaldlega verið svo góðar að við höfum ekki þurft að eyða peningum í markaðssetningu," segir Anton.

Kúnnahópurinn hjá CheapJeep er mjög fjölbreyttur þó að ungir erlendir ferðamenn séu auðvitað í meirihluta. Anton segir þó að fólk úr öllum þrepum þjóðlífsins komi til þeirra og láti heillast af hagstæðu verði. Þeir hyggjast þó enn breikka hópinn þar sem þeir ætla að einbeita sér að Íslendingum á næstunni og bjóða upp á hópferðabíla og litlar rútur fyrir hópa og fyrirtæki.

Þannig að enn eru sóknarfæri hjá þessu unga fyrirtæki, en Anton segir þá taka hlutunum eins og þeir koma. Stefnan er þó enn tekin upp á við.

„Það virðist sem við höfum gert eitthvað rétt í þessu. Við stefnum ekki í eins hraða uppbyggingu á næsta ári, en við munum sennilega aðeins stækka og efla flotann."


BETRI TÖLVUR

ThinkPad fartölvur frá Lenovo eru þrautreyndar og traustar og hafa unnið til fjölda viðurkenninga. Þeir sem vilja ná árangri velja hágæða umhverfisvottaðar fartölvur frá Lenovo.




lenovo ThinkPad




ThinkPad Edge 15,6" AMD
Ný kynslóð ThinkPad tölva:
AMD P320 örgjörvi
2 GB minni
250 GB diskur
AMD Radeon HD4250 skjákort
Verð: 149.900 kr.
Windows 7




ThinkPad Edge 15,6" Intel
Fyrir kröfuharða notendur:
Intel i3-350M örgjörvi
2 GB minni
250 GB diskur
Intel HD skjákort
Verð: 179.900 kr.
Windows 7




ThinkPad X100e 11,6"
Nett vél fyrir fólk á ferðinni:
AMD MV-40 örgjörvi
2 GB minni
250 GB diskur
AMD Radeon HD3200 skjákort
Verð: 109.900 kr.
Windows 7

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 | Kaupangur v/Mýrarveg Akureyri Sími 569 7620 | www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

# Viltu spara í bókhaldi?




## Skeytamiðlun Skýrr – örugg rafræn viðskipti

Skeytamiðlun Skýrr er viðbótarþjónusta fyrir öll helstu bókhaldskerfi á markaði, svo sem Microsoft Dynamics NAV og AX ásamt Oracle.

Skeytamiðlun Skýrr sparar tíma, vinnu og peninga með því að móttaka, meðhöndla og senda rafræna reikninga. Þjónustan hentar öllum fyrirtækjum og stofnunum, óháð stærð þeirra.

### *Helstu kostir Skeytamiðlunar Skýrr*

- Reikningar mótteknir fyrr
- Skráningarvillum fækkar
- Engin póstburðargjöld
- Enginn pappírskostnaður
- Minni hætta á dráttarvöxtum
- Bætir yfirsýn yfir viðskiptaupplýsingar

**Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um Skeytamiðlun Skýrr.**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

# Kynna nýjungar á sviði flutninga

## Fyrsta flutningasýning landsins haldin í vikulokin.

Sýningin Flutningar 2010 stendur á morgun og hinn, 7. og 8. október, á Grand Hóteli Reykjavík. Sýningin er sögð fyrsta alhliða flutningasýningin á Íslandi þar sem fyrirtæki á flutningasviði kynna „allt það nýjasta á sviði sjó-, land- og loftflutninga og auk þess meðal annars vörustjórnun og lagerhald,“ að því er fram kemur í tilkynningu.


**VÖRUR FLUTTAR** Velflestar hliðar flutningastarfsemi verða kynntar á nýrri sýningu núna í vikulokin. MARKAÐURINN/PJETUR

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar, segir undirbúning að henni hafa staðið yfir um nokkurt skeið, en aðilar innan flutningageirans hafi talið þörf fyrir slíka alhliða sýningu vegna þess hve flutningageirinn væri lítt sýnilegur, þrátt fyrir stærð og mikilvægi. Þannig megi hafa áhrif á vöruverð í landinu með því einu að ná niður flutningskostnaði. **- óká**

# Sparisjóðabankinn á bak við stórviðskipti

Skilanefnd Icebank hefur tryggt sölu á lettnesku kaffiverksmiðjunni Melna Kafija. Kaupandi er sænska fyrirtækið Löfbergs Lila. Ekkert hefur verið gefið upp um kaupverð. Fjölmiðlar í Lettlandi telja verðið liggja í fimm milljónum evra, jafnvirði um átta hundruð milljónum króna.

Fjölmiðlar þar segja söluna þá umfangsmestu þar í landi á árinu og vísbendingu um betri tíð.

Melna Kafija er með stærri kaffibrennslum Eystraltsríkjanna. Umsvifin felast í brennslu og mölun á kaffi, sölu á kaffi til hótela og veitingahúsa auk kaffisölu til Rússlands. Melna Kafija hafði gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og var því tækt til sölu, að sögn Hjördísar Harðardóttur, formanns skilanefndar Sparisjóðabankans. Sigurður Ágúst Berntsson hjá verðbréfafyrirtækinu Arev hefur séð um reksturinn ytra fyrir Sparisjóðabankann.


**HJÖRDÍS EDDA** Sparisjóðabankinn hefur brotið ísinn í Lettlandi með umfangsmestu fyrirtækjasölu ársins þar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Penninn og Te & Kaffi keyptu Melna Kafija í apríl árið 2007. Icebank átti veð í Melna Kafija ásamt ritfangaversluninni Office Day. Ekki mun stefnt á sölu Office Day í bráð. **- jab**

FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

Skólinn býður upp á námskeið í gæða-, skjala-, verkefna- og mannauðsstjórnun. Námskeiðin eru stutt og hnitmiðuð, auka skilvirkni í stjórnun og byggja á þverfaglegri aðferðafræði.

Stundaskrá - Október

07.10 kl. 13:00 - 17:00 Gerð verklagsreglna I
12.10 kl. 13:00 - 17:00 Visio - Myndræn framsetning gæðaskjala
14.10 kl. 13:00 - 16:00 Starfsþróunarsamtöl
20.10 kl. 13:00 - 16:00 Hæfnistjórnun og stjórnun með hugbúnaði
28.10 kl. 13:00 - 17:00 Verkefnastjórnun skv. ISO 9001 og PRINCE2

www.focal.is/skraning



GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN


**TÓMATAR** Sumar undirgreinar íslenskrar garðyrkju gætu liðið fyrir afnám verndartolla með inngöngu í Evrópusambandið, samkvæmt niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

# Blómarækt í hættu með inngöngu í ESB

## Skýrsla um íslenska garðyrkju sýnir að sumar undirgreinar gætu liðið fyrir afnám verndartolla. Garðyrkjubændur segja skýrsluna staðfesta að ESB-aðild sé ekki greininni til góða.

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Garðyrkjubændur gjalda varhug við aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) og telja nýja skýrslu, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann að beiðni Sambands garðyrkjubænda, sýna fram á möguleg neikvæð áhrif ESB-aðildar á greinina.



Skýrslan leggur mat á núverandi stöðu garðyrkjunnar, sem og undirgreina, og fjallar einnig um hugsanleg áhrif ESB-aðildar og horfir til samanburðar til Finnlands, sem gekk í ESB árið 1995.


**BJARNI JÓNSSON**

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að afkoma í íslenskum garðyrkjuiðnaði hafi verið breytileg eftir framleiðslu þar sem rekstur hafi gengið best í grænmetis- og garðplönturækt, en síður í kartöflurækt og sérstaklega illa í blómarækt.

Hvað varðar ESB-aðild Finna, er það niðurstaða skýrsluhöfunda að garðyrkja þar í landi hafi tekið breytingum og lagað sig að breyttum aðstæðum. Margs konar framleiðslu finnskra garðyrkjubænda, til dæmis ræktun nokkurra blómategunda, hafi verið hætt og framleiðendur snúið sér að annars konar ræktun. Þrátt fyrir að rekstrarafkoma garðyrkjunnar þar í landi hafi versnað nokkuð fyrst um sinn, hefur hún jafnað sig og er nú svipuð og fyrir aðild.

Í skýrslunni kemur einnig fram að þrátt fyrir að um 40 prósent af styrkjum í finnskum landbúnaði í heild séu greidd af ESB, á móti 60 prósentum finnska ríkisins, séu styrkir við garðyrkju þar í landi nær alfarið greiddir af finnska ríkinu.

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka garðyrkjubænda, segir að skýrslan staðfesti það sem þeir hafi talið sig vita um væntanlega ESB-aðild.

„Við höfum verið í sambandi við kollega okkar á Norðurlöndunum og sérstaklega í Finnlandi, þar sem við sjáum hvað er að gerast í blómaræktinni. Hún mun sennilega taka á sig skarpan skell í upphafi og svo minnka hægt og rólega.“

Í lokaniðurstöðu skýrslunnar segir að ESB-aðild, ef til hennar kæmi, hefði þó nokkur áhrif á íslenska garðyrkju. Samsetning framleiðslu myndi breytast og aðlagast breyttu umhverfi, og samdráttur yrði óumflýjanlegur í ræktun sumra tegunda.

Spurður hvort garðyrkjubændur gyldu varhug við ESB-aðild sagði Bjarni að þeir hefðu stutt þá stefnu bændasamtakanna að aðild væri ekki greininni til hagsbóta.

Hann segir þó að vissulega væru tækifæri í greininni þótt til þess kæmi. „Til dæmis varðandi kartöflur, það eru ekki til rauðar kartöflur eða gerðin Helga í innflutningi. Það er séríslenskt. Ef menn leggja meiri áherslu á okkar sérstöðu í markaðsstarfi, þá gæti það unnið á móti neikvæðum áhrifum. Það er alveg á hreinu.“

Samtökin munu í framhaldinu nota skýrsluna til hagsmuna fyrir garðyrkjubændur, meðal annars til upplýsinga í aðildarviðræðunum, þar sem hún verður kynnt fyrir stjórnvöldum.



# Fyrirtæki og stofnanir athugið

## Eftirfarandi þjónustu bjóðum við **ókeypis:**

1. **Reikningagerð**
   Við höfum bein samskipti við bókhaldskerfi fyrirtækis, prentum út reikninga með merki þess og sendum samdægurs.

2. **Áminningar og eftirfylgni**
   Ef reikningar fást ekki greiddir fara þeir í milliinnheimtu.

3. **Löginnheimta**
   Ef milliinnheimta ber ekki tilskilinn árangur er réttarkerfinu beitt til innheimtu vanskilakrafna.

INKASSO

inkasso.is

**INKASSO ehf** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

# Það kemur alltaf eitthvað óvænt upp

**Mark Flanagan** hefur í tæp tvö ár verið yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi. *Óli Kristján Ármannsson* tók Mark tali og fékk hann til að líta yfir farinn veg. Mark segir hrunið hér eitt mesta fjármálahrun seinni tíma. Reynslan sýni að hvert hrun sé einstakt, sérhver staður þurfi sínar lausnir.

Viðtekin venja er hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að færa yfirmenn sendinefnda til á tveggja til þriggja ára fresti. Mark Flanagan hefur farið fyrir sendinefnd sjóðsins á Íslandi síðan í ársbyrjun 2009 og því haldið utan um þau skref sem stigin hafa verið í efnahagsáætlun stjórnvalda sem unnin var í samvinnu við sjóðinn. Forveri Marks í starfi var Paul Thomsen og á undan honum fór Petya Koeva með málefni Íslands. Núna tekur Julie Kozack við starfinu, en Mark snýr sér að málefnum Grikklands.

Áður en hann tók við málefnum Íslands segist Mark ekki hafa gert sér aðrar hugmyndir um viðfangsefnið en að við mikla erfiðleika yrði að etja. „Með reynslu af vinnu við önnur efnahagsáföll þjóða lærir maður að búast við hinu óvænta. Í eftirleik efnahagshruns er við gífurlega óvissu að fást. Það liggur ekki ljóst fyrir hvernig hagkerfið á eftir að bregðast við. Hefðbundin efnahagslíkön sem stuðst er við í hagstjórn þegar allt leikur í lyndi eru nánast gagnslaus í umhverfi hrunsins og mjög erfitt að spá fyrir um hvað komi til með að gerast,“ segir Mark. Þegar hann tók við málefnum Íslands segist hann hafa reiknað með að myndin tæki að skýrast eftir tólf til átján mánuði, en sú hafi verið raunin annars staðar.

### ÓHEFÐBUNDIN MEÐUL

Mark segir að mál hafi enda tekið að skýrast hér síðasta árið, hvar við stöndum, stefnan sem þróun efnahagslífsins hefur tekið og að hverju sé raunhæft að stefna. Í upphafi kreppu séu óvissuþættir svo margir og úrlausnarefni svo brýn að hreinlega sé ekki tími til að leggjast nákvæmlega yfir alla þætti. „Það tekur tíma að koma stefnunni á hreint á öllum sviðum og sú var sannarlega raunin á Íslandi. Ég held hins vegar ekki að neitt hafi komið á óvart í hinni stærri mynd. Maður býst við ákveðinni óvissu og að þurfa að bregðast hratt við nýjum upplýsingum. Og það höfum við gert í efnahagsáætluninni,“ segir hann og kveður reglubundna endurskoðun efnahagsáætlana nauðsynlegan þátt í að taka á breyttum aðstæðum eftir því sem slíkum áætlunum vindur fram.

Hvert land, þar sem AGS hefur þurft að hafa hönd í bagga, segir Mark Flanagan vera einstakt. Hins vegar hafi að nokkru marki auðveldað og einfaldað verkið hér að um þróað ríki var að ræða. „Ég komst að því að bæði ríkisstjórn og opinberir starfsmenn eru mjög hæfir og hafa staðið sig afar vel í að fást við hrunið. Grunnþættir svona efnahagsáætlana eru hins vegar nokkuð líkir landa á milli,“ segir hann, en kveður aðstæður hér engu að síður hafa kallað á dálítið aðra nálgun en beitt hefur verið áður hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í svipuðum aðstæðum. „Hér höfum við og ríkisstjórnin gripið til nokkurra óhefðbundinna ráða, miðað við það sem áður hefur verið gert. Eitt þeirra er beiting gjaldeyrisvarna.“ Mark segir að við upphaf efnahagsáætlunarinnar hafi stjórnvöld og sjóðurinn ákveðið að nota sjálfvirka sveiflujafnara til að draga úr falli hagkerfisins í stað sértækra aðgerða. „Alla jafna höfum við ekki tækifæri til að gera þetta hjá öðrum löndum vegna skorða við fjármögnun, en hér var þetta hægt og ég held að það hafi gert hagkerfinu gott. Hér var því beitt óhefðbundnum meðölum sem sýndi sig að voru mikilvæg viðbót við aðgerðaráætlunina og hjálpuðu til við að koma á jafnvægi.“

Samstarfið við stjórnvöld segir Mark að hafi verið náið og gott. „Við vitum hvert okkar hlutverk er, en það er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Við vitum að ríkisstjórnin kemur áætluninni í framkvæmd. Og við vitum að við höfum enga lagalega stöðu til þess að koma á þeim aðgerðum sem kveðið er á um efnahagsáætluninni. Enda eigum við enga slíka stöðu að hafa, lönd eru sjálfstæð.“



**MÓTMÆLT VIÐ ALÞINGI** Synd væri að segja að lognmolla væri í kring um efnahags- og stjórnmál þessa dagana. Hávaðamótmæli voru við stefnuræðu ríkisstjórnarinnar á mánudag, en hér má sjá þá félaga Hákon Jens Pétursson og Sigurð Harðarson (Sigga pönk) berja tunnu og hrópa „vanhæft Alþingi!“ með þúsundum annarra. MARKAÐURINN/ANTON



**MARK FLANAGAN** Fráfarandi yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi segir margt hafa áunnist í efnahagsáætlun Íslands, en sigri verði ekki lýst yfir fyrr en tekist hafi verið á við atvinnuleysi í landinu með fullnægjandi hætti. MARKAÐURINN/STEFÁN

### EITT MESTA HRUN SEINNI TÍMA

Verkefni sjóðsins við að koma með tæknilega ráðgjöf og útvega fjármögnun efnahagsáætlunarinnar segir Mark að hafi gengið vel. „Ríkisstjórnin notar okkur sem rödd sem aðstoðar við að greina mögulegar niðurstöður ólíkra leiða, greina áhættu og velja á milli ólíkra nálgana við lausn mála. Við eigum stöðugt í slíkum viðræðum við stjórnvöld og þau geta hvenær sem þau vilja upplýst um hver skoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé á ólíkum málum,“ segir hann og kveðst raunar telja að stjórnvöld ættu að upplýsa um skoðun sjóðsins. „Og svo höldum við blaðamannafundi til að kynna okkar sjónarmið.“ Við hverja endurskoðun efnahagsáætlunarinnar segir Mark hins vegar að náð sé sameiginlegri niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og sjóðsins. „Þannig er samkomulag um stöðuna við hver kaflaskil í efnahagsáætluninni, þótt okkur geti greint á um einhver mál á leiðinni. Hagfræði er ekki nákvæm vísindi og það er rúm fyrir rökræður og ólík sjónarmið.“

Mark Flanagan segir að sigrar hafi vissulega unnist í efnahagsáætlun Íslands, svo sem í að ná niður verðbólgu, í styrkingu krónunnar og viðsnúningi í viðskiptajöfnuði og í ríkisfjármálum. Hann segir sigur hins vegar ekki unninn fyrr en atvinnuleysi hafi verið útrýmt og grunnur lagður að stöðugleika og vexti efnahagslífsins. „Og hvað fjármálakerfið varðar þá varð hér mögulega einhver mesta fjármálakreppa heimsins í seinni tíð, mögulega sú mesta. Hér brast nær hver einasti þáttur fjármálakerfisins eða þurfti endurskipulagningar eða endurfjármögnunar við. Þarna hefur miklum árangri verið náð, því erfitt er að reisa kerfi við eftir jafnalgjört hrun og það hefur tekið lengri tíma en búist var við,“ segir hann en bendir á að nú séu hér starfandi þrír stórir viðskiptabankar og verið sé að ljúka endurfjármögnun flestra sparisjóðanna. „Á heildina litið myndi ég því líta svo á að við höfum unnið allnokkra sigra, en ég held að enginn fagni fyrr en við höfum tekið á atvinnumálunum, sem verða áfram í forgrunni við áframhald efnahagsáætlunarinnar.“


Átt þú jeppa frá Bílabúð Benna?

Þá er þér boðið í Jeppaferð fjölskyldunnar laugardaginn 9. október
Skráning í síma 590 2000 eða með tölvupósti á benni@benni.is
Nánari upplýsingar á www.benni.is



Dekkjatilboð!
Í tilefni jeppaferðarinnar bjóðum við öllum **15% afslátt** af Toyo vetrar- og jeppadekkjum til 9. október. Komdu við á nýja dekkjaverkstæðinu okkar að Tangarhöfða 8 og við afgreiðum þig fljótt og vel.
TOYO TIRES

SSANGYONG CHEVROLET PORSCHE Bílabúð Benna Stofnað 1975

SÚPERDÍLL

# HTC DESIRE SNERTISÍMI OG 10.000 KR. SÍMNOTKUN HJÁ NOVA!




Súperdíll er fyrir súpernotendur sem vilja vera með öflugan og góðan farsíma. Komdu við í næstu verslun Nova og gerðu Súperdíl.

SÚPERDÍLL

**HTC Desire og 10.000 kr. símnotkun á mánuði!**

Þú getur notað farsímann fyrir 10.000 kr. á mánuði í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.

Verð:
**12.990** kr./mán. í 18 mán.

Greitt með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.

Gildir með Nova áskrift og frelsi. 10.000 kr. afsláttur af símreikningi í áskrift en 30 daga áfylling í frelsi. Sérstaklega er greitt fyrir símtöl í þjónustunúmer eins og 118 og 900 númer, símtöl og SMS/MMS í erlend símanúmer og notkun erlendis.

DAGUR & STEINI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Þú velur áskrift eða frelsi. Í frelsi er ekkert mánaðargjald en í áskrift er mánaðargjaldið 490 kr. og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.




# Fjármagn *lífeyrissjóðanna* leitar í nýjan farveg

Lífeyrissjóðir landsins hafa unnið hörðum höndum að því að koma iðgjöldum úr öruggu skjóli bankanna í umferð í atvinnulífinu. Gróflega áætlað liggja rúmir 150 milljarðar króna í pípum sjóðanna. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðar hvar lífeyrissjóðirnir hafa verið að fjárfesta upp á síðkastið og hvað liggur á teikniborðinu.

Lífeyrissjóðirnir hafa verið á útopnu í íslensku atvinnu- og efnahagslífi síðustu mánuði. Nú um stundir leggja þeir grunninn að tveimur mannaflsfrekum framkvæmdum sem eiga að draga úr atvinnuleysi á næstu fimm árum. Þá hafa þeir varið tugum milljarða króna í fjárfestingar í fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um það fjármagn sem lífeyrissjóðirnir ætla í þessi viðskipti. Ætla má að lægri mörkin hljóði upp á rúma 150 milljarða króna. Ekki er útilokað að upphæðin hækki um allt að þrjátíu milljarða til viðbótar.

**TÖPUÐU MIKLU Í HRUNINU**

Lífeyrissjóðirnir töpuðu gríðarlegum fjárhæðum í hruninu haustið 2008. Hrein eign þeirra til greiðslu lífeyris nam 1.867 milljörðum króna í lok september árið 2008. Þar af voru rétt rúmir 807 milljarðar bundnir í innlendum og erlendum hlutabréfa- og verðbréfasjóðum. Á sama tíma námu bankainnistæður þeirra 85 milljörðum króna.

Í lok október, einum mánuði síðar, höfðu 186 milljarðar króna gufað upp úr bókum þeirra. Á sama tíma hafa iðgjöld þeirra í auknum mæli farið inn á bankabækur með fulla ríkisábyrgð. Í lok júlí áttu lífeyrissjóðirnir 165 milljarða króna í sjóðum og bankainnistæðum. Það er 130 prósenta aukning á tveimur árum.

**ÞVINGUÐ STAÐA**

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir lífeyrissjóðina í þröngri stöðu. Möguleikar þeirra til fjárfestinga hafi verið orðnir mjög takmarkaðir hér á landi. Á sama tíma hafi forsvarsmenn lífeyrissjóðanna staðið frammi fyrir þeim vanda að til þeirra renni rétt rúmir hundrað milljarðar í iðgjöld á ári hverju. Stórum hluta iðgjalda hafi þeir safnað í sjóði og bankainnistæður og ráði nú yfir miklu handbæru fé. Þá hafi vaxtalækkun valdið því að fjármagn lífeyrissjóðanna leiti í annan farveg, svo sem í framkvæmdir og sjóði.

Hrafn bendir á að aðkoma lífeyrissjóða að einkaframtakssjóðum hafi gefið góða raun úti í hinum stóra heimi um árabil. Framtakssjóður Íslands, sem settur var á laggirnar í fyrra, sé eftirlíking af slíkum sjóði. Fjármagn í erlendu sjóðunum sé hins vegar talsvert hærra sem hlutfall af eignum þeirra en hér, eða allt upp undir sjö prósent. Sjóðir sem þessir hugnast honum vel: „Þetta dreifir áhættunni og tekur ekki sömu sveiflur og vísitölur,“ segir hann.

Hér verður litið á þrjár helstu leiðir sem lífeyrissjóðirnir hafa farið upp á síðkastið í því augnamiði að styðja við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins. Tíminn einn mun svo leiða í ljós hver ávöxturinn verður af ævisparnaðinum.

**HLUTHAFAR Í FRUMTAKI**

| Hluthafi | Eignahlutur |
|---|---|
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 37,0% |
| Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 11,0% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 10,0% |
| Gildi lífeyrissjóður | 9,0% |
| Landsbankinn (NBI) | 7,0% |
| Íslandsbanki | 7,0% |
| Arion banki | 7,0% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 5,0% |
| Stapi - lífeyrissjóður | 4,0% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 2,0% |

## Vegir lífeyrissjóðanna og hátæknisjúkrahús

Tvö verk eru formlega í pípunum sem lífeyrissjóðirnir munu fjármagna.

Fyrra verkefnið eru vegaframkvæmdir, breikkun Suðurlandsvegar, gerð Vaðlaheiðarganga, lagning Sundabrautar og breikkun Vesturlandsvegar. Hitt er bygging nýs háskólasjúkrahúss, stundum nefnt hátæknisjúkrahús, í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Áætlaður kostnaður beggja verkefna ef allt er talið er í kringum 89 milljarðar króna.

Kveðið er á um báðar framkvæmdirnar í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, sem undirritaður var í júní í fyrra. Framkvæmdirnar eru mannaflsfrekar og munu lífeyrissjóðirnir fjármagna þær.

Lífeyrissjóðirnir hafa enn sem komið er ekki varið neinu fé í verkefnin, að sögn Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

**VEGAFRAMKVÆMDIR**

Vegaframkvæmdirnar fela í sér gerð Vaðlaheiðarganga auk þess að lokið verði við að tvöfalda Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur tvöfaldaður að hluta og Suðurlandsvegur á milli Reykjavíkur og Selfoss sömuleiðis. Þar verða áfram svokallaðir 2+1 kaflar, til skiptis ein akrein í aðra átt en tvær í hina.

Áætlaður framkvæmdakostnaður er um 31 milljarður króna á árunum 2010-2015. Að teknu tilliti til virðisaukaskatts er hann áætlaður um 38 milljarðar króna, um 8-13 milljarðar króna á ári.

Áætlað er að framkvæmdirnar verði fjármagnaðar með lánsfé, útgáfu skuldabréfa til 25 ára án ríkisábyrgðar. Stefnt er á að lánin verði greidd niður með veggjöldum.

Þessa dagana er verið að fara í gegnum forsendur Vegagerðarinnar um umferðarspá og hugsanlegan kostnað. Umræða um lánskjör er skammt komin.

**NÝR LANDSPÍTALI**

Samið var um aðkomu lífeyrissjóðanna að byggingu sjúkrahússins í nóvember í fyrra. Spitalhönnunarhópurinn hafði betur í samkeppni um tillögur að byggingunni í júlí í sumar og hefur verið samið við hann um frumhönnun og gerð alútboðsgagna. Frumhönnun mun í fullum gangi og fer hún hljóðlega þótt samstarf við lífeyrissjóðina sé lítið enn sem komið er.

Bygging nýs sjúkrahúss er komin talsvert skemmra á veg en vegaframkvæmdirnar. Þó er gert ráð fyrir að hægt verði að flytja inn í bygginguna árið 2016. Áætlaður kostnaður nemur 33 milljörðum króna. Með kostnaði við húsbúnað og tæki og endurnýjun eldra húsnæðis gæti hann farið í 51 milljarð króna.




**LITLI OG STÓRI Á GÖTUM ÚTI** Á meðal fyrirhugaðra verkefna lífeyrissjóðanna er breikkun Suðurlandsvegar að hluta á milli Selfoss og Reykjavíkur. MARKAÐURINN/GVA




**SJÚKRAHÚS FRAMTÍÐARINNAR** Þessi tölvuteiknaða mynd af nýju háskólasjúkrahúsi sýnir hvernig það mun líta út. Lífeyrissjóðirnir munu eiga húsið en hafa af því leigutekjur.

## Frumtak styður við sprotafyrirtækin

Mun eignast hlut í fimmtán fyrirtækjum þegar yfir lýkur, spáir Eggert Claessen framkvæmdastjóri.

Samlagssjóðurinn Frumtak er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, viðskiptabankanna þriggja og nokkurra lífeyrissjóða. Hann hefur yfir að ráða um fjórum milljörðum króna til að kaupa á hlutafé í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útrásar. Segja má að hann sé beint framhald af Nýsköpunarsjóði, sem fjárfestir í fyrirtækjum á klakstigi.

Frumtak var sett á laggirnar vorið 2008 en fjárfesti í fyrsta sinn í febrúar í fyrra. Sjóðurinn hefur síðan þá keypt hlutafé í sex fyrirtækjum til viðbótar, þremur til fjórum á ári fyrir 832 milljónir króna.

Hver einstök fjárfesting Frumtaks getur hlaupið á allt frá fimmtíu til fimm hundruð milljónum króna. Í reglum sjóðsins er miðað við að hann eigi hlutinn í þrjú til fimm ár. Ávöxtunarkrafa einstakra fjárfestinga er þrjátíu prósent að lágmarki. Sjálfur á sjóðurinn að vera starfræktur í sjö ár. Hann hefur heimild til að uppbótartíma í þrjú ár.

Frumtak er starfræktur sem hefðbundinn sjóður. Hann er lokaður, kallar eftir nýju fé frá fjárfestum sem hlutdeild eiga í honum og fjárfestir í fjögur ár. Fjárfestingartímabilið er því rétt hálfnað.



**EGGERT CLAESSEN** Framkvæmdastjóri Frumtaks hélt í upphafi að hann myndi drukkna í fjárfestingarkostum. Sú varð ekki raunin. MARKAÐURINN/ANTON

Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks, reiknar með því að verði fjárfest á sama hraða og hingað til muni sjóðurinn eiga í fimmtán fyrirtækjum þegar yfir lýkur. Hann segir sjóðinn nýta helming fjárfestingargetu sinnar.

„Ég hafði meiri væntingar til hans. Staðreyndin er sú að þau verkefni sem sjóðnum stendur til boða að fjárfesta í eru ekki það mörg eða af þeim gæðum sem sjóðurinn gerir kröfu um. Það er áhyggjuefni,“ segir hann. „Ég hélt í upphafi – fyrir tveimur árum – að ég myndi nær drukkna í endalausum hugmyndum. Staðreyndin er sú að svo er ekki. Við virðumst eiga nóg af hugmyndum en ekki nóg af fyrirtækjum.“



**Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins** hefur gert gátlista fyrir ferðalagið til útlanda. Meðal atriða á listanum eru ferðaviðvaranir, upplýsingar um næsta sendiráð og lög, reglur og siðvenjur í því landi sem farið er til. Sjá nánar á www.utanrikisraduneyti.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Woodex á Íslandi frá árinu 1977.
Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.
WOODEX

TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500



**Tilraun fimm verkfræðinema í HÍ til að ná myndum úr 35 kílómetra hæð yfir Íslandi heppnaðist vel:**

## Eins og að svífa út í geim

Við sendum ódýra stafræna myndavél með veðurbelg upp í loftið og vorum búnir að forrita hana áður til að taka myndir með vissu millibili. Svo tók hún líka vídeómyndskeið, meðal annars þegar hún lyftist upp með miklum krafti frá rótum Akrafjalls rétt ofan við göngin og beindi linsunni yfir Reykjavík. Svo er annað myndskeið úr 28-32 kílómetra hæð, rosalega flott. Það er bara eins og maður sé svífandi úti í geimnum.“ Þannig lýsir Arnar Freyr Lárusson myndum sem hann og félagar hans úr verkfræðideild Háskóla Íslands náðu nýlega úr háloftunum.

;Á FERÐINNI | 3

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél
og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Nýir Kjólar



Verð kr. 8.900

Litur: Svart, grátt og dökkrautt

Kíkið á heimsíðuna okkar www.rita.is

Ríta
www.rita.is

Bæjarlind 6 • Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
Opnum kl. 10:00 alla daga nema sunnudaga

Jeppadekk & fólksbíladekk

Umfelgun með afslætti
þessa dagana fyrir bæði fólksbíla og jeppa!
Komdu núna og fáðu **fría vetrarskoðun** í leiðinni!

Frábært verð



- DEKK
- RAFGEYMAR
- BREMSUKLOSSAR
- SMURÞJÓNUSTA
- PERUR
- RÚÐUÞURKUR
- ALÞRIF & TEFLONBÓN
- SÆKJUM OG SKILUM

Allt á einum stað!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

GRAFIKER

**Landakort.is** er vefgátt fyrir landfræðilegar upplýsingar á Íslandi. Þar eru birtir tenglar á vefsíður sem sýna kortagögn og annað landfræðilegt efni innanlands sem utan. Jafnframt eru birtar fréttir um það sem er helst að gerast hér á landi í útgáfumálum korta og landsupplýsingaþjónustu á netinu.



REYNSLUAKSTUR

# Með þægindin í fyrirrúmi

**Nýjasta kynslóð Lexus RX 350 sportjeppa fer nálægt því að kallast hinn fullkomni bíll, í það minnsta hvað varðar þægindi og lipurð í akstri. Bíllinn er kraftmikill og sportlegur, en lipur og þægilegur um leið og sameinar þar með kosti sportbílsins og stærri bíla.**

Gallar eru vandfundnir á nýju 2010 árgerðinni af Lexus RX 350 sportjeppanum. Bíllinn er barmafullur af hvers kyns þægindum, auk þess sem þessi nýja kynslóð jeppans heldur sportlegri í útliti en þær fyrri.

Svo þægilegur er bíllinn í akstri að maður fær nánast á tilfinninguna að hann geti ekið sér sjálfur. Þá vantar ekkert upp á kraft og snerpu og því undir ökumanni komið hvort aksturinn er sportlegur, eða hvort hægindi ráða för.

Raunar virðast þægindi ökumanns hafa verið hönnuðum bílsins efst í huga. Gildir einu hvort horft er til umgengni við bílinn eða akstursins. Aðgengi að bílnum er „lyklalaust“, en það þýðir að ökumanni nægir að hafa lykilinn í vasanum og skynjarar í hurðarhúnum sjá svo um að læsa og aflæsa. Þegar sest er inn í dökka leðurinnréttinguna er bíllinn svo ræstur með því að ýta á hnapp í mælaborði. Þá kemur í ljós að bíllin er afar hljóðlátur (líka í akstri). Meira að segja eru rafmagnsdrifnar hliðarrúður nánast hljóðlausar.

Í akstri er bíllinn svo eins og hugur manns, en RX 350 jepplingurinn er drifinn af þriggja og hálfs lítra 275 hestafla V6 bensínvél. Sjálfskiptingin er sex þrepa og mjúk með afbrigðum. Einnig er hægt að fá bílinn með „hybrid“ vél (rafmótor og bensínvél saman) og heitir þá RX 450h.

Bíllinn, sem er rétt um tvö tonn að þyngd, nær hundrað kílómetra hraða á átta sekúndum, en skráður hámarkshraði er 200 kílómetrar á klukkustund. Því ætti enginn að þurfa að hafa minnimáttarkennd þótt farið yrði með bílinn á hraðbrautir Þýskalands. Bensíneyðslan er svo furðulítil miðað við kraft, rétt rúmir 14 lítrar á hundraðið í borgarakstri, 8,4 á vegum úti og 10,6 í blönduðum akstri.

Sjón er svo sögu ríkust þegar kemur að hægindum sem í bílinn er byggð og fulllangt mál að ætla að telja það allt upp. Bakkmyndavélin er fín og svo skemma ekki möguleikar á blátannartengingu við síma, afbragðshljómtæki fyrir sex geisladiska og aðrir innanstokksmunir. Þá munar um hluti á borð við vatnsfráhrindandi gler í framrúðum, regnskynjari í þurrkum, aðskilinn hitastillir fyrir ökumann og farþega, sjálfvirk deyfing á baksýnisspegli, rafstillanleg sæti og svo margvíslegur öryggisbúnaður á borð við hraðanæmt rafaflsstýri, BAS-hemlunaraðstoð og loftpúðakerfi.

Samkvæmt verðlista Lexus á Íslandi kostar RX350 sportjeppi með staðalbúnaði rúmar 11,4 milljónir króna og tæpar 14,2 milljónir í lúxusútgáfu.

*olikr@frettabladid.is*



Það þarf enginn að skammast sín fyrir að mæta í vinnuna í nýjum Lexus RX 350 sportjeppa. Bíllinn er eins og hugur manns. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Upplýsinga- og bakkmyndavélarskjá er haganlega komið fyrir í ofanverðum miðjustokki mælaborðsins.



Rúmgóð leðurhægindi taka vel á móti ökumanni þegar sest er upp í nýjan Lexus RX 350 sportjeppa.



Ný kynslóð RX 350 sportjeppa Lexus er sportleg á að líta og sómir sér jafnt í óbyggðum sem borgarumferð.

**Lexus RX 350**

**Vélarstærð:** V6/24 bensínvél 3,5 lítrar
**Gírkassi:** Sívirkt aldrif, 6 þrepa sjálfsk.
**Hestöfl:** 275
**Eyðsla, blandaður akstur:** 10,6 L
**0-100 km/klst.:** 8,0 sek.
**Þyngd:** 1.975-2.085 kg
**Stærð farangursrýmis:** 1.133-2.273 L

**Plús:** Lipur, kraftmikill og hljóðlátur. Eins og hugur manns í akstri.

**Mínus:** Verðmiði sem ekki hæfir meðalmanninum.

Árvekni gegn streitu og verkjum

Árangursrík aðferð gegn síþreytu, krónískum verkjum og vefjagigt.

Námskeið hefst 12. október

Nánari upplýsingar: www.salfraedingur.is



Björgvin Ingimarsson
sálfræðingur
Sími: 571 2681




UWAGA KIEROWCY

Kurs na prawo jazdy kategorii
C i CE rozpocznie sie 8 pozdziernika.
Kurs bedzie tlumaczony na jezyk
polski.Chetnych prosimy o kontakt.



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD



Tel:
567030,7728079

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.




SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Stórglæsilegur
7 manna lúxusjeppi

Mercedes Benz GL
320 CDI
4Matic, 1/2008.

ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Bakkmyndavél - Dráttarbeisli - DVD spilari - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasín - Geislaspilari - Glertopplúga - Handfrjáls búnaður - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Intercooler - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Minni í sætum - Nálægðarskynjarar - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Reyklaust ökutæki - Smurbók - Spólvörn - Túrbína - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Xenon aðalljós - Þakbogar - Þjófavörn - ekin Akstur 88.000 km verð.13.700.000

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN • TANGABRYGGJA 14.16 - Sími 567-4840/567-4841



Hinir fimm fræknu verkfræðinemar: Arnar Freyr Lárusson, Þórir Guðlaugsson, Daði Bjarnason, Darri Kristmundsson og Hagalín Ásgrímur Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Vélin smellti af Akrafjallinu á leiðinni upp.



Litið niður á Langjökul.



Þessi er tekin í 32 kílómetra hæð.

Framhald af forsíðu

Flugvélar fljúga í 10 kílómetra hæð en myndavél fimmmenninganna úr verkfræðideild HÍ fór rúmlega þrefalt hærra. Þeir komu henni fyrir í frauðplastkassa með linsuna út úr einni hliðinni og sendu hana upp með loftbelg, fylltum helíum. Linsan sneri alltaf út á hlið og örlögin réðu í hvaða átt hún skaut. Markmiðið var meðal annars að sýna að það þarf ekki að hafa NASA á bak við sig til að taka flottar myndir úr háloftunum, að sögn Arnars Freys, eins nemanna. Hann upplýsir að tilraunin hafi kostað 200 þúsund og hefði getað verið ódýrari. En nýtist verkefnið til rannsókna? „Við vorum með tæki líka sem mælir geislavirkni," svarar hann. „Ósonlagið er einn helsti skjöldurinn gegn henni og er rétt ofan við þá hæð sem flugvélar fljúga í. Þegar belgurinn var kominn í gegnum ósonlagið fór geislavirknin upp úr öllu valdi."

- Rannís styrkti verkefnið.
- Myndavélin náði 50 km hraða á niðurleið.
- Um 100 myndir eyðilögðust.

Ungu mennirnir völdu dag fyrir verkefnið eftir vindátt og skýjafari en hvernig náðu þeir myndavélinni niður? „Þegar andrúmsloftið þynnist eykst þrýstingur inni í belgnum þannig að hann stækkar þar til hann springur. Svo tekur fallhlíf við og hægir á ferðinni," lýsir Arnar Freyr. Hann segir útreikninga hafa heppnast svo vel að vélin hafi lent um hundrað metra frá vegi í grennd við Hellu. „Við vorum með senditæki í kassanum og síðustu hnit fengum við þegar hann var í 2-300 metra hæð. Því þurftum við bara að leita á afmörkuðu svæði."

Arnar Freyr segir þá félaga hafa verið mjög spennta að skoða myndirnar. „Í 20 kílómetra hæð hafði komið móða á linsuna og við óttuðumst að allt sem vélin tók eftir það væri ónýtt. En sex kílómetrum hærra hafði móðan horfið og þá komu flottar myndir. Við lentum í tilfinningarússibana þegar við sáum að verkefnið hafði heppnast, hoppuðum og dönsuðum."

*gun@frettabladid.is*

## Gengið um Perú um páskana

Ferðaskrifstofan ÍT ferðir býður upp á páskaferð til Perú. Hún hefur í 14 ár skipulagt ýmiss konar öðruvísi hópferðir. Í fyrra stóð ferðaskrifstofan fyrir vel heppnaðri göngu- og ævintýraferð um nokkur af fallegustu svæðum Perú. Var þar meðal annars gengið um í Dalnum helga og Colca-gili og sjálfur Inkavegurinn genginn.

Páskaferð til Perú verður endurtekin í ár en lagt verður í hann hinn 7. apríl og dvalið í rúmar þrjár vikur, til 30. apríl. Flogið er til Lima í Perú, með viðkomu á leiðinni í New York en drög að ferðaáætluninni eru komin á heimasíðu ÍT ferða, itferdir.is. *- jma*



Perú er ævintýralegur staður fyrir göngugarpa.

Bleikir dagar

20% afsláttur af völdum bleikum vörum

Bleika slaufan fæst hjá okkur

vertu vinur á facebook

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Stelpur Konur mótun
Staðurinn - Ræktin
NÝTT!
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur
Innritun í síma 581 3730
Ný námskeið hefjast 11. október
6 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.
Verð kr: 19.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn
• Upphitun í tækjasal 20 mín • MÓTUN, æfingakerfi 40 mín
• Hentar öllum aldursflokkum
Mánudaga og miðvikudaga • kl 16:40
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 10:30
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Vandaðir skór fyrir veturinn!
Sérlega þægilegir herraskór úr mjúku leðri og með góða breidd.



„aircomfort"
Teg: 48096
Litir: svart og brúnt
Stærðir: 40 - 47
Verð: 19.885.-
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur



BASLER
YFIRHAFNADAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM
GILDIR TIL 19.OKTÓBER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Stelpur Konur STOTT PILATES
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES
Innritun í síma 581 3730
Ný námskeið hefjast 11. október
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
• Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
• Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
• Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
• Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.
Kennt er 2x í viku í 6 vikur. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Mánudaga og miðvikudaga • kl 10:30, Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 16:30
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.900.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# BÍLAR & FARATÆKI



M.Benz GL 320 CDI Diesel, 05/2008 Ekinn 34þús. 7manna, Leður, loftpúðar, DVD ofl. Ásett Verð 11.900.000.-



Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel Turbo, 08/2005 Ekinn 130þús. Ssk, 7manna. Ásett Verð 4.790.000.- TILBOÐ 4.190.000.-



Suzuki Swift 1.3 GL, 11/2007 Ekinn 35þús. Bsk 5gíra. Ásett Verð 1.690.000.-



Toyota Avensis 1.8 Wagon Terra, 07/2002 Ekinn 179þús. Ssk. Mjög snyrtilegur bíll. Ásett Verð 990.000.-




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**






Nissan Patrol Elegance 35" 2/2008 Ek.35 þkm. Stærri breytingin, sjálfsk, leður, loftdæla, auka tankur. Glæsilegt eintak. Tilboð kr.5.990.- Skoðar skipti á ód.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**




## Viltu selja fljótt og vel.....

Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu ... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasöluimiðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bíllinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbilar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - netbilar@netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



CITROEN C2 VTS. Árgerð 2007, ekinn 33 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.690 Áhvl.960Þ Rnr.120279 Vegna mikillar sölu og eftirspurnar undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar WWW.HOFDABILAR.IS

**Höfðabílar**
**Fosshháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**




VW Touareg 2 V6, árg 2/2008, ek 34þús.km, 281hö, sjálfsk, leður, lúga, rafmagn í afturhlera, omfl, Mjög flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6890þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Toyota AYGO árg. ,06 ek. 80 þús. sk. ,11. V. 1250 þús. kr. ath. sk. ódýrara eða 1050 stgr. S. 861 7158.



L-300 árg. ,93 ek. 151 þús. Sk. ,11. Afturhj. drifinn. 7 manna. Sumar + vetrardekk. Þarfnast smá lagfæringar. Staðgr. 290 þús. Uppl. í s. 897 9875.



Volvo XC90 árg. ,04 ek. 76 þús. mílur 7 manna. Fjarlægðarskynjarar. Dráttarkúla. Ágúst, s. 840 7080.



Toyota 4Runner árg. ,93. Ek. 190 þús. V. 400 þús. S. 844 7851.

Stolinn Renault Laguna station, dökk grænn #Pv836. Ef einhver hefur upplýsingar hringja í 616 2597. Fundarlaun í boði.

## 0-250 þús.



**Tilboð 100 Kall**
Nissan Almera ,96 bsk. 5 dyra. 1400. Ek 215 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Er í daglegri notkun. S. 891 9847.

## 250-499 þús.



**Tilboð 250 þ.**
VW Golf árg. „96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.



**Tilboð 280 þ.**
Toyota Carina E 1,8 árg.'96 ek. 240. ný skoðuð. 5 gíra, beinskiptur og dráttarkrókur. Verð 280þ. Uppl. í s. 659 3459.



Nissan Micra ,98 til sölu ekinn 159 þ.km. Nýskoðaður, beinskiftur, fallegur og góður bíll. Verð 350 þúsund staðgreitt. Upplýsingar í síma 820 4640.



**!!! Sparibaukur 390þús!!!**
Renault clio ll 1.4 árg. 2001 ekinn 130þ. bsk. sk 11 mjög gott eintak uppls 777-3077.

100% tilboð! Kia Clarus, árg.'00, sjálfskiptur, 340þús. áhugasamir hafi samband í s. 7724726,8493707.

## 500-999 þús.



**BJALLA Á TILBOÐI 690 þús!!!**
Volkswagen New Beetle 2.0 árg'98 ek.150 þús,5gíra beinskiptur,ný skoðaður 2011 ekta gellubíll! ásett verð 850 þús TILBOÐ 690 ÞÚS STGR! til sýnis og sölu á höfðahöllinni Tangabryggju 14-16 Sími 567 4840

## Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

**Óska eftir bíl**
Óska eftir bíl fyrir allt að 300.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

## Vörubílar

Óska eftir 4x4 vörubíl með platta og helst snjótönn. Uppl. í síma: 696 9695 eftir kl 16.

## Mótorhjól




## Vespur




Ný sending af Vespum á frábæru verði kr 229,999 Hagkaup Garðabæ 563 5412

## Fjórhjól



CanAm outlander 800 Max XT ,07 ek. 9000 sk. 2011. Hiti í handföngum og þumli, stórt farangursbox með áföstum töskum, 2 kolpin bensinbrúsar, loftdæla ofl. frábært ferðahjól. V. 1980 þús. áhv. 1200 þús. Engin skipti. Einnig kerra undir hjólið. 60 þús. 693 5455.

## Vinnuvélar



BRAVISOL INNILYFTURNAR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9M VINNUHÆÐ. DAGLEIGA AÐEINS KR. 4900.+vsk DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

Óska eftir veghefli helst Cat 140 eða 160 eða sambærilegt. Óska einnig eftir snjóblásara fyrir 20 tonna peiloter árg. 2000 eða yngri. Uppl. s: 696 9695 e. kl 16.

Þýskir aðilar óska eftir að kaupa allar tegundir vinnuvéla, sérstaklega vörubíla, bílkrana og steypubíla. Uppl. í síma 866 8926.

## Bátar

Skrúfur beint frá framleiðanda og flest annað fyrir bátinn. www.somiboats.is

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

# ÞJÓNUSTA

## Sendibílaþjónusta




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Gluggahreinsun, klæðingarhreinsun. s. 663 0000




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 849 9600

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Garðaumsjón: Létti á trjám og runnum fyrir veturinn. Algjör nauðsyn. Halldór garðyrkjum. s: 698 1215.




**EIGNASAFN FRUMTAKS***

| Fyrirtæki | Atvinnugrein | Upphæð (í milljónum) |
|---|---|---|
| Median - rafræn miðlun | Upplýsingatækni | 80 |
| Meniga | Upplýsingatækni/veflausnir í fjármálum | 90 |
| Gogogic | Upplýsingatækni/tölvuleikjagerð | 150 |
| Andersen & Lauth | Fataðiðnaður/hönnun | 200 |
| Handpoint | Upplýsingatækni | 100 |
| AGR - Aðgerðagreining | Upplýsingatækni/birgðakerfi og söluspár | 112 |
| Trackwell | Upplýsingatækni/hugbúnaður fyrir forðastýringu | 100 |
| **Samtals:** | | **832** |

* Eignarhlutur Frumtaks í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í ákvarðast ekki fyrr en við sérstakt uppgjör kaupsamnings, sem í flestum tilfellum er 24 til 36 mánuðum eftir fjárfestingu. Sá tímarammi er ekki liðinn að fullu.

**FJÁRFESTINGAR FRAMTAKSSJÓÐS ÍSLANDS**

| Fyrirtæki / eign | Atvinnugeiri | Eignarhlutur |
|---|---|---|
| Icelandair Group | Flugrekstur/samgöngur | 30% |
| *Kaupverð 3,0 milljarðar kr.* | | |
| *Áreiðanleikakönnun stendur enn yfir* | | |
| **Vestia** | | |
| - Icelandic Group | Sjávarútvegur | 100% |
| - Húsasmiðjan | Byggingariðnaður | 100% |
| - Plastprent | Iðnaður | 100% |
| - Teymi | Upplýsingatækni | 62% |
| - Vodafone | | |
| - EJS | | |
| - Skýrr | | |
| - HugurAx | | |
| *Kaupverð* | | *19,5 milljarðar króna* |
| *Heildarverðmæti eigna Framtakssjóðsins (auk Vestia):* | | *22,5 milljarðar króna* |

# Framtakssjóðurinn eygir von um að ná aftur hluta af tapi lífeyrissjóðanna

Lífeyrissjóðir um alla heim eru að fjárfesta í fyrirtækjum sem eiga í samkeppni, segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins.

„Það gefur auga leið að í hruninu fóru fjölmörg góð fyrirtæki illa. Þau eru í tímabundnum erfiðleikum, lentu inni í bönkunum og bjóðast nú til kaups. Við ætlum að nýta þetta tækifæri,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands. Sextán lífeyrissjóðir stofnuðu sjóðinn í desember í fyrra.

Finnbogi hefur lýst því yfir að með sjóðnum eygi lífeyrissjóðirnir tækifæri til að endurheimta hluta þeirrar glötuðu ávöxtunar sem hvarf í hruninu. „Ég trúi því að þessar fjárfestingar skili góðri ávöxtun,“ segir hann. Markmiðið er að minnsta kosti fimmtán prósenta ársávöxtun. „Ég yrði ekki ánægður með minna.“

**LOKAÐUR SJÓÐUR**

Framtakssjóðurinn er byggður á erlendri fyrirmynd einkaframtakssjóða (e. private equity funds). Sjóðirnir safna fjárfestum í ákveðinn tíma áður en þeim er lokað. Stefnt er á að loka dyrum Framtakssjóðsins á fyrstu mánuðum næsta árs.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingum Framtakssjóðsins verði lokið fyrir árslok 2013. Stefnt er að því að hann eigi eignir í fjögur til sjö ár en selji þær síðan eða skrái á hlutabréfamarkað.

**GRÍÐARLEG KAUPGETA**

Stefnt er að því að Framtakssjóðurinn ráði yfir sextíu milljörðum króna. Samkvæmt reglum Framtakssjóðsins er lágmarksfjárfesting hans tvö hundruð milljónir króna en hámarksfjárfesting í einu verkefni nemi fimmtán prósentum af stærð hans. Fari sjóðurinn í sextíu milljarða getur hann varið níu milljörðum að hámarki í kaup á einu fyrirtæki.

**SKOÐA ÖLL TÆKIFÆRI**

Einu kaup sem Framtakssjóðurinn hefur lokið er þrjátíu prósenta hlutur í Icelandair Group. Áreiðanleikakönnun stendur enn yfir á eignarhaldsfélaginu Vestia, sem sjóðurinn kaupir af Landsbankanum fyrir 19,5 milljarða króna. Búist er við að henni ljúki í lok mánaðar. Hljóti einhver fyrirtækjanna ekki náð fyrir augum Framtakssjóðsins verða þau send aftur til föðurhúsa.

Eins og sést á meðfylgjandi töflu snerta eignir Framtakssjóðsins flesta atvinnugeira nema helst fjármálageirann. Finnbogi segir alla möguleika í skoðun. „Ég hef frekar séð fyrir mér að lífeyrissjóðirnir muni sjálfir fjárfesta beint í bönkunum. Mér þykir það líklegast, en það er ekkert útilokað að Framtakssjóðurinn yrði meðfjárfestir í slíku ef áhugaverð tækifæri gefast,“ segir hann.

**GAGNRÝNI SVARAÐ**

Framtakssjóðurinn hefur sætt gagnrýni fyrir fjárfestingar sínar, ekki síst í fyrirtækjum sem eiga í samkeppni við önnur.

Finnbogi segir fjárfestingar Framtakssjóðsins ekkert frábrugðnar fjárfestingum erlendra lífeyrissjóða. Hann nefnir kaup danskra sjóða á bankanum FIH af skilanefnd Kaupþings.

„Þeir sem halda þessu fram eru í raun að segja að lífeyrissjóðirnir eigi ekki að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Ég er algerlega ósammála þessu sjónarmiði. Satt best að segja veit ég ekki hvernig íslenskt atvinnulíf og lífskilyrði á Íslandi mundu þróast ef lífeyrissjóðirnir okkar myndu algerlega neita að koma að fjárfestingum í nýsköpun, þróun og endurreisn íslensks atvinnulífsins,“ segir hann og bendir á að lífeyrissjóðir um heim allan fjárfesti í atvinnufyrirtækjum sem eigi í samkeppni.

**ERLENDIR FJÁRFESTAR**

Erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga á því að kaupa hlut í Framtakssjóðnum. Finnbogi segir það koma vel til greina. „Það væri að mínu mati mjög jákvætt fyrir okkur að fá áhættufé inn í landið með þeim hætti. Það liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir munu alltaf eiga meirihluta hlutafjár í Framtakssjóðnum, en ég myndi taka því fagnandi ef erlendir aðilar vildu fjárfesta í sjóðnum,“ segir hann. Málið er í skoðun og engin niðurstaða komin í það.



**FINNBOGI JÓNSSON** „Til greina kemur að selja erlendum aðilum hlut í Framtakssjóðnum,“ segir framkvæmdastjóri hans. Hann blæs á gagnrýni á fjárfestingar sjóðsins. MARKAÐURINN/GVA

**60 milljarðar króna**

**HLUTHAFAR FRAMTAKSSJÓÐSINS**

| Lífeyrissjóður | Eignahlutur |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 19,9% |
| Gildi Lífeyrissjóður | 18,8% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 13,3% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 10,0% |
| Stafir lífeyrissjóður | 10,0% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 8,0% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 5,0% |
| Festa lífeyrissjóður | 3,3% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 2,7% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 2,0% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 2,0% |
| Lífeyrissjóður bankamanna | 1,6% |
| Eftirlaunasjóður FÍA | 1,4% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 1,0% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 0,7% |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 0,2% |



**ÚR VERSLUN YGGDRASILS** Lífeyrissjóðir eru stórir innflytjendur á lífrænum matvælum í gegnum fagfjárfestingarsjóð Auðar Capital. MARKAÐURINN/HEIÐA

# Auður Capital ávaxtar pund lífeyrissjóða

**3,2 milljarðar króna**

Nokkrir af helstu lífeyrissjóðum landsins settu, ásamt öðrum, fjármagn í stýringu í fagfjárfestingarsjóðnum Auði 1 hjá Auði Capital á vordögum 2008.

Sjóðurinn hefur yfir að ráða 3,2 milljörðum króna og hefur hann til þessa varið tæplega helmingi fjárhæðarinnar ýmist til kaupa á fyrirtækjum í heild sinni eða stórum hlut í þeim. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins kemur fram að miðað sé við að fyrirtækin hafi þriggja til fimm ára rekstrarsögu, mikla vaxtarmöguleika og séu ýmist í eigu eða undir stjórn kvenna.

Sjóðurinn keypti á vordögum 2008 þrjátíu prósenta hlut í ELM Design, sem hannar og framleiðir tískufatnað fyrir kvenfólk. Hann fór sér hægt í kringum hrunið en hefur verið á fleygiferð síðan, er nú stór á sviði innflutnings og sölu á lífrænum vörum, á fjarskiptafyrirtæki, hlut í upplýsingatæknifyrirtækjum og öryggisfyrirtæki. Segja má að óbeint styðji fyrirtækin hvert við annað.

Segja má að lífeyrissjóðirnir hafi elt eigið skott þegar Tal var boðið til sölu. Framtakssjóður Íslands, sem er í eigu lífeyrissjóða, bauð í fyrirtækið en varð að lúta í lægra haldi fyrir Auði 1, sem lífeyrissjóðir eiga hlut í. Framtakssjóðurinn tók sömuleiðis þátt í fyrri hluta tilboðsferlis Securitas þegar félagið var boðið til sölu. Sjóðurinn dró sig úr því.

Auður Capital er bundið trúnaði um bæði hvaða lífeyrissjóðir settu fé í stýringu í Auði 1 árið 2008 og hversu stóra hlutdeild þeira eiga í sjóðnum.

**FJÁRFESTINGAR AUÐAR 1**

| Fyrirtæki | Atvinnugrein | Eignarhlutur |
|---|---|---|
| Tal | Upplýsingatækni/fjarskipti | 95% |
| Yggdrasill | Verslun/heilsa | 100% |
| Vera líf | Verslun/heilsa | 100% |
| Maður lifandi | Verslun/heilsa | 80%+ |
| Bio vörur | Verslun/heilsa | 80%+ |
| ELM Design | Fataiðnaður/hönnun | 38,5% |
| Gagnavarslan | Upplýsingatækni | 22% |
| Securitas | Öryggisfyrirtæki | 20% |

# Áhrif kreppunnar á starfsemi Íbúðalánasjóðs

ORÐ Í BELG

**Ívar Ragnarsson**
sviðsstjóri fjármálasviðs hjá Íbúðalánasjóði.



Málefni Íbúðalánasjóðs hefur nokkuð borið á góma í fjölmiðlum undanfarið. Sjóðurinn yfirtók verkefni Húsnæðisstofnunar með lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og tók til starfa í upphafi ársins 1999. Afkoma sjóðsins var jákvæð frá stofnun hans allt til miðs árs 2008 að einu ári undanskildu. Eiginfjárhlutfall hans jókst jafnt og þétt á þessum árum og var komið upp í 8 prósent um mitt ár 2008.

Frá stofnun sjóðsins hafa verið gerða nokkrar kerfisbreytingar á rekstri hans, þær viðamestu árið 2004 þegar húsbréfakerfið var lagt niður og stærstum hluta húsbréfa sjóðsins skipt yfir í íbúðabréf. Nýja íbúðabréfakerfið leiddi til þess að sjóðurinn gat lækkað vexti til viðskiptavina sinna um samtals 0,95 prósent í kjölfarið.

### BANKAR OG SPARISJÓÐIR

Aðeins um tveimur mánuðum eftir að íbúðabréfakerfið var sett á stofn komu viðskiptabankar og sparisjóðir inn á íbúðalánamarkaðinn af gríðarlegum krafti og buðu upp á endurfjármögnun lána. Leiddi það til uppgreiðslna hjá sjóðnum fyrir um 236 milljarða frá ágúst 2004 til ársloka 2006 en við þær dróst vaxtamunur sjóðsins saman. Sjóðurinn dró svo sem hægt var út þau húsbréf, sem enn voru á skuldahlið hans í aukaútdráttum fyrir um 81 milljarð á árunum 2004-2006.

Leitað var til Seðlabankans um ávöxtun á þessu fé en hann bauð umtalsvert lægri ávöxtun en aðrar fjármálastofnanir og var sú ávöxtun hvorki verðtryggð né í samræmi við líftíma skuldbindinga sjóðsins. Því má segja að það hafi vart verið kostur fyrir sjóðinn að geyma allt uppgreiðslufé hjá Seðlabankanum þar sem sjóðurinn gætti ekki með því jafnvægis milli eigna og skulda eins og honum ber að gera skamkvæmt ákvæðum laga og reglugerða.

Sjóðurinn greip því til þess ráðs að semja við banka og sparisjóði með lánasamningum um kaup á greiðsluflæði hluta þeirra íbúðalána sem þeir höfðu þá þegar lánað viðskiptavinum sínum. Lánin í lánasamningunum þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði til að draga úr áhættu sjóðsins. Samtals námu þessi kaup um 100 milljörðum króna á árunum 2004-2005.

Sjóðurinn upplýsti Fjármálaeftirlitið um fyrirhugaða lánasamninga í desember 2004. Nokkur umfjöllun var um kaupin á þessum tíma og í kjölfar umræðu á Alþingi var Ríkisendurskoðun fengin til að kanna réttmæti þeirra. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2005 kemur meðal annars fram að hvorki lög né reglur hafi verið brotin í þessu sambandi heldur hafi sjóðurinn ávaxtað féð eins og honum bar að gera. Á blaðsíðu 26 í skýrslunni segir: „Af framansögðu verður því ekki annað ráðið en að sjóðurinn hafi með aðgerðum sínum á sviði áhættustýringar náð að verja sig fjárhagslegum áföllum“.

Þess ber að geta að ávöxtun innlánsreikninga Seðlabankans var á árunum 2005-2009 samtals um tíu prósentum lægri en ávöxtun lánasamninganna sem þýðir að ef umrætt uppgreiðslufé hefði verið lagt í Seðlabankann og geymt þar á tímabilinu, væri eigið fé sjóðsins um 10 milljörðum króna lægra en það er í dag.

Einhverra hluta vegna hefur umræddum kaupum verið líkt við undirmálslán en það eru lán sem veitt eru lántakendum sem taldir eru í ákveðnum áhættuhópi og því eru þau lán talin áhættumeiri en önnur lán og þess vegna kölluð undirmálslán. Íbúðalánasjóður takmarkaði áhættu sína með því að velja sérstaklega áhættuminni lán í lánasöfnum bankanna og er því óraunhæft að líkja umræddum kaupum eða lánasamningum við undirmálslán.

### EIGINFJÁRHLUTFALL SJÓÐSINS

Nú þegar hefur komið fram að í kjölfar bankahrunsins hefur sjóðurinn orðið fyrir tapi vegna útlána en einnig hefur orðið tap á lausafé sjóðsins sem var að mestu varðveitt hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Aukin vanskil og útlánatöp lántakenda sjóðsins og aukinn á fjöldi íbúða í eigu hans hafa auk þessa haft neikvæð áhrif á afkomu og þar með á eiginfjárhlutfall hans. Rétt er þó að benda á að fram að falli bankanna hafði Íbúðalánasjóði tekist vel til í lausafjár- og áhættustýringu sinni, ásamt því að vanskil hjá sjóðnum voru í sögulegu lágmarki.

Í lok júní 2010 átti sjóðurinn 739 íbúðir sem hann hafði eignast eftir uppboð og hugsanlega gætu þær orðið yfir 1000 í lok árs 2010 og gæti það, samhliða auknum vanskilum, leitt til þess að útlánatap sjóðsins aukist enn frekar og geti skipt milljörðum króna á næstu árum. Þá hefur rekstrakostnaður sjóðsins aukist, einkum vegna reksturs uppboðsíbúða. Þessir þættir kunna því að leiða til enn frekari lækkunar á eiginfjárhlutfalli sjóðsins sem við síðasta árshlutauppgjör var 2,1 prósent.

Borið hefur á þeim misskilningi að þetta hlutfall þurfi að vera 5,0 prósent svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Svo er ekki enda hefur sjóðurinn staðið við þær þrátt fyrir lækkandi eiginfjárhlutfall. Um mikilvægi eiginfjárhlutfallsins er því deilt. Þá er í því sambandi vert að vekja athygli á því að aðgengi sjóðsins að fjármagni með útboðum íbúðabréfa hefur verið mjög gott að undanförnu.

### MIKILVÆG VINNA FRAM UNDAN

Starfandi er vinnuhópur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem fjalla á um eiginfjárhlutfall sjóðsins og leggja fram tillögur í því sambandi. Sjóðurinn hefur þegar skilað viðskipta- og rekstraráætlunum fyrir árin 2010–2013 til Fjármálaeftirlitsins í tengslum við samvinnu stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þær áætlanir mun vinnuhópurinn notast við til grundvallar vinnu sinni.

Ekki þarf að fjölyrða um þau gríðarlegu áhrif og afleiðingar sem núverandi efnahagskreppa, einhver sú stærsta í manna minnum, hefur haft á innlendan fjármálamarkað, fasteignamarkað, heimili og fyrirtæki. Það er því ekki óeðlilegt að Íbúðalánasjóður hafi einnig fundið fyrir þeim áhrifum. En þrátt fyrir það mun sjóðurinn áfram leggja sitt af mörkum til að koma til móts við lántakendur á þeim erfiðu tímum sem nú eru í efnahagslífinu, með þeim úrræðum sem í boði eru ásamt því að vinna áfram að nýjum leiðum til að auka við þjónustu sína við lántakendur og styðja við innlendan fasteignamarkað eins og honum ber skylda til. Mikilvægi sjóðsins endurspeglast í því lagalega hlutverki hans, sem meðal annars er að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, sem og að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.




# Auglýsingar til almannaheilla

**Fítonblaðið tekur upp hanskann fyrir auglýsingar.**

Auglýsingar njóta ekki sannmælis í umræðunni á Íslandi, að því er kemur fram í nýútkomnu tölublaði Fítonblaðsins, sem er gefið út árlega af auglýsinga- og markaðsstofunni Fíton.



ÞORMÓÐUR JÓNSSON

Meginþráðurinn í blaðinu er að þrátt fyrir neikvæða umræðu komi auglýsingar öllum til góða. Í leiðara blaðsins segir að auglýsingar geti auðveldað fólki að finna sér vörur og þjónustu, stuðli að virkri samkeppni lægra vöruverði, styðji góð málefni og skapi tekjur fyrir þjóðarbúið.

Þormóður Jónsson hjá Fíton segir blaðið taka á þessari neikvæðu umræðu sem og forræðishyggju.

„Við teljum að auglýsingar séu hornsteinn í allri samkeppni sem heldur niðri vöruverði. Þá vinnum við í auglýsingabransanum líka að almannaheill, þar sem við í Fíton gáfum til dæmis okkar vinnu í átakinu Á allra vörum sem safnaði 40 milljónum á dögunum.“

Þormóður bætir því við að forræðishyggja, til dæmis varðandi auglýsingar á áfengi, skaði innlendan iðnað sem keppi við erlenda vöru sem birtist í erlendum miðlum. Þá styðji auglýsingar samkeppni og lýðræði í gegnum upplýsingamiðlun, meðal annars með því að frambjóðendur geti kynnt sig og sín baráttumál fyrir væntanlegum kjósendum.

Auglýsingar séu, þegar allt kemur til alls, jákvæðar fyrir samfélagið í heild sinni.

„Það þarf að hugsa út fyrir boxið þegar verið er að ræða neikvætt um auglýsingar vegna þess að í auglýsingalausum heimi erum við ráðvillt.“ - þj



# Nýherji selur húsið í Borgartúni

Eigið fé Nýherja styrkist um nálægt einum milljarði króna á árinu 2010.

Viðskipti Stjórn Nýherja hefur ákveðið að nýta heimild aðalfundar frá því í febrúar til að auka hlutafé félagsins um 120 milljónir króna að nafnverði. Félagið hefur samið við fjárfesta um kaup á hlutafénu á genginu 7,0. Heildarsöluverð nemur því 840 milljónum króna.

„Í þessari viku verður hlutafé að nafnvirði tæplega 28 milljónir króna skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands, en hlutafé að nafnverði 92 milljónir króna verður skráð í desember. Um helmingur hlutafjáraukningarinnar kemur frá nýjum hluthöfum,“ segir í tilkynningu Nýherja.

Félagið hefur jafnframt gengið frá samningum við Arion banka og Íslandsbanka um endurskipulagningu á langtímalánum félagsins. Þá hefur Nýherji selt húseign sína í Borgartúni 37 fyrir 1.650 milljónir króna, en hefur samhliða gert samning til fimmtán ára um leigu á húsinu. Fram kemur í tilkynningunni að hagnaður vegna sölunnar nemi 82 milljónum króna.

„Heildaráhrif aðgerðanna eru að eigið fé félagsins styrkist um nálægt einn milljarð króna á árinu 2010. Að loknum þessum aðgerðum er fjárhagsstaða Nýherja orðin sterk á ný og eiginfjárhlutfall félagsins verður yfir 30 prósentum í lok árs,“ segir í tilkynningu Nýherja. - óká



**NÝHERJAHÚSIÐ** Nýherji hefur gert samning um fimmtán ára leigu á húseign sem félagið hefur selt.



**RAKEL SVEINSDÓTTIR** Endurreisn fyrirtækja byggir á efnahagsreikningum þeirra. Því er mikilvægt að skila ársreikningum, segir framkvæmdastjóri Creditinfo.

## Þriðjungur skilar ársreikningum

Af 32.488 skilaskyldum fyrirtækjum höfðu 10.929 skilað ársreikningum í lok september. Þetta jafngildir 34 prósentum allra fyrirtækja og þykir framför frá fyrri árum. Frestur til að skila reikningunum rann út í lok ágúst.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir ársreikningaskilin geta skipt sköpum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki nú þegar leiðir séu að opnast fyrir aðstoð við þau.

„Sú endurreisn getur ekki farið fram byggð á rekstrargögnum frá því hrunárið 2008 eða eldri,“ segir Rakel og bætir við að fyrirtæki af þessari stærðargráðu þurfi mest á aðstoð að halda. „Það væri slæmt ef aðstoð til þeirra myndi áfram seinka vegna þess að menn eru einfaldlega ekki enn búnir að gera upp málin fyrir árið 2009.“ - jab

## Fjallað um sköttun afskrifaðra skulda

„Skattlagning við eftirgjöf á skuldum“ er yfirskrift námskeiðs Endurmenntunar Háskóla Íslands í nóvemberbyrjun.

Námskeiðið er sagt ætlað öllum sem láta sig skattamál varða í einni eða annarri mynd.

Í kynningu Endurmenntunar er bent á að vegna kreppunnar hafi jafnt einstaklingar og fyrirtæki þurft að gangast undir fjárhagslega endurskipulagningu og að lán hafi verið gefin eftir, að hluta eða í heild, í tengslum við endurskipulagninguna. „Eins og oft er í okkar landi deila menn um skattlagningu þessa. Vilja sumir meina að skilyrðislaust beri að skattleggja eftirgjöfina á meðan aðrir halda því fram að hún sé undanþegin skatti að fullu,“ segir í kynningu námskeiðsins.

Á námskeiðinu fer Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögmaður og sérfræðingur í skattarétti, yfir gildandi íslenskar skattareglur um álitaefnið og Jane Bolander, prófessor í skattarétti við Syddansk Universitet, fjalla um dönsku löggjöfina, en á henni byggir sú íslenska. - óká


ÞESSAR TVÆR BRÉFAKLEMMUR ERU EKKI ALVEG EINS

Önnur þeirra hefur aldrei komist í kynni við pappír, ferðast um heiminn í umslagi og tekið virkan þátt í viðskiptalífinu.
Hin pappírsklemman er eins og Fjárvakur.
Hún býr að mikilli reynslu.



FJÁRVAKUR ER EKKI EINS OG ÖNNUR FJÁRMÁLAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Fjárvakur er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í umsjón bókhalds, launavinnslu og annarra fjármálaferla. Rúmlega 100 starfsmenn Fjárvakurs á Íslandi og í Eistlandi búa yfir áralangri reynslu og þekkingu á fjármálaferlum og vinnslu og dreifingu fjárhagsupplýsinga.

Fjárvakur veitir trausta alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf til meðalstórra og stórra fyrirtækja í þeim tilgangi að auka gæði og áreiðanleika upplýsinga og lækka kostnað.

Fyrirtækið býður viðskiptalausnir í fremstu röð og framúrskarandi þjónustu. Notast er við niðurstöður úr árlegri þjónustukönnun til að viðhalda og auka ánægju viðskiptavina.

KYNNTU ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

FJÁRVAKUR – FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA EHF.
REYKJAVÍKURFLUGVELLI I 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 250 I FAX 50 50 259
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS
WWW.FJARVAKUR.IS

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

# Slagurinn tapast eða vinnst í borgunum

**Kína lítur á Ísland sem sitt helsta samstarfsland við nýtingu jarðvarma. Forseti Íslands segir útlit fyrir að vestræn ríki tapi orkunýtingarkapphlaupinu. *Óli Kr. Ármannsson* sat Driving Sustainability ráðstefnuna.**

Með fyrri orkuskiptum þar sem hætt var að nota olíu og kol til húshitunar og jarðvarmi tók við hafa Íslendingar sýnt heiminum að slíkar umbreytingar eru færar, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, á alþjóðlegu ráðstefnunni Driving Sustainability sem fram fór í Reykjvík í september. Hann segir raunhæfan möguleika á að Reykjavík gæti með orkuskiptum í samgöngum orðið fyrsta borg í heimi til þess að reiða sig að fullu á visthæfa orku.

Ráðstefnan er árviss og á henni fjallað um hvernig hægt er að koma á visthæfum samgöngum, hér á landi og í heiminum öllum.

Ráðstefnuna sótti fjöldi fyrirlesara víðs vegar að úr heiminum, fulltrúar bílaframleiðenda, orkufyrirtækja, stjórnmálamenn og forsvarsmenn sprotafyrirtækja.

Ólafur kvaðst þess fullviss að drifkraftur breytinga í samgöngum kæmi til með að eiga sér stað á vettvangi borgríkjanna, en þar kæmu í ljós vandamál tengd umferð og vatnsskorti. „Slagurinn verður unninn, eða tapast, í borgunum,“ sagði hann í setningarræðu sinni á ráðstefnunni.

„Kína ætlar sér að taka í notkun eina milljón bíla sem nota visthæfa orku innan fárra ára,“ benti Ólafur Ragnar á í ræðu sinni, en hann var við setningu ráðstefnunnar nýkominn frá Kína. Hann hafði í ræðu sinni eftir varaforseta Kína, sem hann hafði nýverið hitt og sagði líklegastan til að taka við forsetaembættinu, að Kína liti nú á Ísland sem sinn helsta samstarfsaðila í virkjun jarðvarma í Kína.

Ólafur sagði að á öllum stigum stjórnmála og fræða í Kína væri markvisst unnið að því að umbreyta landinu frá því að vera steinefnaeldsneytisland yfir í að verða á næstu tuttugu árum í fararbroddi helstu iðnríkja í notkun á visthæfri orku. „Breyting á sér stað frá borg til borgar, héraði til héraðs,“ sagði Ólafur Ragnar og kvað horft til þess að nota sambland ýmissa orkugjafa, hvort sem það væri lífrænt gas, vindorka, vatnsafl eða jarðvarmi.

Taki Evrópa og Bandaríkin ekki til hendinni segir Ólafur Ragnar fullvíst að Kínverjar nái á þessum tuttugu árum afgerandi forystu í þróun á allri tækni sem snúi að nýtingu visthæfrar orku. „Og í því felst áskorunin nú. Við þurfum að horfast í augu við hvernig við stöndumst samanburðinn við Kína, sem þá verður fremst á þessu sviði í heiminum.“ Hann segir kapphlaupið vera við Kína. „Og ef við töpum því þá verður tæknin og aðferðirnar sem þróað er í Kína útflutningsvara þeirra til okkar heimshluta. Ekki okkar tækni og sérfræðiþekking þangað.“

Ástæður Kínverja til þess að taka upp visthæfa orku eru af tvennum toga, að mati Ólafs Ragnars. Mengun í Kína sé orðin uppspretta óánægju sem þegar sé orðið vart og geti alið af sér stjórnmálalegan óróleika. Þannig hafi síðustu ár verið um 50 þúsund mótmæli á ári í Kína vegna mengunar. Hin ástæðan segir Ólafur að sé bráðnun jökla í Himalajafjöllunum. „Kínverjum finnst bitamunur en ekki fjár, hvort sú bráðnun á sér stað á 30 eða 70 árum,“ sagði hann.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forseti Íslands segir Reykjavík geta orðið fyrstu borg í heimi til að verða 100 prósent visthæf, með því að húshitun byggi á jarðvarma og bílar aki um á vistvænu innlendu eldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tekið á vegalengdaótta

Reynslan frá Tókýó sýnir að eftir að settar voru upp hraðhleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla sexfaldaðist notkun þeirra. Þó eru hleðslustöðvarnar ekki mikið notaðar, fólk hleður bílana frekar heima, að sögn Hiroaki Takatsu, forstjóra Rafmagnsveitna Tókýó.

Takatsu sótti Driving Sustainability ráðstefnuna í Reykjavík í nýliðnum mánuði, en hann er jafnframt talsmaður fjölþjóðafyrirtækisins CHAdeMO, sem vinnur að stöðlum og samhæfingu fyrir rafmagnsbíla. Í máli hans kom fram að í Japan notaði fólk hraðhleðslustöðvarnar að jafnaði tvisvar í mánuði. Framþróun í gerð rafhlaða fyrir rafmagnsbíla segir Takatsu nú gera hraðari hleðslu þeirra mögulega með hærri spennu. Með því að koma upp háspennudreifikerfi til hraðhleðslu bíla segir Takatsu raunhæft að notkun þeirra aukist verulega og þeir verði raunverulegur valkostur.



**HIROAKI TAKATSU**

## Persónugervingar á ferð

Allmargir þættir þurfa að koma saman við hönnun farartækja, að því er fram kom í máli Chris Bangle, fyrrverandi aðalhönnuðar BMW-bílaframleiðandans, á Driving Sustainability ráðstefnunni í Reykjavík. Hönnuðir þurfa að horfa til þess hvaða þætti verði að hafa með, hvað sé hægt að gera, hvað þeir vilji gera og sé skynsamlegt að gera. „Til dæmis er skynsamlegt að hafa bollastatíf, þau eru nú meðal þess sem fólk býst við að sé í bílum,“ sagði hann.

Framþróun í tækni segir Bangle svo breyta því sem mögulegt sé að gera, um leið hún breyti upplifun fólks af bílum sem farartækjum. Þannig sé allt önnur upplifun að aka bíl með hljóðlátum rafmótor og stiglausri hröðun en að aka drynjandi átta gata bensíntryllitæki. Bílar segir Bangle að séu að vissu marki endurspeglun á einhverjum persónueiginleikum eigendanna og það verði að hafa í huga þegar maður velti fyrir sér samgöngumáta framtíðar. Hann var fenginn til að velta upp sýn sinni á samgöngur eins og þær gætu orðið árið 2050. Bangle benti líka á að hvert farartæki tæki um 10 fermetra pláss og því kæmu upp vandamál með pláss með auknni auðlegð og bílaeign í þriðja heiminum.

Með allt þetta í huga kom Chris Bangle upp með nokkuð byltingarkennda framtíðarsýn þar sem bíllinn er nokkurs konar einmenningsumgjörð, með persónueinkennum eigandans, en vél og dekk væru staðlaðar einingar sem fólk leigði eftir því sem þörf væri á. Bíllinn yrði nokkurs konar persónugervingur (e. avatar) eigandans. Bensínstöðvar dagsins í dag fengju svo nýtt hlutverk sem viðhalds- og geymslustöðvar fyrir þá hluti sem fólk samnýtir, dekk, mótora og rafhlöður. Hvert farartæki myndi nota tvö dekk og vildu fleiri fara saman, þá væri bílpersónugervingunum smellt saman og hóað í fleiri dekk. „Einu sinni snerist framtíðarsýnin um að bílar gætu flogið. Það verður bara að koma í ljós hvort mín sýn verður raunin eða eitthvert millistig verður til, það verður bara að koma í ljós,“ sagði Chris Bangle.



**CHRIS BANGLE** Fyrrverandi aðalhönnuður BMW lýsti sýn sinni á framtíðarhönnun bíla á Driving Sustainability ráðstefnunni sem fram fór á Hilton Nordica. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Michael Porter kynnir rannsóknina

Skrifað hefur verið undir samkomulag milli ráðgjafarfyrirtækisins Gekon og Arion banka um að bankinn verði aðalbakhjarl rannsóknar á klasamyndun í íslenskum jarðvarmageira. Rannsóknin sem er unnin undir forystu dr. Michael Porter, prófessors við Harvard-viðskiptaháskólann, verður kynnt á ráðstefnu í Háskólabíói 1. nóvember næstkomandi.

„Michael Porter er einn helsti fræðimaður heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni þjóða, og höfundur klasakenningarinnar svokölluðu (e. Cluster policy),“ segir í tilkynningu um samstarfið. Kenningin tekur til myndunar sérhæfðra klasa, svo sem á sviði hátækni, sjávarútvegs, iðnaðar eða jarðvarma, sem gera eiga samfélögum kleift að rækta styrkleika sína með skilvirkum og árangursríkum hætti.

Michael Porter kynnir rannsókn sína og með hvaða hætti best sé að haga uppbyggingu íslensks jarðvarmaklasa á ráðstefnunni. Einnig fjallar dr. Christian Ketels, einnig frá Harvard, um einkenni íslenskra jarðvarmaklasa og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ræðir hlutverk stjórnvalda. - óká



**Í ÍSLANDSHEIMSÓKN** Michael E. Porter sótti landið heim árið 2006 og sést hér heilsa Geir H. Haarde sem þá var forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þúsundir spila víkingaleik

„Leikurinn hefur gengið frábærlega vel. En það er auðvitað verk að vinna,“ segir Jón Heiðar Þorsteinsson, markaðsstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Gogogic, sem á og rekur netleikinn Vikings of Thule. Rúmlega 133 þúsund manns spila orðið leikinn í hverjum mánuði.

Vikings of Thule er hlutverkaleikur sem spilaður er í gegnum samfélagsvefinn Facebook. Notendur fá þar hlutverk víkingahöfðingja sem stefna með vopnaskaki og öðrum hætti á að komast til æðstu metorða á Alþingi.

Á upplýsingasíðunni Appdata, sem mælir notkun leikja á samfélagsvefjum kemur fram að 13.268 manns spili leikinn á hverjum degi. Síðastliðinn mánuð hafi 133.636 manns spilað hann. Jón Heiðar bendir á að leikurinn hafi tekið kipp í ágúst þegar markaðssetning hófst á leiknum og hann fór að fá góða dóma og umfjöllun á alþjóðlegum tölvuleikjavefjum eins og til dæmis hjá leikjatímaritinu PC Gamer.



Til samanburðar er langvinsælasti netleikurinn FarmVille, samkvæmt upplýsingum Appdata. Hann spiluðu rúmlega 61,7 milljónir manna í síðasta mánuði. - jab

# Evruríkin hvetja Kína

Evruríkin sextán sendu í gær frá sér hvatningarorð til kínverskra stjórnvalda, þar sem þeim er eindregið ráðlagt að leyfa kínverska gjaldmiðlinum júan að styrkjast í samanburði við aðra gjaldmiðla.

Þeir Jean-Claude Juncker, sem er í forsvari fjármálaráðherra evrusvæðisins, Olli Rehn, sem fer með peningamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og Jean Claude-Trichet, seðlabankastjóri Evrópusambandsins, hittu Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, og sögðu honum að með því að halda gjaldmiðlinum niðri búi Kínverjar til viðskiptahalla bæði í Evrópuríkjum og í Bandaríkjunum. - gb

# Þarf að endurgreiða

Jerome Kerviel, fyrrverandi verðbréfamiðlari hjá franska bankanum Societé Generale, þarf að endurgreiða bankanum hvorki meira né minna en 4,9 milljarða evra, eða rétt tæplega 760 milljarða króna fyrir hlutdeild sína í fjársvikamyllu, sem er ein sú stærsta sem sögur fara af.



JEROME KERVIEL

Ljóst þykir að Kerviel er engan veginn borgunarmaður fyrir þessu, enda vann hann bara hjá bankanum og fékk samtals um 100 þúsund evrur útborgaðar í laun og kaupauka.

Kerviel var dæmdur í þriggja ára fangelsi, sem kom fáum á óvart, en hinu áttu víst fáir von á að dómarinn myndi gera honum að endurgreiða tjónið sem hann varð valdur að með fjárhættuspili sínu í bankanum síðla árs 2007 og fram á árið 2008. - gb



ÓPUSallt
matar okkur á upplýsingum

„Við höfum notað Ópusallt í næstum áratug og það hefur stækkað með okkur. Notendaviðmótið er þægilegt og starfsmenn geta auðveldlega nálgast allar upplýsingar, á öllum stigum starfseminnar. Við höfum bætt við kerfið sérstökum lausnum vegna aukinna umsvifa og HugurAx hefur alltaf brugðist fljótt við og sniðið kerfið fullkomlega að okkar þörfum hverju sinni.“

**Auðjón Guðmundsson,**
markaðsstjóri Kjarnafæðis.

**Kjarnafæði** er eitt stærsta kjötvinnslu- og matvælaframleiðslufyrirtæki landsins. Fyrirtækið hefur starfað í 25 ár og vaxið jafnt og þétt. Ársvelta fyrirtækisins er nú yfir 2 milljarðar króna. Hjá Kjarnafæði starfa um 120 starfsmenn við framleiðslu, birgðahald, lagervinnu, dreifingu, sölu matvæla o.fl. Framleiðslan er afar fjölbreytt og fyrirtækið rekur starfsstöðvar á Akureyri, Svalbarðseyri og í Reykjavík. Daglega eru afgreidd yfir 700 vörunúmer til mörg hundruð viðskiptavina um land allt, matvöruverslana, mötuneyta og veitingastaða. Kjarnafæði notar Ópusallt.

**Ópusallt – gerir allt!**
Ópusallt er allt í senn: Stjórntæki, upplýsingakerfi og bókhaldskerfi. Allt viðmót er einstaklega þægilegt, lítið mál að setja upp sölunótur, reikninga, tilboð o.fl.

**Íslenskur hugbúnaður fyrir íslenskar aðstæður**
Ópusallt er hannað fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi. Fyrir vikið þarf ekki að verja dýrmætum tíma í aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum. Notendur Ópusallt þurfa heldur ekki að greiða leyfisgjöld sem taka mið af himinháu erlendu gengi.

HUGUR / AX
Guðríðarstíg 2–4
113 Reykjavík
Sími 545 1000
www.hugurax.is

ÓPUSallt
Viðskiptalausn frá HugAx

ÚR FORTÍÐINNI



MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Álver rís í Straumsvík

Í ár eru 47 ár liðin frá því framkvæmdir við álverið í Straumsvík hófust í útjaðri Hafnarfjarðar. Samningar um byggingu álversins höfðu staðið yfir á milli svissneska fyrirtækisins Alusuisse og Viðreisnarstjórnarinnar svokölluðu, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, um nokkurra ára skeið.

Skrifað var undir árið 1966 og sá Búrfellsvirkjun álverinu fyrir orku. Þegar álverið í Straumsvík var tekið í notkun í maí árið 1970 var framleiðslugetan 33 þúsund tonn á ári í 120 kerum. Verksmiðjan hefur verið stækkuð nokkrum sinnum síðan þá.

Framleiðslugetan er 180 þúsund tonn í dag. Stefnt er að því að stækka það frekar, í 220 þúsund tonn á næstu tveimur árum. - jab

# Ná sama styrk eftir eitt til tvö ár



**SEÐLAR** Við hrun bankakerfisins 2008 skertust eignir lífeyrissjóða í einu vetfangi um 15 til 20 prósent. MARKAÐURINN/STEFÁN

Haldi lífeyrissjóðirnir áfram að vaxa með sama hraða og þeir hafa gert eftir hrun íslensku bankanna er líklegt að þeir nái sama raunstyrk og fyrr eftir 12 til 24 mánuði, að því er fram kemur í 31. tölublaði í efnahagsritsins Vísbendingar. „Þetta þýðir að í hruninu hafa þurrkast út þrjú til fjögur ár," segir þar jafnframt.

Bent er á að við hrun efnahagskerfisins í október 2008 hafi lífeyrissjóðir landsmanna orðið fyrir stóráfalli eins og allir sem áttu eignir. „Á augabragði skertust eignir lífeyrissjóðanna um milli 15 og 20 prósent. Óvissa ríkti um marga eignaliði og nokkurn tíma tók að færa tapið að fullu til bókar," segir þar og áréttað að óvíst sé að enn séu öll kurl komin til grafar. „Til dæmis er enn óvissa um gengisvarnasamninga sjóðanna, hvort þeir muni þurfa að greiða bönkunum háar fjárhæðir vegna þeirra eða hvort fall bankanna hafi valdið forsendubresti. Sjóðirnir hafa þegar fært háar fjárhæðir til gjalda vegna þessa." - óká


SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!




**STÓRGLÆSILEGUR** Fallega rauður Audi Q7 jepplingurinn laðar til sín ófá augnatillit þeirra sem á annað borð hafa áhuga á bílum. Bílnum fer jafn vel að bruna á þjóðvegum landsins, skjótast innanbæjar eða klöngrast ófærur. MARKAÐURINN/ÓKÁ

# Voldugur og flottur



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*

Maður kann hálfilla við að kalla Audi Q7 jeppling, enda er hann stór og voldugur. Heitið sportjeppi fer honum betur. Tekin var til kostanna 2007 árgerðin af þessum bíl, Audi Q7 TDi með þriggja lítra dísilvél, hlaðin aukabúnaði og hægindum. Spurningunni um hvort bíllinn standi undir því að vera kallaður „forstjórabíll" er auðsvarað, hann gerir það vel.

Bíllinn er fallegur á litinn og sportlegur á 20 tommu álfelgum. Því var ekki að undra að stöku sinnum mátti við reynsluaksturinn sjá vegfarendur líta hann aðdáunaraugum. Hann er með gagnsætt sólþak sem nær aftur fyrir aftursæti. Ökumaður dregur svo fyrir og frá og sæti sínu eftir hentugleikum. Þá er opnanleg sóllúga yfir bílstjóra og farþegasæti, sömuleiðis rafdrifin.

Í bílnum eru ljós leðursæti, viðaráferð á innréttingum og fjögurra arma leðurklætt aðgerðastýri. Hægindi og aukabúnaður er í slíku magni að ófært er að telja það allt upp hér. Nægir að nefna haganlegan skriðstilli, bakkmyndavél, sjálfvirka tvískipta miðstöð, rafdrifin framsæti, lyklalaust aðgengi (kjósi maður að taka lykilinn ekki upp úr vasanum nægir að taka í dyr til að þær aflæsist og takkar við hlið bílstjórasætis ræsa bílinn og drepa á honum), aksturstölvu og þar fram eftir götunum.

Í fyrstu óttaðist undirritaður að jafn stór og þungur bíll myndi reynast þunglamalegur í akstri. Sá ótti reyndist ástæðulaus. Vélin er með 233 hestafla TDi-dísilvél sem með loftpúðafjöðrun gerir að verkum að bíllinn er eins og hugur manns, hvort heldur sem er í innanbæjarskutli, þjóðvegaakstri eða í torfærum.

Bíllinn er sjálfskiptur og má segja að hann taki „virðulega" af stað þegar hann er í „drive" (D), en kjósi maður að láta hann taka betur við sér, smellir maður skiptistönginni í S-stillingu (sport) og hendist fram úr eða stekkur af stað, rétt eins og maður væri á sportbíl.

Loftpúðafjöðrun hækkar og lækkar bílinn eftir óskum ökumanns, en valið er um fjöðrun á stórum upplýsingaskjá bílsins (sem einnig er skjár bakkmyndavélarinnar). Einnig er hægt að láta tölvu bílsins eftir að ráða fjöðruninni. Þá getur ökumaður skipt á milli sjálfskiptingar og tiptronic skiptingar, en þá ræður hann gírnum sjálfur.

Bíllinn er með sítengt fjórhjóladrif, en tölva deilir aflinu á milli fram- og afturáss eftir þörfum hverju sinni. Samkvæmt óformlegri afl- og sprækleikakönnun virðist bíllinn rétt rúmar átta sekúndur að ná 100 kílómetra hraða. Hlýtur það að teljast vel af sér vikið af jafnstórum bíl.

Í sportstillingunni er vélin heldur fljótari að taka við sér og heldur sér á hærri snúningi. Tæpast er þó ráðlegt að hafa bílinn alltaf í sportgír því hann brennir jú heldur meiri olíu þannig. Annars virðist eyðsla í blönduðum akstri vera nálægt tíu lítrum á hundraðið. Innanbæjar eyðir bíllinn um og yfir 12 lítrum (eftir aksturslagi) og dettur svo niður fyrir átta lítra á vegum úti.

Síðan er bara spurningin hvernig manni lýst á verðmiðann, en um leið er ljóst að maður fær töluvert fyrir þær tæpu níu milljónir sem settar eru á bílinn. Nýr og með sambærilegum búnaði er verðmiðinn á fimmtándu milljón króna.



**MÆLABORÐIÐ** Upplýsingaskjár bílsins, þar sem hentugt er að flakka á milli útvarpsstöðva, velja fjöðrun eftir aðstæðum, eða breyta öðrum stillingum, er líka skjár bakkmyndavélar. MARKAÐURINN/ÓKÁ

HELSTU STAÐREYNDIR

| Audi Q7 TDi, árgerð 2007 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 8.950.000 krónur |
| Ekinn: | 63.400 km |
| Lengd: | 508,6 cm |
| Breidd: | 198,3 cm |
| Litur: | Rauður |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 2.295 kg |
| Burðargeta: | 695 kg |
| Slagrými: | 2.967 cm3 |
| Afl: | 233 hö |
| Eldsneyti: | Dísil |




**ERIC HOLDER** Dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Krítarfyrirtæki ákærð

Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur höfðað dómsmál á hendur þremur stærstu kreditkortafyrirtækjum landsins, American Express, Mastercard og Visa, fyrir brot á samkeppnislögum.

Eric Holder dómsmálaráðherra sagði jafnframt samkomulag hafa tekist við tvö fyrirtækjanna, Mastercard og Visa, sem lofa að banna ekki kaupmönnum að veita notendum tiltekinna korta afslátt.

Holder sagði fyrirtækin hafa haldið neytendum í gíslingu, en nú eigi að snúa því við og neytendur eigi að hagnast. - gb




**KB RÁÐGJÖF** Sér um lífeyrissparnaðarleiðina Vista fyrir Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Óheimilt að greiða þóknanir

Óheimilt er að ráðstafa iðgjöldum þeirra viðskiptavina sem eru með viðbótarlífeyrissparnað með öðrum hætti en í beinan sparnað, samkvæmt fjármálaráðuneytinu. Þeim aðilum sem haga samningum sínum svo, eins og Arion banka og KB ráðgjöf, hefur verið gerð grein fyrir því, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið hefur á árinu hafnað beiðnum um staðfestingu á reglum lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um aðra ráðstöfun iðgjalda en heimil er samkvæmt lögum.

„Iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt samningi um séreignarsparnað skuli einungis verja til öflunar lífeyrisréttinda. Ekki sé að finna nein frávik frá þeim lögum,“ segir í svari ráðuneytisins til Fréttablaðsins.

Arion banki ákvað að hætta að selja nýja samninga Vista í kjölfar umfjöllunar um sex greiðslur mánaðarlegra iðgjalda sem renna í þóknun til KB ráðgjafar en ekki í lífeyrissparnað viðskiptavina, sem þeir gætu átt á hættu að borga bakreikninga af. Ríkisskattstjóri sendi fjármálaráðuneytinu bréf í apríl varðandi málið, sem hefur verið til skoðunar síðan þá. Ráðuneytið hefur engum óskum eða fyrirmælum beint til ríkisskattstjóra um að iðgjöld sem ráðstafað hefur verið í þóknanir til fyrirtækja verði skoðuð. - sv

# Jöfn kynjahlutföll í framkvæmdastjórninni

Átta nýir framkvæmdastjórar voru ráðnir til Landsbankans í fyrradag, en þeir munu hver stýra sínu sviði í nýju skipuriti bankans. Alls sóttu um 300 manns um stöðurnar. Ráðin voru þau: Árni Þór Þorbjörnsson, Frans Páll Sigurðsson, Helgi Teitur Helgason, Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Hreiðar Bjarnason, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Perla Ösp Ásgeirsdóttir.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir í samtali við Markaðinn að um sé að ræða áherslubreytingu í starfi bankans. „Við erum að setja mun meiri áherslu á viðskiptavinina þar sem við vinnum eftir lykilhugtökunum: hlusta, læra og þjóna.“

Í tilkynningunni vekur bankinn athygli á því að í hópi nýju framkvæmdastjóranna eru jafn margar konur og karlar. Kristján segir að það sé meðvitað framtak, enda sé jafnrétti eitt af hugtökunum sem eru í stefnu Landsbankans.

Skuldavandi heimila og fyrirtækja er eitt af stærstu viðfangsefnum Landsbankans að sögn Kristjáns. Til að bregðast við því, eru í skipuritinu tvær einingar, heilt svið til að þjóna fyrirtækjum og ný ráðgjafastofa fyrir heimili í skuldavanda. - þj



**NÝRÁÐNINGAR** Landsbankinn réði til sín átta nýja framkvæmdastjóra í gær. 300 manns sóttu um stöðurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**20** milljarðar króna er sú upphæð sem ríkissjóður gæti þurft að leggja til bankanna vegna dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán samkvæmt mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

**10** prósenta samdráttur var á gistinóttum erlendra ferðamanna á hótelum í ágúst miðað við sama tíma í fyrra.

**50** prósent er samdrátturinn í sölu á erlendri tónlist frá 2005. Rúmlega 820 þúsund eintök af hljómplötum seldust hér árið 2005 en 420 þúsund eintök í fyrra. Helsta ástæðan er talin ólöglegt niðurhal á tónlist.

## BANKAHÓLFIÐ

### Einkennilegir samningamenn

Sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson átti sviðið á haustráðstefnu Stjórnvísi á föstudag þegar hann fjallaði um viðskipti Íslendinga við erlenda aðila í gegnum tíðina. Guðni rifjaði upp sögu sem breskur embættismaður hafði sagt honum af samningaviðræðum Íslendinga og Breta í þorskastríðunum á seinni hluta síðustu aldar. Bretanum þóttu Íslendingar heldur sérstakir samningamenn. Í raun hefðu þeir ekki kunnað að semja við erlendar sendinefndir, hvað þá að prútta.



### Léleg lending

Samkvæmt sögu Guðna lögðu Bretar fram kröfu um 150 þúsund tonna veiðiheimildir innan íslensku landhelginnar. Það kom ekki til greina hjá íslensku sendinefndinni og bauð hún 70 þúsund tonn. Í kjölfarið var samningafundi slitið. Báðir aðilar fóru heim og lögðu heilann í bleyti. Þremur vikum síðar hittust þeir við samningaborðið á ný. Bretar lögðu nýtt tilboð upp á 130 þúsund tonn. Íslensku sendinefndinni líkaði það jafn illa og fyrra boð og lögðu fram nýtt tromp: Bretar gætu fengið 30 þúsund tonn! Guðni sagði þetta lélega samningatækni. Í viðræðum reyndu menn að ná lendingu, að nálgast hvor annan. Það hefði greinilega ekki sýnt sig í samningum Íslendinga við Breta að þeir fyrrnefndu hefðu kunnað að prútta.



### Trúarritin heit

Þekkt er að fólk leiti í trúna á erfiðum tímum. Eins og Fréttatíminn greindi frá í sínu fyrsta tölublaði á föstudag er bókin Orð dagsins úr Biblíunni, úrval tilvitnana úr ritningunni, mest selda bókin á rýmingarútsölu bókaútgefenda í Borgartúni. Annað hljóð er í strokknum á bókamarkaði Máls og menningar við Laugaveg. Þar á bæ er á toppnum sjálfur Kóraninn, trúarrit múslima. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér ritið verða að drífa sig því útsölunni lýkur 10. október. Ekki er útilokað að afsláttur eigi þátt í miklum áhuga á ritunum. Bók Ólafs kostar 490 krónur og Kóraninn 890. Sjálf Biblían er ekki á útsölu. Hún kostar litlar sjö þúsund krónur.






SKRIFSTOFUTÆKJADEILD ORMSSON ER FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð



ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

CASIO
SKJÁVARPI
LED pera með 20.000 tíma endingu.
2000 ANSI lumens.
15"- 300" stærð á mynd.
1280 x 768 upplausn.
Tengi: D-Sub, HDMI og USB
– **USB tengi tekur minnislykla beint** og þarf því ekki tölvu.
Þráðlaust Wlan tengi við tölvu.



**Verð kr: 249.900,-**

# Hvað er að óttast?

ESB



Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
MA í stjórnmálafræði, í stjórn Evrópusamtakanna

Íkomandi aðildarviðræðum við ESB er ljóst að sjávarútvegsmál verða einn erfiðasti málaflokkurinn. Andstæðingar ESB-aðildar hafa hamrað á reynslu Norðmanna í aðildarviðræðum og hafa þá sérstaklega rætt um sjávarútvegssamninginn frá 1994. Sagt hefur verið að Norðmenn hafi fengið mjög slæman samning og því sé útilokað að Ísland fái nokkuð annað. Vægast sagt lýsir þetta sjónarmið mikilli þröngsýni og mótast ef til vill af því að sterkustu hagsmunir þeirra sem eru í greininni felast í því að halda öllu óbreyttu.

En sé litið nánar á aðildarsamning Norðmanna kemur annað í ljós, nefnilega það að þeir fengu mjög góðan samning. Í bókinni Gert út frá Brussel, eftir Úlfar Hauksson, er farið rækilega í saumana á sjávarútvegsstefnu ESB og hugsanlegri aðild Íslands að ESB.

Í aðildarviðræðum settu Norðmenn sér það markmið að tryggja stöðu fiskveiða og fiskeldis í Noregi. Þeir settu líka fram ýmsar kröfur varðandi smábátaútgerð, veiðistjórnun, markaðsaðgang og svo framvegis. Til dæmis fengu þeir algert tollfrelsi af norskum fiskafurðum, samkvæmt samningnum.

Það sem Norðmenn þurftu að gefa eftir var lítilsháttar aukning í þorskveiðum norðan 62. breiddargráðu, úr 1,28% af heildarafla, í 1,57% (8.960 tonn í 10.990 tonn, af 700.000 tonna heildarafla!). Norðmenn þurftu svo að semja um deilistofna, eins og yfirleitt er gert.

Veiðireynsla Norðmanna tryggði þeim áfram yfirráð á sínum veiðisvæðum samkvæmt reglunni um hlutfallslegan stöðugleika. Þessi regla á líka við um Ísland, enda hefur engin þjóð veitt hér við land frá lokum landhelgisdeilunnar árið 1976, þegar lögsaga okkar var færð út í 200 sjómílur.

Á fundi fyrir skömmu sagði aðalsamningamaður Íslands gagnvart ESB engan vafa leika á því að engin þjóð ætti hér veiðirétt. Það er að við Íslendingar ættum einir réttinn hér við land. Skýrara getur það ekki verið.

Aðildarsamningur Norðmanna tryggði þeim einnig varnir gegn svokölluðu „kvótahoppi,“ en í Noregi gilda þær reglur að aðeins norskir ríkisborgarar geta átt fiskiskip sem gerð eru út frá Noregi. Og aflanum skyldi landað í heimahöfn skipsins, sem hefði „efnahagsleg tengsl“ við viðkomandi svæði.

Með hjálp Evrópudómstólsins var það tryggt enn frekar að „kvótahopp“ gæti ekki átt sér stað.

Í bók Úlfars segir orðrétt: „Það var mat norskra stjórnvalda að öll helstu markmið þeirra varðandi sjávarútveg hefðu náð fram að ganga og væru staðfest í aðildarsamningnum; í honum hefðu núverandi fiskveiðiréttindi Norðmanna verið fest í sessi og áframhaldandi yfirráð þeirra yfir fiskimiðunum tryggð ... Því var talið að sjávarútvegshagsmunum Norðmanna innan Evrópusambandsins væri borgið til framtíðar.“

Og síðar segir: „Með öðrum orðum var hlustað á Norðmenn og þeir höfðu tækifæri til þess að hafa veruleg áhrif á Evrópusambandið í þeim málaflokkum þar sem þeir höfðu sérfræðiþekkingu og sérstakra hagsmuna að gæta. Ástæðan er einföld: Norðmenn komu með góð rök og gátu sýnt fram á sérstöðu sína til að mynda í sjávarútvegi og landbúnaði. Þannig virkar Evrópusambandið; stærð og styrkur er ekki það eina sem skiptir máli – það er alltaf vilji til að finna málamiðlanir og það er ekki gengið þvert á hagsmuni smærri ríkja ... – enda er Evrópusambandið sjálfviljugt samstarf lýðræðisríkja.“

Án nokkurs vafa á þetta líka við um Ísland og verður að teljast afar ólíklegt að ESB muni ganga gegn hagsmunum Íslands í þessum málaflokkum, enda ekki hagsmunir ESB að gera það!

> Þannig virkar Evrópusambandið; stærð og styrkur er ekki það eina sem skiptir máli – það er alltaf vilji til að finna málamiðlanir og það er ekki gengið þvert á hagsmuni smærri ríkja ...

Þetta sannar því að ESB mun t.d. ekki gleypa hér allt við Íslandsstrendur, eins og andstæðingar aðildar halda margir fram. Landhelgin mun heldur ekki fyllast af erlendum togurum. Það er einfaldlega einfaldur hræðsluáróður.

Grunnhagsmunir Íslands eru í raun ekki flóknir: Að halda yfirráðum yfir fiskimiðunum og að okkar veiðireynsla ráði því að við höldum réttindum okkar til auðlindarinnar. Samkvæmt meirihlutaáliti Alþingis eru þetta markmið Íslands: „Forræði á stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu sem byggð er á ráðgjöf íslenskra vísindamanna; eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er, þegar málefni lýtur að íslenskum hagsmunum; haldið verði í möguleika á að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi í samvinnu við samningahóp II um EES mál sem fjallar um frjálsa fjármagnsflutninga og fjárfestingar; skýr aðkoma Íslendinga verði að mótun sjávarútvegsstefnu ESB og framlag sjávarútvegsins til efnahagslífsins haldist óbreytt.“

Þetta eru skýr og góð markmið. Reynsla Norðmanna sýnir að Íslendingum ætti að ganga vel að ná samningum við ESB, að sambandið er sveigjanlegt og tekur tillit til mikilvægra grundvallarhagsmuna landa.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Snorradóttir**
frá Dagverðartungu,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. október kl. 13.30.

**Gylfi Pálsson** | **Rósa María Björnsdóttir**
**Ragna Pálsdóttir** | **Ævar Ragnarsson**
**Gísli A. Pálsson** | **Stefanía Þorsteinsdóttir**
**Snjólaug Pálsdóttir** | **Þorsteinn Sigurðsson**
**Snorri Þ. Pálsson**
**ömmu- og langömmubörn**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnvör Björnsdóttir**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 2. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 8. október kl. 14.

**Björn Sigurðsson** | **Susanna Modin**
**Guðmundur Sigurðsson** | **Jónína Björg Magnúsdóttir**
**Kristinn Hallur Sveinsson** | **Margrét Rós Jósefsdóttir**
**Rósa Guðrún Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Eygló Eyjólfsdóttir**
fyrrverandi skólameistari,
Prestastíg 9, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. október kl. 13.00.

**Steinarr Höskuldsson**
**Höskuldur Steinarsson** | **Helga Ívarsdóttir**
**Gunnhildur Steinarsdóttir** | **Fanney Stefánsdóttir**
**Steinarr Hrafn Höskuldsson**
**Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir**
**Hróbjartur Höskuldsson**
**Guðlaug Sóley Höskuldsdóttir**
**Guðmundur Þorsteinsson**
**Eygló Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Ólafía Þorsteinsdóttir**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Halldór Margeir Ingólfsson,**
Unufelli 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 7. október kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elísabeth Esther Lunt.**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun
Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

†



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Geir Austmann Björnsson**
rafvirkjameistari og kaupmaður,

fæddur á Strjúgstöðum í Húnavatnssýslu 20. febrúar 1920, lést í Reykjavík 1. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 15. október kl. 15.

**Arnheiður Lilja Guðmundsdóttir**
**Guðrún Erla, Steinunn Jóna, Geir Arnar og Sigurjón**
**Guðbjörn Geirsbörn,**
**tengdabörn, afabörn og langafabarn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fríða Freymóðsdóttir**
Andrésbrunni 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 1. október. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Ásdís K. Molvik**
**Erla Helgadóttir** | **Tómas Guðmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



*Hjartkær vinur minn og bróðir okkar,*

**Hörður Haraldsson**
fyrrverandi kennari í Bifröst,

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 5. október.

**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Eiríkur Haraldsson**
**Pétur Haraldsson**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, afa og langafa,*

**Jóhanns Ágústssonar**
Kópavogstúni 8, Kópavogi.

**Svala Magnúsdóttir**
**Magnús V. Jóhannsson** | **Bjarnveig Ingvarsdóttir**
**Guðmundur Örn Jóhannsson** | **Íris Gunnarsdóttir**
**Sólveig Fríða Jóhannsdóttir** | **Ingimar Bjarnason**
**barnabörn og barnabörn**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Pétursdóttir**
frá Hjalteyri,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. september. Jarðarför verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. október kl. 13.00.

**Pétur J. Eiríksson** | **Erla Sveinsdóttir**
**Sigrún Ástríður Eiríksdóttir**
**Þórólfur Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





**MENNINGARVERÐMÆTI** Garðar Cortes hvatti Eið til að gefa efnið út.

## SVANASÖNGUR OG ÁSTIR SKÁLDS: GEFIN ÚT Á ÍSLENSKU Í FYRSTA SINN

# Tónlistarperlur útgefnar á íslensku

Ljóðaflokkarnir Svanasöngur eftir Franz Schubert og Ástir skálds eftir Robert Schumann komu út í fyrsta skipti á íslensku á dögunum. Þeir eru í flutningi söngvarans Eiðs Ágústs Gunnarssonar sem á veg og vanda að útgáfunni.

„Ljóðaflokkarnir, sem koma út á tveimur hljómdiskum og er dreift af 12 Tónum, voru hljóðritaðir á árunum 1983 og 1984 hjá Ríkisútvarpinu. Þeir voru fluttir einu sinni en fóru eftir það upp í hillu,“ segir Eiður. „Það var svo í fyrravetur að ég fékk þá hugmynd að gaman væri að eignast eitthvað af þeim lögum sem ég hef sungið fyrir útvarp í gegnum tíðina og varð úr að ég keypti öll þau lög sem til voru,“ bætir hann við. Eiður ákvað að biðja Garðar Cortes, skólastjóra Söngskólans í Reykjavík, að leggja mat á það hvort það væri þess virði að gefa ljóðaflokkana út. „Hann var svo elskulegur að gefa sér tíma til að hlusta og þegar ég hitti hann næst náði ég varla að heilsa. Hann sagði þetta vera menningarverðmæti sem ég yrði að gefa út og það strax og líkti þessu jafnvel við demant ef ég man það rétt. Ég bara gegndi því en ef ég hefði ekki fengið þessa miklu hvatningu hefði ég líklega ekki látið af því verða,“ segir Eiður.

Í kjölfarið keypti hann útgáfuréttinn af RÚV. Að hans mati er það mikill fengur að efnið í heild sinni skuli nú vera aðgengilegt á íslensku enda hefur það lengi verið talið eitt ástsælasta efni tónlistarunnenda. Ljóðaflokkarnir eru í íslenskri þýðingu Daníels Á. Daníelssonar, fyrrverandi héraðsdýralæknis á Dalvík. „Hann sendi þýðinguna á sínum tíma til Ólafs Vignis Albertssonar píanóleikara sem hafði samband við mig til Þýskalands, þar sem ég starfaði við óperuna í Aachen, og bað mig um að annast flutninginn.

Eiður segir ekki ólíklegt að hann komi til með að gefa út meira af því efni sem hann keypti af RÚV. „Það veltur þó á því að þessir diskar fái þokkalegar mótttökur enda ekki ókeypis að gefa þá út upp á eigin spýtur. Ég á hins vegar í það minnsta efni í fimm til sex diska til viðbótar. Þá veit ég til þess að útvarpið átti meira efni en það hefur ekki fundist og er líklega týnt.“ Eiður segir að mestu um að ræða íslensk lög. „Ég gæti örugglega gefið út heila plötu með lögum Sigvalda Kaldalóns en auk þess er þarna eitthvað um lög á ítölsku og þýsku.“

**vera@frettabladid.is**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Magnea Rósbjörg Pétursdóttir**
Álfhólsvegi 85, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 21. september sl. á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför hennar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

**Ástbjartur Sæmundsson**
**Pétur Ástbjartsson** | **Hrafnhildur Hjartardóttir**
**Ástríður Sæunn Ástbjartsdóttir** | **Jón Þór Hallsson**
**Bjarni Valur Ástbjartsson** | **Nongnart Lue-U-Kosakul**
**Gylfi Ástbjartsson** | **Hafdís Helga Ólafsdóttir**
**Hjalti Ástbjartsson** | **Bryndís Emilsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Vertu velkomin í Bónus

# Enn betra verð



759 KR.kg

## KS HÁLFUR LAMBASKROKKUR FROSINN *SLÁTRUN 2010*

MEST SELDU PRÓTEINDRYKKIRNIR Í VERSLUNUM BÓNUS




157 KR.250ml

HÁMARK PRÓTEINDRYKKIR 250ml
*VANILLU - JARÐARBERJA - SÚKKULAÐI*




989 KR.kg

NÝ FERSK LÍNUÝSA
ROÐ OG BEINLAUS / *FISKBÚÐIN OKKAR*




359 KR. 1 kg

SOLLU LÍFRÆNT SPELTHVEITI 1 KG.
*GRÓFMALAÐ HVEITI- FÍNMALAÐ HVEITI*




298 KR.500g

LÍFRÆNAR GULRÆTUR
FRÁ AKURSELI 500g POKI



98 KR. 1 kg

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
GULLAUGA OG RAUÐAR Í LAUSU




898 KR. 1 kg

NF FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG.
NÚ ENN BETRA VERÐ 898 KR. POKINN



198 KR.Kg

269 KR.Kg

KS FROSIN LAMBALIFUR & LAMBAHJÖRTU
*HAUSTSLÁTRUN 2010*



698 KR.kg

KS ÚTVATNAÐIR SALTFISKBITAR
*STYRTLUSTYKKI*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** úr hófi, **8.** dýrahljóð, **9.** eldsneyti, **11.** hljóta, **12.** barn, **14.** yndis, **16.** skóli, **17.** gljúfur, **18.** í viðbót, **20.** sjó, **21.** snjóföl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** í röð, **4.** strits, **5.** af, **7.** skítugur, **10.** léreft, **13.** tækifæri, **15.** vond, **16.** starfsgrein, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** stef, **6.** of, **8.** urr, **9.** kol, **11.** fá, **12.** krili, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** gil, **18.** auk, **20.** sæ, **21.** gráð.
**LÓÐRÉTT:** **1.** rokk, **3.** tu, **4.** erfiðis, **5.** frá, **7.** forugur, **10.** lín, **13.** lag, **15.** slæm, **16.** fag, **19.** ká.


Verkalýðsfélagið Hlíf

**Félagsfundur**

Fundur verður haldin fyrir starfsmenn sem starfa eftir kjarasamningi Flóabanndalagsins við Samtök atvinnulífsins á almennum vinnumarkaði.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 6. október 2010, kl 17:30 í félagsheimili Hlífar, að Reykjarvíkurvegi 64, Hafnarfirði.

**Dagskrá:**
1. Kjaramál
2. Kosning í samningarnefnd.
3. Önnur mál.

Stjórn Vlf. Hlífar

SKOÐUNAR-MYNDAVÉL

N1



16108803AL
Þráðlaus 9mm myndavél með barka og 3,5" LCD skjá
Tilboðsverð
39.900 kr.

N1 VERSLANIR WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni



Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


# Gull í kóngssorpinu

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Heimsins kóngalýður er, í mínum huga, þjóðum sínum yfirleitt til ósóma frekar en hitt. Ég finn til með fjámálaráðherrum þessara þjóða, nú á niðurskurðartímum, að geta ekki skorið þennan tilvalda útgjaldalið af rétt eins og botnlangatotu af sjúklingi með botnlangabólgu.

**ÞÓ** ég hafi ekki áhuga á þessum lýð hef ég ekki komist hjá því að sjá uppskrúfaðar samkundur hans. Þá finn ég svo til við að sjá svo stóran hóp af veruleikafirrtu fólki að ég reyni að sannfæra mig um að þarna eigi sér stað grímuball sem stofnað hafi verið til af gamansemi.

**ÞÓ** kemst ég ekki heldur hjá því að bera vott af lotningu fyrir tveimur persónum úr þessum ankannalega hópi.

**FYRSTAN** skal þar nefna Jóhann Karl Spánarkonung. Ástæðurnar fyrir lotningunni eru tvær. Í fyrsta lagi má segja að hann hafi unnið fyrir því að vera einhvers konar þjóðarleiðtogi. Í örðu lagi virðist vera lífsmark með karli og sker hann sig þannig úr í þessu þurrprumpuliði.

**JÓHANNI** Karli fórst það nefnilega vel úr hendi að koma á lýðræði hér á Spáni eftir valdatíma Francos en best stóð hann sig þegar herinn gerði valdaránstilraun árið 1981. Þá komu vopnaðir byssubrandar inn í þingið í miðri atkvæðagreiðslu sem sjónvarpað var um allt land. Sögðu þeir undir dynjandi byssuhvelli að nú væri herinn búinn að taka völdin. Kóngur ávarpaði þá þjóð sína og bað hana ekki örvænta, engin stjórn tæki við fyrr en kóngur kvittaði upp á slíkt og það stæði ekki til. Valdaræningarnir treystu sér ekki til að koma kóngi fyrir kattarnef né áttu þeir mótleik við neitun hans.

**EKKI** heyri ég oft talað um Jóhann Karl hér í hversdagslegu spjalli. En þó hef ég heyrt þær getgátur að valdaránstilraunin hafi verið spuni úr smiðju hans, til þess ætluð að koma þeim skilaboðum á framfæri að Spáni yrði ekki hnikað frá lýðræðisátt. Reynist þetta satt má margfalda þessa lotningu mína með tveimur.

**EINS** er sagt að kóngsi eigi það til að stinga varðsveit sína af, dressa sig upp í leður og fara um óáreittur á mótorfák sínum um spænskar sveitir. Það rennur sem sagt í honum bláa blóðið.

**HIN** undantekningin er Mary krónprinsessa Dana en um þá lotningu mína verður ekki fjölyrt hér.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**BROSMILDUR** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðsins, var kátur á æfingu liðsins á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Það verður enginn fúll

**Íslenska U-21 landsliðið mætir á morgun Skotlandi í fyrri leik liðanna í umspili um sæti í úrslitakeppni EM 2011 í Danmörku. Liðið er skipað gríðarlega sterkum leikmönnum enda fékk liðið forgang á leikmenn á undan A-landsliðinu.**

**FÓTBOLTI** Landslið Íslands og Skotlands, skipuð leikmönnum 21 árs og yngri, mætast á Laugardalsvelli á morgun. Liðin eigast við í tveimur leikjum í umspili um hvort liðið komist í úrslitakeppni Evrópumeistarmótsins í Danmörku næsta sumar en síðari leikurinn fer fram í Skotlandi á mánudaginn.

Eins og ítrekað hefur verið fjallað um fékk Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðsins, að velja alla þá leikmenn sem höfðu aldur til að spila með liðinu í þessu verkefni. Sjö þeirra sem hann valdi voru valdir í A-landsliðið sem mætti Noregi og Danmörku í síðasta mánuði. A-liðið mætir Portúgal á þriðjudaginn næstkomandi og verður því án sjömenninganna í því verkefni.

Það var stjórn KSÍ sem ákvað þetta fyrirkomulag og hefur ákvörðunin verið umdeild.

„Þessir strákar fá nú tækifæri til að komast í lokakeppni stórmóts, sem er draumur allra knattspyrnumanna,“ sagði Eyjólfur, spurður hvernig málið horfði við honum. „Ef maður hefði sjálfur haft tækifæri á því á ferlinum hefði það verið stórkostlegt,“ bætti hann við.

Eyjólfur segir að sú reynsla sem hljótist af því að spila á stórmóti trompi margt annað. „Vafalaust. Við sáum hversu margir leikmenn U-21 landsliðs Þýskalands komu upp í A-landsliðið og slógu í gegn á HM í sumar. Þeir eru nú komnir til Real Madrid og annarra stórliða.“

Eyjólfur á ný fyrir höndum erfitt val á byrjunarliði Íslands en í hópnum eru 22 leikmenn sem allir hafa spilað með U-21 liðinu í undankeppninni til þessa.

„Það er enginn með öruggt sæti í liðinu og það verður enginn fúll,“ sagði Eyjólfur spurður hvort hann ætti von á því að valið yrði erfitt. „Ég stilli einfaldlega upp besta liðinu sem ég á hverju sinni. Þá er líka gott að eiga menn sem geta komið inn á og breytt leiknum.“

Aron Einar Gunnarsson spilaði einn leik með U-21 landsliðinu í riðlakeppninni þar sem hann var annars alltaf með A-landsliðinu sem hann hefur spilað með 20 sinnum undanfarin þrjú ár. Hann segir það vissulega skrýtið að vera með U-21 landsliðinu nú.

„Jú, það er skrýtið. Það er vissulega ákveðin reynsla fólgin í því að fá að spila á móti Cristiano Ronaldo og hinum köllunum í Portúgal en miðað við það sem er í húfi í leikjunum gegn Skotlandi er mér í raun alveg sama,“ sagði Aron. „Það væri mikil reynsla fyrir okkur að komast á stórmót. Þá reynslu gætum við tekið með okkur upp í A-landsliðið.“

Hann segir alla í liðinu tilbúna fyrir verkefnið. „Ég er til í þetta og líka strákarnir sem hafa verið að spila með A-liðinu að undanförnu. Þeir eru klárir.“

Sem fyrr segir hefur Aron lítið spilað með U-21 landsliðinu í núverandi undankeppni en hann segir að það ekki koma að sök.

„Ég hef spilað með einhverjum í U-17 og U-19 landsliðunum. Ég þekki alla þessa stráka og á ekki von á að það verði vandamál að spila með þeim.“

eirikur@frettabladid.is






## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| EAT PRAY LOVE LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10.45 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| R | kl. 6 - 8 | 16 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 10 | 12 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.25 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 5.30 | L |

facebook.com/smarabio

## NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| AULINN ÉG | 5 | L |
| WALL STREET | 7 og 10 | L |
| EXPENDABLES | 8 | 16 |
| RESIDENT EVIL 3D | 10 | 16 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| SOLOMON KANE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:30 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:30 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 4 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:10 | L |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:10 | L |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á
HOPAR@SAMBIO.IS


# Fögnuðu Fítonblaði

**Hið árlega Fítonblað kom út fyrir helgi. Af því tilefni gerði markaðsfólk sér glaðan dag og skálaði í nokkrum svellköldum.**



**UMKRINGDUR KONUM** Bryndís Sigurðardóttir, Magnús Salberg og Elsa Ágústsdóttir ljómuðu hreinlega af gleði.



**MÆTTAR Á SVÆÐIÐ** Hildur, Ásdís og Marta voru hressar í partíinu og leyfðu ljósmyndara að sjálfsögðu að smella af sér mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BAGGALÚTUR** Helga Valgeirsdóttir og hinn síkáti Bragi Valdimar Skúlason létu sig ekki vanta.



**FLETTU BLAÐINU** Örn Úlfar Sævarsson og Gunnlaugur ráku nefið ofan í nýja blaðið, enda fróðleiksþyrstir með eindæmum.



**HRESSIR SNÁÐAR** Lee, Sigurður Valur og Gústi létu ekki segja sér tvisvar að mæta í partí.


BÍÓ ★ PARADÍS



| | |
|---|---|
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) | 17:00, 19:00, 21:00 |
| LENNON UNGI (NOWHERE BOY) | 17:10, 19:10, 21:10 |
| *BLESS LENIN (GOODBYE LENIN) | 17:20, 21:50 |
| *LÍF ANNARRA (DAS LEBEN DER ANDEREN) | 19:20 |
| *BACKYARD | 17:30, 19:30, 21:30 |



* ENGLISH SUBTITLES / * Í SAMVINNU VIÐ GOETHE INSTITUT OG ÞÝSK/ÍSLENSKA VERSLUNARRÁÐIÐ

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



# Stórviðburður

*Eitt vinsælasta, virtasta og áhrifamesta bókmenntaverk allra tíma í nýrri heildarútgáfu*

## GLEÐILEIKURINN GUÐDÓMLEGI

*Inferno – Purgatorio – Paradiso*

***„Miðja vega á vorri ævigötu rankaði ég við mér í dimmum skógi, því ég hafði villst af veginum sem liggur beint.“***






***Gleðileikurinn guðdómlegi*** eftir ítalska skáldið Dante Alighieri kemur nú í fyrsta sinn út í heild á íslensku í meistaralegri lausamálsþýðingu Erlings E. Halldórssonar.

Í kvæðinu segir Dante frá ferð sinni um handanheima, víti, hreinsunareld og paradís. Hann lýsir í auðugu máli og af djúpri samúð örlögum ótal manna sem hann hittir á leið sinni og fléttar listilega saman forna tíma og samtíma sinn.



***Bókin, sem er rúmlega 500 síður, er skreytt glæsilegum myndum eftir Gustave Doré.***



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

## > Charlie Sheen



„Ég vil ekki lifa eins og ég gerði eitt sinn. Á einhverjum tímapunkti þarf ég líka að þagga niður í mér hvað varðar röfl um fortíðina. Ég verð að loka dyrunum og sinna nútíðinni og framtíðinni.“

***Charlie Sheen leikur annan Harper-bræðranna í gamanþáttunum Two and a Half Men sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 19.20 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR **HEFUR GAMAN AF FÁRÁNLEIKA**

## *Skemmtilegar mótsagnir*

Sérstakur uppáhaldsþáttur hjá mér er Daily Show með Jon Stewart. Þá hef ég séð iðulega á dönsku sjónvarpsstöðinni DR2 og góðu heilli eru þeir líka sýndir á Stöð tvö, sem tvöfaldar líkur á því að ég fái hæfilegan vikuskammt. Jon og starfsfólk hans eru snillingar þegar kemur að því að benda á fáránleika ummæla stjórnmálamanna sem í Bandaríkjunum, eins og víðar, reyna oft að slá sig til riddara með því að gagnrýna andstæðingana. Það þarf iðulega ekki annað en að grafa aðeins í fortíðinni til þess að sýna fram á að stjórnmálamennirnir eru í mótsögn við sjálfa sig. Hafa haldið sama málstað á lofti í stjórn og þeir gagnrýna í stjórnarandstöðu. Sá til dæmis snilldarklipp hjá honum fyrir nokkru þegar repúblikanar voru að tapa sér í gagnrýni á stefnu Baracks Obama Bandaríkjaforseta og demótkrata. Í ljós kom að George Bush hafði sagt nákvæmlega hið sama (að Bandaríkjamenn ættu að leita nýrra leiða í orkumálum til að verða ekki jafn háðir Mið-Austurlöndum með olíu) og reyndar allir Bandaríkjaforsetar aftur að Nixon.



Efniviður í svipaðan þátt er vitaskuld nægur hér á landi – sérstaklega um þessar mundir. Stjórnmálamenn og álitsgjafar ýmiss konar virðast alveg hringsnúast eftir því hversu nálægt völdunum þeir sitja. Frásagnir af mótmælunum á Austurvelli í fyrradag báru því vitni.

Þó að snjallir bloggarar en þó enn frekar fyndnir Facebook-vinir séu góðir í að benda á þennan hallærisgang hefði ég gaman af því að fá þátt í sjónvarp sem tæki þetta hlutverk að sér. Það er bara svo góð skemmtun að horfa á stjórnmálamenn og besserwissera segja eitt í dag og annað á morgun.

Betri skemmtun en að horfa á sama fólkið keppa í spurningakeppni landshorna ár eftir ár, og betri skemmtun en hreppagrobb í hringekju svo dæmi séu tekin.

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Gunnar Dal** Viðtal við Gunnar Dal, heimspeking og skáld.
**16.50 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (7:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (2:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (2:42)
**18.31 Gló magnaða** (2:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**



**20.20 Ljóta Betty** (79:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Maður á streng** (Man on Wire) Heimildamynd um djarfan línudans Philippes Petits milli Tvíburaturnanna í New York árið 1974.
**23.55 Landinn** Frétta og þjóðlífsþáttur. (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (6:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (17:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (6:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (16:23)
**14.40 ER** (19:22)
**15.30 iCarly** (7:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (20:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (22:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (20:20)



**20.10 Pretty Little Liars** (6:22) Dramatískir spennuþættir.
**20.55 Grey's Anatomy** (2:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**21.45 Medium** (3:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar.
**22.30 Nip/Tuck** (2:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt líf lýtalækna.
**23.15 Sex and the City** (1:18)
**23.45 NCIS: Los Angeles** (7:24)
**00.30 The Closer** (13:15)
**01.15 The Forgotten** (11:17)
**02.00 X-Files** (19:24)
**02.45 Grey's Anatomy** (17:17)
**03.30 ER** (19:22)
**04.15 Sjáðu**
**04.45 See No Evil** Hrollvekja.
**06.10 Two and a Half Men** (22:24)

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
**18.30 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.
**19.10 Herminator Invitational**
**20.00 Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**21.45 Kobe - Doin' Work** Í þessari mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant. 30 myndavélar fylgdu Kobe eftir í þennan eina dag en myndin er eftir sjálfan Spike Lee.



**23.15 Upphitun** Hitað upp fyrir Iceland Express deildina í körfubolta sem verður á dagskrá Stöðvar 2 Sport í vetur.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 West Ham - Fulham** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Birmingham - Everton** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends - Müller** Næstur í röðinni af bestu knattspyrnumönnum samtímans er enginn annar en Gerd Müller.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**22.55 Wigan - Wolves** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 The Marriage Ref** (4:12) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (8:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu.
**19.45 Accidentally on Purpose** (6:18) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (3:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.



**20.50 Parenthood** (1:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk..
**21.45 America's Next Top Model** (1:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er 15. þáttaröðin af America's Next Top Model.
**22.35 Secret Diary of a Call Girl** (1:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.
**23.05 Jay Leno**
**23.50 CSI: Miami** (1:24) (e)
**00.40 CSI: New York** (14:25) (e)
**01.25 Premier League Poker II** (9:15) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour Yearbooks** (1:10) (e)
**19.45 LPGA Highlights** (1:10) Vikulegur þáttur með öllu því besta í kvennagolfinu.
**21.05 European Tour - Highlights 2010** (1:10) (e)
**22.00 Golfing World (e)**
**22.50 The Open Championship Official Film 2010**
**23.45 Golfing World** (e)
**00.35 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 Iceland Airwaves** Nýr íslenskur þáttur um Iceland Airwaves tónlistarhátíðina þar sem sagt er á hraðan og hressilegan hátt frá þessari stórmerkilegu hátíð sem hefur skipað sér í röð eftirtektarverðustu tónlistarhátíða heims.
**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Falcon Crest II** (17:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cougar Town** (17:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courteney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.
**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**23.00 The Shield** (5:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn.
**00.15 Iceland Airwaves**
**00.50 The Doctors**
**01.30 Falcon Crest II** (17:22)
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.30 Helgarpakkinn með Rúnari Eff** Norðlenskir viðburðir helgarinnar.

## INN

**20.00 Björn Bjarna** Eiður Guðnason fyrrum ráðherra og sendiherra.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla- og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Klakveiðar í Breiðdalsá.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55
**Grey's Anatomy**

Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðdeild á Grace-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Gyðjurnar Þalía og Melpómena
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Stormur
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sagnaskáld af Suðurlandi
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Flakk
**00.05** Næturtónar

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun







**FÉSBÓKIN**



*„Er að bilast yfir því að fá að vera með Madonnu-mæk á Sirkus Sóley-sýningunni á Akureyri.“*

Margrét Erla Maack um sýningar Sirkus Sóley sem hefjast í menningarhúsinu Hofi á Akureyri í lok október.

# Hundrað skráðir á milljónapókermót

„Það á eftir að bætast hellingur við. Við búumst við að þetta verði 200 manna mót og það er allt útlit fyrir að það gangi upp,“ segir Valur Heiðar Sævarsson, formaður mótanefndar Pókersambands Íslands.

Yfir eitt hundrað keppendur eru skráðir til leiks á Íslandsmótið í póker sem fer fram á Hótel Örk í Hveragerði dagana 15. til 17. október. 60.000 krónur kostar að skrá sig á mótið, en einnig er hægt að komast inn með því að vinna smærri mót víða um land og á vefsíðu Betsson. Heildarvinningsfé er því komið yfir sex milljónir. Valur og félagar búast við um 200 keppendum og ef það rætist fer vinningsfé yfir tíu milljónir króna.

„Á síðasta Íslandsmóti fjölgaði skráningum mikið þegar tíu dagar voru í mót. Þá gerðist alveg svakalega mikið. Það var mikið af liði sem hafði verið að draga þetta – maður er að festa 60.000 kall þannig að fólk bíður með það,“ segir Valur.

Valur segist hafa heyrt gagnrýni á þátttökugjald mótsins, sem er 20.000 krónum hærra en á síðasta Íslandsmóti. „Mönnum finnst þetta hátt, en þetta er mjög lágt miðað við sambærileg mót úti um allan heim,“ segir Valur og bendir á að hægt sé að vinna sig inn á netinu fyrir afar lágar upphæðir. Hann segir pókerheiminn taka vel í mótið, sem stefnir í að vera það stærsta sem haldið hefur verið hér á landi. „Maður er að heyra að menn séu orðnir gríðarlega spennt-ir.“

- afb



**MILLJÓNAMÓT** Valur Heiðar, mótsstjóri Pókersambandsins, segir Íslandsmótið stefna í að verða það stærsta sem haldið hefur verið hér á landi.




ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON: SUMIR MUNU KANNAST VIÐ SIG Í BÓKINNI

# Gefur út spennusögu um sjúkan heim útrásarvíkinga

„Þeir sem hafa lesið bókina segjast þekkja hluti úr fari ákveðinna manna í ákveðnum persónum. Ég get svo sem ekki neitað því að þeir sem hafa verið í framlínu sveitar svokallaðra útrásarvíkinga gætu kannast við sig í þessari bók,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson fréttastjóri.

Fyrsta bók Óskars kemur út í lok október á vegum Forlagsins, spennusaga sem hlotið hefur nafnið Martröð millanna. Óskar segir það ekki hafa verið sérstakt metnaðarmál að persónurnar væru byggðar á þjóðþekktum fyrirmyndum, en bætir við að efniviðurinn hafi verið fyrir framan hann og persónurnar dragi dám af því.

„Þetta er bók um athafnir og örlög nokkurra útrásarvíkinga. Einn þeirra er myrtur og inn í söguna fléttast lesblindur útrásarvíkingur, siðblindur bankamaður, belgískir demantakaupmenn, rússneska mafían, súlustaðakóngur sem stígur ekki í vitið og seinheppinn leigumorðingi frá Litháen,“ segir Óskar þegar hann er beðinn að lýsa bók sinni. Óskar hefur starfað sem blaðamaður í um áratug og hefur oft vakið athygli fyrir störf sín. Hann hætti sem fréttastjóri Stöðvar 2 síðasta vor og sneri sér þá að skrifum. „Ég var búinn að ganga með þetta í maganum lengi, sagan hafði að einhverju leyti mótast í hausnum í langan tíma. Eftir að ég hætti á Stöð 2 hafði ég allt í einu fullt af tíma sem ég hafði ekki áður og byrjaði að skrifa. Laufey konan mín hjálpaði mér mikið og barði mig áfram. Án hennar hefði þessi bók aldrei komið út.“

Óskar hefur í gegnum tíðina fjallað talsvert um íslenskt viðskiptalíf og útrásarvíkinga. Honum þótti því liggja beint við að nýta sér þá þekkingu sem hann býr yfir við bókarskrifin. „Þetta er það svið sem ég hef sinnt mest og fylgst hvað best með. Í bókinni er reynt að varpa ljósi á yfirgengilegan lífsstíl, óhóf og munað. Þetta er heimur sem fólk hefur fengið að gægjast inn í en þegar kafað er aðeins dýpra held ég að öllum verði ljóst að í þessum heimi er fólginn ákveðinn sjúkleiki.“

Aðspurður segir Óskar að hann væri alveg til í að skrifa fleiri bækur, hann sé þegar með tvær aðrar sögur í kollinum. „En maður verður að hlusta á fólkið. Ef það skapast áhugi hjá fólki þá koma ábyggilega fleiri bækur, ef það þarf að brenna óselt upplagið þá pirra ég íslenska bókaunnendur líklega ekki meira,“ segir rithöfundurinn, sem tekur sjálfan sig ekki mjög hátíðlega: „Ég lít ekki á þessa bók sem epískt stórvirki. Stefnan var að búa til bók sem fólk gæti skemmt sér yfir og ég vona að það hafi tekist.“

hdm@frettabladid.is



**SKRIFAR UM ÚTRÁSARVÍKINGA** Fyrsta bók Óskars Hrafns Þorvaldssonar, Martröð millanna, kemur út í lok mánaðarins. Höfundurinn segir að einhverjar persónur í bókinni séu byggðar á kynnum hans af útrásarvíkingum og fjölmiðlafólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hönnuður sakaður um vopnaburð

Aðalmeðferð í máli Ríkislögreglustjóra gegn ástralska hönnuðinum Sruli Recht fór fram í sal 202 í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sruli er gefið að sök að hafa haft undir höndum vopn sem hann hafi ekki haft leyfi fyrir en um er að ræða regnhlífar með hnúajárni fyrir handfang. Leikhús fáranleikans, segir lögmaður Sruli, Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson.

Að sögn Sruli voru hnúajárnin sérframleidd í Kína. Þegar hann hugðist vitja þeirra var hann stoppaður af tollinum og tilkynnt að hann þyrfti sérstakt leyfi fyrir framleiðslunni. „Þannig að ég varð mér úti um slíkt og fékk hnúajárnin.“ Vilhjálmur Hans bætir því við að Sruli hafi skrifað bréfið til Ríkislögreglustjóra á ensku en fengið svar á íslensku. „Og hann skilur ekki íslensku nema að takmörkuðu leyti,“ segir Vilhjálmur. Þegar regnhlífarnar voru hins vegar komnar upp mættu lögreglumenn á staðinn og gerðu þau upptæk, þar sem leyfi Sruli hljómaði bara upp á eitt hnúajárn, ekki fjögur. „Lögreglan sagði að þetta væri mér að kenna, ég hefði átt að lesa leyfisbréfið betur.“

Vilhjálmur segir hnúajárnin margfalt léttari en venjuleg hnúajárn, þeim fylgi því engin högg-þyngd. „Það fylgir þeim því minni hætta en stafar af venjulegum hamri. Svo eru líka til verk þar sem hnúajárn eru notuð, svo sem blómapottar, kaffibollar og svona mætti lengi telja,“ segir Vilhjálmur.

- fgg



**Í DÓMSSALNUM** Sruli Recht er gefið að sök að hafa flutt inn ólögleg vopn en um er að ræða regnhlífar með hnúajárni í stað handfangs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# DOMTI®

Nordica

## Opnar sína fyrstu lágvöruverslun að Smáratorgi 1

## 20.000 vörunúmer



Lægsta verð 290 · meira en 20.000 vörutegundir

Gott verð 390 · meira en 20.000 vörutegundir

Gott verð 690 · meira en 20.000 vörutegundir

Hæsta verð 990 · meira en 20.000 vörutegundir

| | |
|---|---|
| Snyrtivörur | Hárvörur |
| Hreinlætisvörur | Nærfatnaður |
| Skófatnaður | Ilmvötn |
| Ritföng | Kerti |
| Leikföng | Partývörur |
| Plastvörur | Gjafavörur |
| Pappír | Verkfæri |
| Heimilið | Bílavörur |
| Gæludýravörur | Verkfæri |
| Silkiblóm | Einnota vörur |
| Glervörur | Rekstrarvörur |
| Myndarammar | Vetrarfatnaður |
| Búsáhöld | Garn |
| Baðvörur | Barnavörur |

Sími: 510 4000 www.domti.is

Með hugsjón snúum við bökum saman.

...þín innkaup á einstöku verði

-pamfill-


Halogenkastarar
**Frá kr. 895,-**
með skynjara
**Frá kr. 2.835,-**


Vírtalíur 100 - 800kg
**Frá kr. 22.485,-**


Skrúfstykki m/snúningi 125mm
**Kr. 5.995,-**


Úðabrúsar
**Frá kr. 2.695,-**


Hleðslutæki I-7012 6 & 12V
**Kr. 12.995,-**
Fyrir mótorhjól
**Kr. 2.995,-**


Afdráttarklær 3 í setti
**Kr. 2.798,-**


Pökkunarlímband 50Met X 50mm
**Kr. 245,-**


Málningarlímband 19mm
**Kr. 205,-**
Málningarlímband 25mm
**Kr. 290,-**

**Myndlistarvörur í miklu úrvali**




Loftlykill m/toppum
**Kr. 11.995,-**


Laufsuga 2400W
**Kr. 10.995,-**


Höggborvél 500W
**Kr. 2.895,-**


2T Hjólatjakkur sett + búkkar + stopparar í tösku
**Kr. 9.995,-**


Slípirokkur 500W 115mm
**Kr. 2.995,-**


Loftpressa 1,5hp 24L 180L
**Kr. 26.995,-**


Háþrýstidælur
**Kr. 13.750,-**


Bílaþvottakústar
**Kr. 2.995,-**

# Verkfæralagerinn 16 ára

Mán. - fim. kl. 9 - 18 | fös. kl. 9 - 18:30
lau. kl. 10 - 17 | sun. kl. 13 - 17

Smáratorgi 1 | 201 Kópavogi
sími 588 6090 | vl@simnet.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
LÖGFRÓÐUR – LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Menntavegi 1 | 101 Reykjavík
Afgreiðslutími miðvikudaga frá kl. 17:00–20:00
Sími 777 8409
logfrodur@ru.is
http://logfrodur.hr.is/


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þriggja stjörnu sýning



Dómar um Faust, uppfærslu Vesturports og Borgarleikhússins, halda áfram að birtast í breskum blöðum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá fékk sýningin misjafnar undirtektir og gagnrýnandi Financial Times er á svipuðum slóðum. Hann gefur Faust þrjár stjörnur eins og flest dagblöð og skrifar að **Gísli Örn Garðarsson** hafi kannski ætlað að gefa þessu verki smá rafstuð en hann hafi ofreiknað kraftinn og ofsteikt verkið.

### Graut-johnsen



**Eiði Smára Guðjohnsen** hefur gengið illa að festa sig í sessi hjá Stoke. Og þjálfarinn Tony Pulis hefur haft á orði að Eiði gangi ekki nógu vel að koma sér í form. Eiður er þegar kominn með viðurnefni á Bretlandseyjum en það ku vera Pud-johnsen sem myndi útleggjast „Graut-johnsen". Eiður ætti þó að vera orðinn vanur slíkum uppnefnum, heil auglýsingaherferð hjá Sýn gekk nánast út á að hann mætti ekki enda sem feitabolla í KR og aðdáendur Börsunga kölluðu hann „kartöfluna" þegar hann var á mála hjá katalónska stórveldinu. **- fgg**

### Týndu fyrirtækin á netið



Í nýjasta tölublaði Frjálsrar verslunar er því slegið upp á forsíðu og ítrekað inni í blaði að **Eyþór Ívar Jónsson**, framkvæmdastjóri Klaks, birti lista yfir 140 áhugaverðustu sprotafyrirtæki landsins. Sama hvernig blaðinu er flett er þar þó ekki að finna nema 85 fyrirtæki. Eyþór vísaði í gær á Facebook-síðu sinni á fullan lista á netinu og kemur þá í ljós að út undan höfðu orðið þrjátíu fyrirtæki í upplýsingatæknigeira og tuttugu hönnunarfyrirtæki, auk sprotafyrirtækja á sviði tónlistar, leikhúss, og ferðaiðnaðar. Listinn er áhugaverður, en slóðin ef til vill dálítið óárennileg: https://spreadsheets.google.com/ccc?key=0ArcK8TETmlaNdDY2Q0FVb1NYLV9tdDRtLU9kU-ENfNFE&hl=en.

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Óli Björn Kárason fjarlægður af lögreglu
2. Óli Björn þakkar lögreglunni fyrir björgunina
3. Bíll Steingríms beyglaður og framrúðan brotin
4. Magnaðar myndir af mótmælunum
5. Lögðu glæsibílunum ólöglega en sluppu við sektir


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft…**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

